

**SKOÐUN** Mikilvægt er að engin afritunarvörn sé á rafbókum, skrifar Baldur Þór Emilsson. 26



**MENNING** Of Monsters and Men kemur sér fyrir í gömlu Fjölbraut í Garðabæ. 74



**SPORT** Helena Sverrisdóttir er ein af bestu þriggja stiga skyttunum í bestu körfuboltadeild í Evrópu. 70


568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**14. desember 2012**
294. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Innflutningsbann á jólatré?

Nýr átusveppur sem greinst hefur í Danmörku og Noregi gæti orðið til þess að innflutningur á normannsþin verði bannaður. Átan gæti ógnað hér allri garð- og skógrækt. Nefnd endurskoðar reglur um plöntuinnflutning.

**UMHVERFISMÁL** Skógfræðingar leggja til bann við innflutningi á jólatrjám vegna áður óþekkts átusvepps sem leggst á þin í Danmörku og Noregi. Innfluttur normannsþinur stendur hér undir allt að 80 prósentum af jólatrjáasölu.

„Með áframhaldandi innflutningi á þin til Íslands er það ekki spurning hvort heldur hvenær sjúkdómurinn skýtur upp kollinum í íslenskum þinskógum,“ segir í samantekt tveggja sérfræðinga Skógræktar ríkisins um málið, þeirra Brynjars Skúlasonar og Halldórs Sverrissonar. Brynjar er sérfróður um skógerfðafræði og erfðavistfræði og Halldór um plöntusjúkdóma og kynbætur trjáa.

Halldór segir átusveppinn af ættkvíslinni Neonectria en tegundin sé óviss. Gróhirslur sveppsins séu í klösum af rauðum vörtum sem sprengi sig út úr berkinum.

„En þetta er svo nýtilkomið og ekki mikið vitað enn þá,“ segir hann. Hins vegar hafi þinurinn hingað til verið talinn mjög heilbrigður og lítil hætta vegna sjúkdóma eða meindýra sem fylgt gætu jólatrjám. Þinur var því ekki á bannlista eins og aðrar ættkvíslir barrtrjáa í ræktun þegar reglugerð um inn- og útflutning á plöntum tók gildi árið 1990. „En það gæti breytt málinu ef þetta reynist eitthvað sem máli skiptir.“

Vísbendingar eru um að átusveppurinn leggist á fleiri tré, svo sem á rauðgreni. „Reynist svo vera þá er þetta mjög alvarlegt mál vegna þess að miklu meira er í húfi.“ Halldór bendir á að rauðgreni sé annað aðaljólatré landsins. „Hitt er stafafuran.“

Þá bendir Brynjar á að leggist sveppurinn á fleiri tré en þin geti það haft áhrif á alla garð- og skógrækt hér á landi.

Halldór og Brynjar eru sammála um að rétt væri að banna innflutning á normannsþin, í það minnsta tímabundið þar til í ljós kemur hversu mikil hætta stafar af átunni. „En því verður náttúrulega ekki komið á strax, til þess vitum við ekki enn nógu mikið. En hugsanlega gæti verið komið bann fyrir næstu jól, ef þetta reynist svona skæður sjúkdómur,“ segir Halldór og bendir á að nú standi yfir endurskoðun á reglugerðinni um innflutning plantna hjá nefnd í atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. - óká

**80%**
af seldum jólatrjám á Íslandi er innfluttur normannsþinur.





**JÓLASVEINNINN KOM AKANDI Á STRÆTÓ** Leikskólabörnin í Krikaskóla fengu í gær heimsókn frá jólasveini nokkrum, sem kom akandi á strætisvagni. Krakkarnir tóku vel á móti sveinka og létu í té jólateikningar sínar, því eins og undanfarin ár verða strætisvagnar höfuðborgarsvæðisins skreyttir innan sem utan með myndum frá leikskólabörnum. Fleiri leikskólar eiga því von á strætóheimsókn jólasveinsins næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sérstakur saksóknari:

## Ákært fyrir umboðssvik í Aurum-málinu

**DÓMSMÁL Embætti sérstaks saksóknara hefur ákært Jón Ásgeir Jóhannesson, Lárus Welding, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarna Jóhannesson í svokölluðu Aurum-Holding máli. Þeir Lárus og Magnús, eru ákærðir sem aðalmenn í umboðssvikum en Jón Ásgeir og Bjarni sem hlutdeildarmenn.**

**Málið snýst um sex milljarða króna lánveitingu sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. um mitt ár 2008 til að kaupa hlut í breska félaginu Aurum Holding.**

**Jón Ásgeir segir í yfirlýsingu sem send var Fréttablaðinu að hann telji að sakarefni sem á hann séu borin standist ekki skoðun. Hann var stjórnarformaður og aðaleigandi FL Group, stærsta eiganda Glitnis áður en bankinn féll. Hinir þrír sem ákærðir eru í málinu störfuðu allir hjá bankanum.**

- þsj / sjá síðu 18

Mörg hundruð tonn af síld synda upp í fjörur og drepast í Kolgrafafirði:

## Fjörur bunkaðar af dauðri síld

**UMHVERFISMÁL** Gríðarlegt magn af síld synti upp í fjöru í Kolgrafafirði í gær og drapst. Sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar (Hafró) telur víst að um hundruð tonna sé að ræða. Síldarflekkurinn er talinn ná yfir ferkílómetra svæði. Síldin ber engin ytri merki um sýkingu sem herjað hefur á íslensku sumargotssíldina.

Hlynur Pétursson, útibússtjóri Hafró á Ólafsvík, var við sýnatökur í Kolgrafafirði í gær. Hann varð vitni að því þegar síldin synti upp á land í þúsundavís. „Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt,“ segir Hlynur. Mælingar Hafró í fyrravetur sýndu að tæplega 300 þúsund tonn voru þá í firðinum. Mælingar frá því í byrjun þessarar viku benda eins til að mikið magn síldar sé í firðinum nú. - shá / sjá síðu 4




## LÍFIÐ



**Nýtt hlutverk**
Elma Lísa býr sig undir móðurhlutverkið. Þau Reynir, eiginmaður hennar, eiga von á barni í byrjun maí. 6-8

## FRÉTTIR

**Vendingar í Eir-málinu** Flestum ef ekki öllum fulltrúum Hjúkrunarheimilisins Eirar verður skipt út á fundi í dag. 8

**Smáríki í EES?** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur viðrað hugmyndir um að smáríkin San Marínó, Andorra og Mónakó fái aðild að EES. 10

**Bætur fyrir pyntingar** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt þýskum bílasala bætur fyrir ólögmæta handtöku og pyntingar af hálfu CIA. 12




24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | ANA | 7 |
| Akureyri | -4° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | -5° | | ANA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | ANA | 6 |
| Reykjavík | -1° | | ANA | 7 |

**Bjart** eða nokkuð bjart víðast hvar en lítilsháttar él allra austast. Strekkingur eða allhvasst með SA-ströndinni en annars hægari. Frost 0 til 8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Lífið | Fólk**





Hlæðu af þér hausinn um jólin
Eftir höfunda Fimbulfambs
SKRÍPÓ
www.forlagid.is

JOE BOXER®
Kringlunni • Smáralind • Glerártorgi, Akureyri

10 DAGAR TIL JÓLA
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



Ólafur, halda þessar kenningar vatni?

**„Já, það er alveg á tæru. Það er ekkert rotið við þetta.“**

Ólafur Örn Haraldsson er þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Þörungagróður er talinn ógna tærleika Þingvallavatns. Mengunin gæti að hluta til tengst slæmu ástandi rotþróa við sumarbústaði við vatnið.

Rússar farnir að efast um að Assad haldi lengi út gegn uppreisnarmönnum:

# NATO telur fall Assads í nánd

**SÝRLAND, AP** „Því miður er ekki hægt að útiloka sigur stjórnarandstöðunnar,“ sagði Mikhaíl Bogdanov, einn af aðstoðarutanríkisráðherrum Rússlands, á fundi með rússneskri ráðgjafarnefnd um ástandið í Sýrlandi í gær.

Hann sagði nauðsynlegt að líta á staðreyndirnar: „Það er tilhneiging til þess að stjórnin tapi yfirráðum yfir æ stærra svæði.“ Rússar hafa verið helstu stuðningsmenn stjórnar Bashar al Assands Sýrlandsforseta á alþjóðavettvangi.

Atlantshafsbandalagið (NATO) spáir einnig falli Assads forseta. Anders Fogh Rasmussen segir að nú sé fall hans ekki annað en tímaspursmál. Bandaríkin og NATO hafa sakað sýrlenska herinn um að nota Scud-flugskeyti gegn uppreisnarmönnum, en Sýrlandsher segir ekkert hæft í því. Þá hafa Sýrlendingar verið sakaðir um að varpa eldsprengjum á uppreisnarmenn, og Bandaríkjamenn hafa sagt hættu á því að Sýrlandsher grípi til efnavopna. **- gb**



**FLÓTTAMENN** Sýrlendingar sigla yfir landamærafljót til Tyrklands. NORDICPHOTOS/AFP

Fundur í borgarstjórn:

# Sjúkrahúslóðin var samþykkt

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn samþykkti á aukafundi í gær tillögur að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi á lóð Landspítalans við Hringbraut.

Tillögurnar voru umdeildar og bárust 800 athugasemdir. Sjálfstæðismenn í minnihlutanum deila á afgreiðslu málsins.Í frétt á vef borgarinnar segir að borgarstjórn telji að sýnt hafi verið fram á „með sannfærandi hætti“ að staðsetning nýja spítalans sé skynsamleg. **- þj**



**ELÍSABET Í BANKANUM** Bankastjórarnir útskýrðu orsakir kreppunnar fyrir drottningu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretadrottning fékk loks svör við spurningum:

# Elísabet skoðar gullið

**BRETLAND, AP Elísabet Bretadrottning og Filippus maður hennar fengu að skoða gullforða breska seðlabankans í gær, djúpt í neðanjarðarhirslum bankans.**

**Árið 2008 spurði Elísabet breska hagfræðinga um orsakir kreppunnar miklu, sem þá var nýskollin á, og í gær fékk hún hjá yfirmönnum bankans þau svör að ástæðurnar væru þrjár: Kreppur væru illfyrirsjáanlegar, rétt eins og jarðskjálftar, almennt andvaraleysi hefði valdið því að menn töldu ekki þörf á ströngu eftirliti, auk þess sem fólk hefði ekki áttað sig á hversu samofið alþjóðlega fjármálakerfið hefði verið.** **- gb**

Skipverji ekki fundinn:

# Leit var hætt síðdegis í gær

**SLYS** Leit var hætt í gær að skipverja sem saknað er af togaranum Múlabergi SI, en varðskipið Þór, björgunarþyrla og nærliggjandi skip tóku þátt í leitinni fyrir norðan land.

Tilkynnt var um hvarf mannsins í fyrrakvöld þegar það hafði uppgötvast að hann hafði fallið fyrir borð, einhvern tímann eftir að skipið lét úr höfn fyrr um daginn.

Togarinn kom til heimahafnar í fyrrinótt og var þá tekin skýrsla af áhöfninni. **- þj/gb**

## MANNLÍF

### Jólabærinn opnar í dag

Jólabærinn í Reykjavík verður opnaður á Ingólfstorgi klukkan 15.30 í dag. Þar flytur borgarstjóri meðal annars ávarp og veitir verðlaun fyrir fallegasta búðargluggann. Þar verða sölubásar þar sem boðið verður upp á íslenska hönnun, gjafavöru og mat.

## UMFERÐARÖRYGGI

### Margir eineygðir í umferð

Töluvert er um að Umferðarstofu berist kvartanir vegna eineygðra bíla í umferðinni. Stofnunin hvetur fólk til að kanna reglulega ástand bílljósa og bæta úr ef bjátar á. „Hægt er að sjá stöðuna þegar stöðvað er framan við búðarglugga og auðvelt að meta hvort öll ljós logi,“ segir í umfjöllun Umferðarstofu.

# Fæddi strák 12.12.12 og bróðurinn 09.09.09

Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir Owen eignaðist dreng í fyrradag. Hann er því fæddur 12.12.12. Hún átti fyrir dreng sem er fæddur 09.09.09. Þetta er ótrúleg tilviljun, segir Guðrún Sólveig. Maðurinn hennar missti því miður af fæðingunni.

**FÓLK** „Eldri strákurinn kom sjálfur í heiminn annars hefði ég verið sett af stað tveimur dögum seinna. Yngri strákurinn fékk hins vegar hjálp vegna meðgöngusykursýki,“ segir Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir Owen, sem eignaðist strák í fyrradag og er hann því fæddur þann 12.12.12. Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá stúlkubarni sem fæddist sama dag.

Svo ótrúlega vill til að Guðrún Sólveig á fyrir son sem eru fæddur 09.09.09.

„Við vonuðumst náttúrulega eftir þessu en þetta er samt ótrúleg tilviljun,“ segir Guðrún Sólveig.

Fæðingin í fyrradag gekk vel þótt drengurinn hafi verið tekinn með sogklukku. Strákurinn var 55 sentímetrar á lengd og 4.125 grömm eða um 16,5 mörk.

Guðni Jónsson, maður Guðrúnar Sólveigar, starfar sem yfirvélstjóri á Baldvini Njálssyni en hann var ekki viðstaddur fæðinguna nú.

„Nei, því miður er hann úti á sjó. Hann er mánuð í einu úti en kemur í land í næstu viku. Við erum svo heppinn að hann verður heima út allan janúar. Ég held að þetta hafi verið miklu erfiðara fyrir hann en mig,“ segir hún.

Guðrún Sólveig segir það tilviljun eina að drengirnir hafi komið í heiminn á þessum dögum. Hvorki hún né maðurinn hennar eru fædd á degi með slíka talnaröð né synir Guðna sem hann á af fyrra sambandi. „Ég er fædd 30. apríl 1976 og hann 27. október 1968,“ segir hún hlæjandi. „Ég veit ekki af hverju bræðurnir ákváðu að vera svona spes.“

Spurð hvort Guðrún Sólveig stefni á að eignast fleiri börn sem myndu hafa svipaðan fæðingardag segir hún það ekki á dagskránni. „Ég fékk sms í gær þar sem ég var spurð hvort ég ætlaði að eignast barn 7.9.13 en það er sko langt í frá,“ segir hún og skellir upp úr. kristjan@frettabladid.is



**TALNABRÆÐUR** Guðrún Sólveig með syni sína tvo, Ríkarð Guðna Guðnason, þriggja ára, og þann nýfædda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**„Ég veit ekki af hverju bræðurnir ákváðu að vera svona spes.“**

*Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir Owen*






Harðar deilur um efndir ríkisstjórnarinnar vegna gerðar kjarasamninga:

# ASÍ og SA ræða um kaupmátt

**VINNUMARKAÐUR** Forysta ASÍ hefur ekki tekið ákvörðun um uppsögn kjarasamninga í janúar. Þetta segir Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, í samtali við Fréttablaðið. Framhaldið velti á því hvort náist saman með atvinnurekendum um aðgerðir til kaupmáttareflingar. Forvígismenn stjórnarinnar vísa ásökunum ASÍ á bug.

ASÍ birti í gær blaðaauglýsingu þar sem stjórnvöld voru sökuð, í átta liðum, um vanefndir á fyrirheitum í tengslum við kjarasamninga. „Það er ljóst af okkar hálfu að um alvarlegan forsendubrest er að ræða gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum,“ segir Gylfi og segir ekki líklegt til árangurs að eiga frekari samskipti við ríkisstjórnina.

„Endurskoðun samninganna mun snúast um kaupmátt okkar félagsmanna og við munum reyna að ná saman með okkar viðsemjendum um það, þar sem verðbólga er niðurstaða ákvarðana fyrirtækja og sveitarfélaga um að hækka verð á vörum og þjónustu.“

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir sjálfsagt að ræða við ASÍ um kaupmáttareflingu með þessum formerkjum.

„Það er útilokað að fara út í frekari launahækkanir, en ef hægt er að ná saman um kaupmáttaraukningu með öðrum hætti erum við tilbúin að skoða það.“

Forustumenn stjórnarinnar vísa ásökunum ASÍ á bug og lýsa yfir undrun og vonbrigðum.

„Ekkert þeirra átta efnisatriða sem þar eru tíunduð sem vanefndir ríkisstjórnarinnar á við rök að styðjast,“ segir í yfirlýsingu. **- þj**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**



**VILMUNDUR JÓSEFSSON**




# Nýr Volkswagen Golf

Bráðum kemur nýr Golf! Nánari upplýsingar eru á www.volkswagen.is
en einnig er hægt að líta við hjá okkur í HEKLU og við segjum ykkur meira.

Verið velkomin!

Das Auto.

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## GENGIÐ 13.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,64 | 127,24 |
| Sterlingspund | 204,12 | 205,12 |
| Evra | 165,21 | 166,13 |
| Dönsk króna | 22,142 | 22,272 |
| Norsk króna | 22,5 | 22,632 |
| Sænsk króna | 18,981 | 19,093 |
| Japanskt jen | 1,5191 | 1,5279 |
| SDR | 194,43 | 195,59 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
227,7617

Átján ára stúlka mjög illa farin í andliti eftir árás manns á gistiheimili:

# Í varðhald fyrir hrottalega árás

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fertugsaldri var úrskurðaður í gæsluvarðhald um kvöldmatarleytið í gær vegna hrottafenginnar líkamsárásar á átján ára stúlku á gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur nóttina áður.

Stúlkan var mjög illa farin í andliti eftir árásina og dvaldi allan gærdaginn á spítala. Ekki lá fyrir hvort bein hefðu brotnað, enda var hún svo bólgin að það reyndist ekki unnt að kanna það strax með röntgenmyndatöku. Búist var við að hún yrði jafnvel á spítalanum til dagsins í dag. Maðurinn sem talinn er hafa veitt henni áverkana hefur áður komið við sögu lögreglu, meðal annars fyrir ofbeldisverk. Ákveðið var að krefjast gæsluvarðhalds yfir honum á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Dómari féllst á að hann skyldi sæta varðhaldi í fjórar vikur, eða til 10. janúar.

Fólkið mun hafa dvalið saman á gistiheimilinu um skamma hríð. Aðdragandi árásarinnar liggur ekki fyrir, en maðurinn og stúlkan voru bæði allsgáð. - sh



**STUNGIÐ INN** Maðurinn var leiddur fyrir dómara um kvöldmatarleytið í gær og hann úrskurðaður í gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breytingar á Akureyri:

## Börn eru börn til 18 ára aldurs

**AKUREYRI** Börn á Akureyri verða framvegis skilgreind sem slík til 18 ára aldurs. Bærinn hefur ákveðið að samræma gjaldskrár svo öll börn innan 18 ára greiði barnagjald fyrir þjónustu. Áður var miðað við 15 ára aldur. Akureyri vikublað greindi frá. Nokkur munur getur verið á verði fyrir fullorðna og börn. Sem dæmi kostar einn dagur fyrir fullorðna í Hlíðarfjalli 3.300 krónur en 1.050 fyrir börn. Í Sundlaugina kostar 470 krónur fyrir fullorðna en 150 fyrir börn. - sv



**MIKIÐ GRAS** Maðurinn hafði komið sér upp sérútbúnu húsnæði og lagt mikla vinnu í framleiðsluna. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bar við greindarskorti:

## Átján mánuðir fyrir stórtæka kannabisrækt

**DÓMSMÁL** Hálfþrítugur Reykvíkingur hefur verið dæmdur í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að starfrækja umfangsmikla kannabisrækt í skemmu á Hafurbjarnarstöðum í Sandgerði.

Í verksmiðjunni fannst 841 planta og rúmt kíló af kannabislaufum, sem maðurinn gekkst við að hafa ræktað til að bjarga sér úr fjárhagsvandræðum vegna íbúðarkaupa. Hann bar við greindarskorti en dómurinn tók ekki tillit til hans. - sh

Gefur ekki lengur kost á sér:

## Rice hættir við

**BANDARÍKIN** Susan Rice, fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, lýsti því í gær yfir að hún óskaði ekki lengur eftir því að taka við af Hillary Clinton sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Hún var ein þeirra sem þóttu sterklega koma til greina í embættið, en Clinton hefur lýst því yfir að hún ætli að láta sér nægja eitt kjörtímabil. - gb

# Síld drepst í stórum stíl í fjörunni í Kolgrafafirði

Mörg hundruð tonn af síld hefur drepist á fjörum í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi. Sérfræðingur hefur aldrei séð nokkuð þessu líkt, en hann horfði á síld synda á land. Gríðarlegt magn af síld er í firðinum, þó lítill sé.

**UMHVERFISMÁL** Gríðarlegt magn af síld hefur drepist á fjöru í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi á síðasta sólarhring. Sérfræðingar eru engu nær um ástæður þessa en síldin ber engin ytri merki um sýkingu sem herjað hefur á íslensku sumargotssíldina.

Hlynur Pétursson, útibússtjóri Hafrannsóknarstofnunar á Ólafsvík, var við sýnatökur í Kolgrafafirði í gær. Hann staðfestir að gríðarlegt magn sé dautt og síldarflekkurinn á fjörunni sennilega um ferkílómetri að stærð. Hann varð í orðsins fyllstu merkingu vitni að því þegar síldin synti upp á land. „Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Það er alveg ljóst að mörg hundruð tonn af síld eru dauð hér, en ég þori þó ekki að fullyrða að magnið sé yfir þúsund tonn. Það er erfitt að meta þetta,“ segir Hlynur.

Spurður um hugsanlegar skýringar á síldardauðanum segir Hlynur að við sýnatökuna hafi hann ekki orðið var við ytri einkenni síldarsýkingar, sem herjað hefur á íslensku sumargotssíldina um nokkurn tíma. Því verði að leita ástæðunnar fyrir því að síldin drepst í fjörunni í öðru.

Kolgrafafjörður er á norðanverðu Snæfellsnesi og næsti fjörður austan við Grundarfjörð. Brú var lögð yfir fjörðinn árið 2004 sem veldur því að síldin syndir inn í fjörðinn í gegnum þröngа rennu undir brúnni. Hins vegar hafa mælingar Hafrannsóknastofnunar, til dæmis í fyrravetur, sýnt að síld safnast þar saman við viss skilyrði þó fjörðurinn sé ekki stór. Mælingar í fyrravetur bentu til að vel á þriðja hundrað þúsund tonn voru þá í firðinum. Mælingar frá því í byrjun þessarar viku benda eins til að mikið magn sé í firðinum nú, örugglega á annað hundrað þúsund tonn, samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun.

Hlynur mun í dag mæla hitastigið í firðinum. Hann telur mögulegt að sjórinn sé svo kaldur að hann slævi síldina með þessum afleiðingum. Hann telur óráð að gefa sér að svo mikið magn af síld sé í firðinum að það hafi haft þessar afleiðingar.

Viðmælendur Fréttablaðsins höfðu á orði að atvik eins og þessi hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Helsta vonin sé að fugl leggist í ætið af krafti. Hins vegar skapaðist vandamál vegna rotnandi síldar á fjörum í fyrravetur, en það var rakið til veiða síldarskipa sem hafa tekið kvóta sína á Breiðafirði þar sem stærstur hluti stofnsins heldur sig ár eftir ár.

svavar@frettabladid.is



**Í KOLGRAFAFIRÐI Í GÆR** Síldin syndir á land í þúsunda vís og drepst. Fjöruborðið sýður af síld sem er að synda á land. MYND/HLYNUR PÉTURSSON

> Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Það er alveg ljóst að mörg hundruð tonn af síld eru dauð hér
>
> *Hlynur Pétursson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Ólafsvík*




# ÓGNVEKJANDI!




Augu Líru eftir Evu Joly og Judith Perrignon. Æsispennandi skáldsaga úr undirheimum fjármálalífsins, þar sem Eva Joly þekkir hvern krók og kima.

SKRUDDA
www.skrudda.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELGIN** einkennist af bjartviðri sunnan- og vestanlands en éljum á norðausturhorninu. Með suður- og suðausturströndinni verður vindstrengur en annars víða fremur hægur vindur. Búast má við frosti um mest allt land.




**Á morgun**
Strekkingur eða hvasst með suðurströndinni, annars hægari.




**Sunnudagur**
Strekkingur eða hvasst með SA-ströndinni, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Berlín | 0° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 22° | New York | 9° | París | 9° |
| Aþena | 11° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 10° | Orlando | 24° | San Francisco | 12° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 18° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | 0° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# JÓLATILBOÐIN Í FULLUM GANGI!

## Opið alla daga til jóla!



## Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte & Julien

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLANLEGT



**Dorma-verð**

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x 80x200 | 375.800,- |
| 2x 90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 407.800,- |
| 2x100x200 | 429.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.



## Nature's Rest heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr $fm^2$

Nature's Bedding

Aðeins kr. 10.250,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

FRÁBÆR KAUP



**Dorma-verð**

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Shape heilsukoddar

frábær jólagjöf

Shape Classic kr. 5.900,-



Þéttur

Shape Comfort kr. 5.900,-



Mjúkur

Shape Original kr. 8.900,-



Stuðningslag

## Jóla-tilboð!



TVENNU Sæng+koddi TILBOÐ

Dúnsæng + dúnkoddi kr. 15.900,-

Trölla-dúnsæng kr. 13.900,-

Stakur dúnkoddi kr. 4.900,-

Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður. Koddi:15% dúnn/85% smáfiður.

## Dúnvörur mikið úrval!



COMFORT SÆNG

kr. 25.900,-

700 gr. 70% andadúnn og 30% smáfiður.

Hlý og góð dúnsæng.

Stærð: 135x205cm.



CARE-BOX SÆNG

kr. 37.900,-

800 gr. 90% gæsadúnn og 10% smáfiður.

Ótrúlega hlý og góð haust- og vetrarsæng.

Stærð: 135x205 cm.

## MEMORY FOAM heilsuinniskór

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!






1 par kr. 3.900,-

2 pör kr. 6.980,-

3 pör kr. 9.990,-

BEST BUY




JÓLA- 25% AFSLÁTTUR

Ilmur mánaðarins

**OPIÐ**

**Holtagörðum**

**Virka daga kl. 10-18**

**Laugardaga kl. 11-16**

**Sunnud.aga kl. 13-16**

# DORMA

– býður góða nótt

**Pöntunarsími**

**☎ 512 6800**

**www.dorma.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu hátt hlutfall landsmanna er án lágmarksskólphreinsunar?
**2.** Þarf að greiða fyrir aðgang að internetinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar?
**3.** Framleiðandi hvaða kvikmynda hafði samband við Baltasar Kormák í sambandi við leikstjórn á stóru kvikmyndaverki?

**SVÖR:**

**1.** 25% **2.** Já **3.** Sherlock Holmes

Viðræður ríkisins og Reykjavíkurborgar um leigu á Perlunni undir náttúruminjasýningu eru hafnar:

# Borgin og OR fjalla um 950 milljóna kaup

**SAFNAMÁL** Borgarráð samþykkti í gær að vísa tillögu um kaup Reykjavíkurborgar á Perlunni af Orkuveitu Reykjavíkur (OR) til afgreiðslu borgarstjórnar á þriðjudag. Sama tillaga liggur fyrir stjórnarfundi OR í dag. Kaupverðið er 950 milljónir króna.

Þá eru viðræður á milli borgaryfirvalda og menntamálaráðuneytis hafnar, en þar er rætt um leigu á hluta hússins fyrir náttúruminjasafn. Þeir samningar eru ein forsenda kaupa borgarinnar á Perlunni, en meirihluti fjárlaganefndar Alþingis lagði til á miðvikudag að 400 milljónum króna yrði varið í verkefnið.

Ríki og borg skipuðu í ágúst starfshóp til að skoða möguleika á því að koma upp náttúruminjasafni eða sýningu á vegum NMÍ í Perlunni. Hópurinn setti fram hugmynd um að þar yrði sett upp náttúruminjasýning.

Að mati hópsins er nauðsynlegt að smíða millihæð til að hugmyndin um sýningu gangi upp. Auk þess vill hann að einn eða fleiri tankar yrðu hluti sýningarrýmis til lengri tíma. Perlan er þó ekki talin henta til lengri tíma fyrir safnið án viðbygginga.

Í tillögu Jóns Gnarr borgarstjóra um kaup borgarinnar á húsinu er gert ráð fyrir að ríkið leigi húsið í allt að 15 ár og komi þar upp sýningu. Að auki verður borginni heimilað að gera breytingar á Perlunni fyrir allt að 100 milljónir króna gangi samningar við ríkið eftir. - shá



**GLÆSILEGT SAFNAHÚS** Allt stefnir í myndarlega fjárfestingu í náttúruminjasýningu í Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verðlag á matvöru kannað:

## Verð í Bónus og Iceland svipað

**NEYTENDUR** Nær enginn munur reyndist á verði á 50 vörutegundum í verslunum Bónus og Iceland samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ á jólamat.

Aðeins 50 af þeim 99 vörutegundum sem voru í könnuninni voru til í báðum verslunum. Keypti neytandi eitt eintak af hverri vörutegund myndi karfan kosta 34.144 krónur í Iceland en 34.208 krónur í Bónus. Munurinn er 64 krónur, eða 0,2 prósent.

Verð í öðrum verslunum var hærra. Verðmerkingum var ábótavant hjá Nettó í Mjódd en í 14 tilvikum vantaði verðmiða.

Nóatún bættist nú við í hóp þeirra matvöruverslana sem neita þátttöku í könnunum ASÍ. Í þeim hópi voru fyrir Kostur og Víðir. - bj

Samkomulag við ráðherra:

## Akureyri býr til nítján ný störf

**AKUREYRI Akureyrarbær hefur skuldbundið sig til að skapa allt að nítján störf á Akureyri til sex eða sjö mánaða fyrir atvinnulaust fólk á svæðinu. Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra undirrituðu í gær samkomulag um þátttöku Akureyrarbæjar í „Vinnu og virkni – átaki til atvinnu 2013“.**

**Fram kemur í tilkynningu frá bænum að tilgangur samkomulagsins sé að virkja atvinnuleitendur í sveitarfélaginu sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. desember 2013. Til að ná því markmiði er gert ráð fyrir að í tengslum við átakið verði til að lágmarki 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði á landsvísu.** - sv

# 155 þúsund gjafir ónýttar um hver jól

Íslendingar gefa rúmlega 150 þúsund gjafir um hver jól sem ekki nýtast viðtakandanum eða falla honum ekki í geð. Þetta kemur fram í könnun Félagsvísindastofnunar fyrir UNICEF. Verðmætið er líklega meira en hálfur milljarður króna.

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslendingar munu líklega eyða yfir hálfum milljarði króna í jólagjafir sem viðtakandinn hefur ekki not fyrir eða vill ekki. Þetta kemur fram í rannsókn sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Fimmtán hundruð manns voru spurðir að því hvort þeir hefðu fengið eina eða fleiri jólagjafir í fyrra sem ekki nýttust þeim eða þeir vildu ekki. 29 prósent spurðra sögðust hafa fengið að minnsta kosti eina slíka gjöf. Samkvæmt þessum niðurstöðum fær því meira en einn af hverjum fjórum Íslendingum gjöf sem nýtist ekki. Þetta gera um 155 þúsund jólagjafir á ári.

Líklegra er að yngra fólk fái gjafir sem nýtast þeim ekki en eldra fólk. Þannig fengu 34 prósent svarenda á aldrinum 30 til 39 ára gjöf sem ekki nýttist og 49 prósent á aldrinum 18 til 29 ára.

Samkvæmt könnuninni eru vinnustaðir líklegastir allra til að gefa gjöf sem ekki nýtist eða fellur í kramið. Næstlíklegast er að slíkar gjafir komi frá nákomnum ættingjum, en makar eru líklegastir til að gefa gjafir sem falla í góðan jarðveg.

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, segir að starfsfólk UNICEF hafi grunað að magn gjafa sem geri fólki ekki gagn væri mikið. Þau hafi hins vegar ekki getað ímyndað sér hversu margar þær væru.

thorunn@frettabladid.is

### Gjafir sem nýtast fólki ekki




**88%** myndu frekar vilja að andvirði gjafanna rynni til góðgerðarmála.

**5%** fá fleiri en fimm gjafir sem þeir vilja ekki.

### ➜ Gætum hjálpað 45 þúsund börnum

UNICEF ákvað að fara þessa leið til að benda á aðstoð sem Barnahjálpin veitir börnum í fátækum ríkjum, og hægt er að kaupa sem gjöf hjá stofnuninni. Aðstoðin er kölluð „sannar gjafir“. „Sannar gjafir koma alltaf að gagni og skipta sköpum fyrir börn í neyð. Það er sorglegt til þess að hugsa hve mörg börn eiga um sárt að binda,“ segir Stefán Ingi. Hann bendir á að fyrir upphæðina sem reiknuð var út að jólagjafirnar 155 þúsund kosti, 542 milljónir króna, væri hægt að veita yfir 45 þúsund lífshættulega vannærðum börnum meðferð. „Það samsvarar nær öllum grunnskólabörnum á Íslandi.“

Á vefnum Sannargjafir.is er hægt að finna lista yfir þau hjálpargögn sem hægt er að kaupa sem gjafir og styrkja fátæk börn með. Meðal annars er hægt að kaupa moskítónet, skólagögn og hnetumauk.

**542** milljónir er upphæðin sem 155 þúsund jólagjafir kosta. Fyrir hana má veita 45 þúsund lífshættulega vannærðum börnum.







Hnúfubakar gera sjómönnum lífið leitt á loðnumiðunum fyrir vestan:

# Nótin gauðrifnar á hvalsbökum

**SJÁVARÚTVEGUR** Hnúfubakavöður hafa gert sjómönnum lífið leitt á loðnumiðunum norður af Vestfjörðum síðustu dagana en sennilega hafa fáir farið jafn illa út úr ágangi hvalanna og áhöfnin á Lundey NS, segir í frétt á vef HB Granda.

„Það er búin að vera óhemju netavinna í þessari veiðiferð. Rifið í svo til hverju kasti og nánast alltaf vegna þess að hvalir höfðu lent í nótinni,“ segir Halldór Jónasson, annar stýrimaður á Lundey. Að sögn Halldórs rifnaði nótin minnst fjórum til fimm sinnum vegna þess að hnúfubakar sem voru að eltast við loðnu lentu inni í henni þegar kastað var. Erfitt er að forðast hvalina því loðnan hefur aðeins gefið sig til á meðan myrkurs nýtur.

„Menn verða ekkert varir við þetta fyrr en nótin er að lokast. Þá heyrir maður blásturinn í hnúfubökunum og síðan láta þeir sig vaða út og rífa allt í hengsli. Ef við vorum svo heppnir að fá ekki hval í nótina þá komu þeir stundum utan á pokann. Sennilega hefur forvitnin ein búið þar að baki,“ sagði Halldór.

Þar sem veðurútlit er slæmt næstu daga hefur verið ákveðið að gera hlé á loðnuveiðum skipa HB Granda fram yfir hátíðar. - shá



**GRUNNNÓT** Myndin gefur hugmynd um stærð veiðarfærisins sem hvalirnir rífa og sjómennirnir þurfa að bæta þegar rifnar. Fréttablaðið/óskar

# JÓLAVÖRUÚTSALA

GILDIR 14.12 - 16.12

**AFGREIÐSLUTÍMAR VERSLANA**

| | KORPUTORG 510-7070 | SMÁRATORG 510-7000 | SKEIFAN 568-7499 | AKUREYRI 463-3333 | SELFOSS 510-7080 |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. DES. | 10-22 | 11-22 | 10-22 | 11-22 | 10-19 |
| 15. DES. | 10-22 | 10-22 | 10-22 | 10-22 | 10-18 |
| 16. DES. | 12-22 | 12-22 | 12-22 | 13-18 | 12-18 |

ALLAR LED ÚTISERÍUR
60%
AFSLÁTTUR

JÓLAVARA
30-70%
AFSLÁTTUR

ALLT JÓLASKRAUT
30-70%
AFSLÁTTUR

ALLUR JÓLATEXTÍLL
40-60%
AFSLÁTTUR

JÓLATRÉ OG JÓLATRÉSSKRAUT
30%
AFSLÁTTUR




61% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 12.990
4.995

**108 LJÓSA LED LJÓSATRÉ**
Fæst með marglitum eða hvítum ljósum. Hæð: 180 sm.



50% AFSLÁTTUR
SETTIÐ FULLT VERÐ: 1.995
995

**BARNASVUNTA OG HÚFA**
Skemmtileg barnasvunta með piparkökuuppskrift og húfa í stíl. Flott í jólabaksturinn!



70% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.995
895

**FLAME ÚTISERÍA**
Falleg 10 ljósa útisería með stórum og góðum perum sem lýsa eins og kertalogi.



3 FYRIR 2
1 RÚLLA VERÐ FRÁ:
99

**JÓLAPAPPÍR**
Kauptu 2 rúllur og fáðu 3. Sú ódýrasta fylgir frítt með.
1 rúlla verð frá **99**



63% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 7.995
2.995
HÆÐ: 60 SM.

**SNOWBERRY TRÉ MEÐ LED LJÓSUM**
36 LED perur. Hæð: 60 sm.



60% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 995
395

**LED JÓLASERÍA**
Góð 20 ljósa glær LED innisería.



50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 3.995
1.995

**JÓLAARINN**
Fæst í nokkrum gerðum. Gengur fyrir rafhlöðum.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



9 STK.
3 FYRIR 2
9 STK. FULLT VERÐ: 1.197
798

**JÓLAGLÖS**
3 stk. í pakka **399**.
Fáðu 3 pakka á verði 2.

## NORÐURLÖND




### Svíar ekki með í bankasambandi ESB

**1** **SVÍÞJÓÐ** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, kveðst ánægður með þau áhrif sem lönd utan evrusvæðisins fá innan nýs bankasambands Evrópusambandsins, ESB. Hann útilokar ekki að Svíþjóð taki þátt í sambandinu þegar fram líða stundir. Hann segir mögulegt að Svíar taki þátt ef ákveðið verður að þeir þurfi ekki að bera kostnað af bankavandræðum annarra landa.



### Tíföld sala á skyri í Danmörku

**2** **DANMÖRK** Sala á skyri í Danmörku hefur tífaldast á fjórum árum. Samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins þykir það þó ekki undarlegt þar sem neyslan 2009 var ekki mikil. Þá borðuðu um það bil þrír af hverjum 10.000 Dönum skyr í morgunmat en í ár borðuðu um það bil þrír af hverjum 1.000 skyr. Það eru einkum Kaupmannahafnarbúar og Norður-Sjálendingar sem eru sólgnir í skyr. Langskólagengnir og hátekjufólk borða miklu meira af skyri en aðrir. Skyrið sem Danir snæða er framleitt í dönskum mjólkurbúum.

### Börnum smyglað til Noregs

**3** **NOREGUR** Börnum sem smyglað er til Noregs hefur fjölgað að undanförnu. Börnin eru látin vinna sem þrælar á einkaheimilum, í verslunum eða í fyrirtækjum í eigu fólks sem talið er vera landar þeirra sem standa að smyglinu. Flest barnanna sem smyglað er til Noregs eru á aldrinum 14 til 18 ára. Samkvæmt fréttum norskra fjölmiðla af málinu eru börnin einnig látin stunda vændi auk þess sem þau eru notuð í fíkniefnaviðskiptum.

Einar „Boom“ Marteinsson vann mál gegn ríkinu:

# Fær 150 þúsund krónur fyrir hlerun

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða Einari „Boom“ Marteinssyni, fyrrverandi forsprakka Hells Angels, 150 þúsund krónur í bætur fyrir símhlerun árið 2009 sem leiddi aldrei til neins.

Einar var á þessum tíma varaformaður vélhjólaklúbbsins Fáfnis, sem stefndi að því leynt og ljóst að fá fulla aðild að alþjóðasamtökunum Hells Angels. Þau eru víðast hvar skilgreind sem skipulögð glæpasamtök.

Lögregla fékk dómsúrskurð fyrir því að hlera síma Einars í febrúar 2009, aðallega á þeim grundvelli að hann væri grunaður um að ætla að flytja mikið magn af fíkniefnum til landsins. Í rökstuðningi til dómsins sagði lögregla að fíkniefnainnflutningur væri helsta tekjulind Fáfnis, sem ætlaði sér meira að segja að taka yfir allan fíkniefnamarkaðinn á Íslandi.

Hlerunin leiddi sem áður segir ekki til neins. Héraðsdómur telur samt sem áður að hún hafi ekki verið ólögmæt, þótt það að málið hafi verið fellt niður valdi óhjákvæmilega bótaskyldu.

Fyrir dómi var Einar spurður hvernig honum hefði liðið þegar hann frétti af hleruninni. „Hann svaraði því til að honum hefði liðið hræðilega, honum hefði fundist eins og sér hefði verið nauðgað,“ segir í dómnum. - sh



**HÆTTUR** Einar „Boom“ hætti fyrr á árinu sem forsprakki íslensku Vítisenglanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breski bankinn HSBC viðurkennir peningaþvætti:

# Borgar milljarða sekt

**BANDARÍKIN, AP** Breski bankinn HSBC hefur fallist á að greiða bandarískum stjórnvöldum 1,9 milljarða dala, eða ríflega 240 milljarða króna, til að komast hjá réttarhöldum vegna ásakana um peningaþvætti. Þetta er hæsta sekt sem banki hefur nokkru sinni greitt.

Rannsókn bandarískrar þingnefndar hefur leitt í ljós að bankinn auðveldaði fíkniefnabarónum í Mexíkó peningaþvætti með því að millifæra fé frá Mexíkó til Bandaríkjanna í gegnum mexíkóska bankann HSMX.

Einnig hafi bankinn auðveldað hryðjuverkamönnum í Mið-Austurlöndum að þvætta peninga, auk þess sem bankinn hafi átt í viðskiptum við Íran, Líbíu, Súdan og Búrma og þar með brotið gegn alþjóðlegum refsiaðgerðum á hendur þessum ríkjum.

Bankinn hefur viðurkennt að hafa ekki haft nógu strangar reglur til að hindra peningaþvætti og ítrekaði í gær afsökunarbeiðni vegna þess:

„Við föllumst á ábyrgð vegna fyrri mistaka okkar,“ segir Stuart Gulliver bankastjóri. „Við höfum sagt að okkur þyki þetta mjög leitt, og segjum það enn og aftur.“ - gb

# Skipt út úr stjórn og fulltrúaráði Eirar

**Flestum ef ekki öllum fulltrúum í fulltrúaráði Hjúkrunarheimilisins Eirar verður skipt út á fundi í dag. Í kjölfarið verður skipuð ný stjórn. Samstaða er meðal flestra um að óska eftir rannsókn á fjármálum hjúkrunarheimilisins á næstunni.**

**STJÓRNSÝSLA** Langflestum fulltrúum í fulltrúaráði Eirar verður skipt út á fundi í dag. Í kjölfarið verður nýtt fulltrúaráð skipað. Stjórn hjúkrunarheimilisins mun funda áður en fundur fulltrúaráðsins hefst.

Það eru stofnaðilar Hjúkrunarheimilisins Eirar sem velja fulltrúa í fulltrúaráðið. Flesta fulltrúa á Reykjavíkurborg, eða sjö, en aðrir eiga þrjá fulltrúa í ráðinu. Það eru Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Samtök blindra og blindravina, Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði, Skjól, VR, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, Brynja – hússjóður Öryrkjabandalagsins, Efling og SÍBS.

Flestir stofnaðilanna ætla sér að skipta út fulltrúum sínum á fundinum í dag. Í kjölfarið er ætlunin að skipta út stjórn hjúkrunarheimilisins, en óvíst er hvort tekst að gera það á fundinum í dag eða hvort boða þarf aukafund til þess.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er samstaða um það meðal stofnaðilanna að óska eftir því að fjármál hjúkrunarheimilisins verði rannsökuð.

Óvíst er þó hvernig sú rannsókn fer fram, en þrír stjórnarmenn hjá Eir fóru með gögn á fund sérstaks saksóknara fyrr í vikunni og óskuðu þess að hann athugaði hvort tilefni væri til að rannsaka starfsemina. Þetta voru þau Stefán Benediktsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Björn Agnar Magnússon, en ekki var haft samráð við aðra stjórnarmenn eða stjórnendur hjá Eir áður en þetta var gert. Að sama skapi hafa þessir þrír stjórnarmenn gert athugasemdir við boðun fulltrúaráðsfundar, sem fer fram í dag, en þeir telja að fundarboðið hafi verið ólöglegt. Í stað þess að boða skráða fulltrúa til fundar hafi skrifstofa Eirar sent frá sér bréf þar sem óskað var eftir því að stofnaðilar tilnefndu nýja fulltrúa í ráðið.

Samkvæmt reglum er það stjórnin sem boðar til fulltrúaráðsfunda og þeir verða að vera haldnir minnst tvisvar á ári.

thorunn@frettabladid.is



**AF STJÓRNARFUNDI** Þrír hafa þegar hætt í stjórn Eirar og munu aðrir hætta í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Vandræðin í Eir

Málefni Hjúkrunarheimilisins Eirar komust í hámæli eftir að fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá fjárhagsvandræðum þess í byrjun nóvember. Hjúkrunarheimilið skuldar um átta milljarða króna, þar af er skuld við íbúa í öryggisíbúðum Eirar um tveir milljarðar. Unnið hefur verið að lausn á fjárhagsvandanum undanfarna mánuði.



markhonnun.is

# Opið allan sólarhringinn í nettó mjódd




JÓLA-
BÆKLINGURINN
ER KOMINN
ÚT!




nettó
mjódd
lágt verð dag & nótt

www.netto.is

# Einfaldara fyrir smáríkin þrjú að ganga í ESB







Framkvæmdastjórn ESB viðraði nýlega hugmyndir um að þrjú smáríki myndu fá aðild að EES. Utanríkisráðherra segir það ekki hafa komið formlega til umræðu. Jafnvel væri einfaldara fyrir þau að ganga í ESB.

**EVRÓPUMÁL** Hugmyndir um aðild smáríkjanna San Marínó, Andorra og Mónakó að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem viðraðar eru í nýlegri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB, eru ekki nýjar af nálinni. Engin formleg erindi þess efnis hafa þó borist frá ríkjunum þremur til EFTA. Þetta segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra aðspurður.

Össur segist ekki taka afstöðu til hugmyndanna, en jafnvel sé einfaldara fyrir ríkin þrjú að sækja um fulla aðild að ESB en að fara í gegnum EES að innri markaðinum.

Staða ríkjanna gagnvart ESB er um margt yfirgripsmikil en um leið er hún ekki heildstæð. Ríkin hafa lýst yfir áhuga á nánari samþættingu við ESB og aðgangi að innri markaði ESB. Í ljósi þess ákvað framkvæmdastjórnin að velta upp hugsanlegum valkostum í þessum efnum.

Fimm kostir til nánari samvinnu eru dregnir fram í téðri skýrslu, meðal annars bein aðild ríkjanna að ESB, sem er talin illgerleg vegna smæðar ríkjanna og stjórnsýslulegra takmarkana. Lagt er til að tveir kostir verði skoðaðir nánar; annars vegar aðild að EES og hins vegar tvíhliða samningar milli ESB og ríkjanna þriggja hvers fyrir sig, sem byggðu mögulega á forskrift EES-samningsins.

Þrjú EFTA-ríki eru í EES, Noregur, Ísland og Liechtenstein. Stjórnvöld í Noregi voru fyrst um sinn afhuga hugmyndunum en síðan virðist afstaða þeirra hafa mildast nokkuð.

Í samtali við norska dagblaðið Nationen fyrir skemmstu sagði Espen Barth Eide utanríkisráðherra að hann hefði í fyrstu verið efins um að ríkin hefðu bolmagn til þátttöku í EES. Eftir samtöl við fulltrúa frá Andorra og Liechtenstein hefði hins vegar orðið úr að ræða málið frekar.

„Við höfum ekki útilokað neitt eða tekið endanlega ákvörðun. Málið verður að leggja vandlega upp,“ segir Eide, sem leggur áherslu á mikilvægi þess að ríkin hafi bolmagn til þátttöku í EES.

Nationen hefur einnig eftir talsmanni sendinefndar Liechtenstein gagnvart ESB að stjórnvöld þar séu opin fyrir því að ræða málið.

EES-samningurinn lýtur að samkomulagi milli fyrrnefndra EFTA-ríkja og ESB-ríkjanna 27. Til að fá aðild að EES þyrftu ríkin þrjú væntanlega að ganga fyrst í EFTA, en Össur segir það ekki hafa komið formlega til tals.

„Mér er ekki kunnugt um nokkrar málaleitanir af hendi þessara ágætu ríkja gagnvart því að ganga í EFTA. Hugmyndin kemur líka fram annars staðar en hjá EFTA og eins og ég hef sagt áður eru það forréttindi EFTA-ríkjanna að ákveða sjálf hverjir eru teknir þar inn. Svo er þetta ekki endilega besta lausnin fyrir ríkin, því að ég tel að það yrði einfaldara fyrir þau að ganga beinlínis í ESB frekar en EES. Það gæti hins vegar verið flóknara fyrir sambandið,“ segir Össur.

thorgils@frettabladid.is







**SKÝRT FRÁ SKOTINU** Pulan í ríkissjónvarpi Norður-Kóreu segir tíðindin. NORDICPHOTOS/AFP

Norður-Kórea skaut veðurhnetti út í geim:

## Hnötturinn stjórnlaus

**NORÐUR-KÓREA, AP** Í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, skáluðu menn í bjór á þriðjudag og dönsuðu á götum úti til að fagna velheppnuðu eldflaugarskoti.

Með eldflauginni sendu þeir veðurhnött út í geiminn, en hann virðist orðinn stjórnlaus á braut umhverfis jörðu og óljóst hvaða hlutverk honum er ætlað.

Ráðamenn í Bandaríkjunum, Suður-Kóreu og Japan krefjast refsiaðgerða og meira að segja Kínastjórn, sem jafnan hefur stutt vel við bakið á Norður-Kóreu, lýsti efasemdum um skynsemi þessa afreks.

Norður-Kóreumenn hafa undanfarin ár gert nokkrar tilraunir með flugskeyti, en sérfræðingar segja þá eiga langt í land með að koma sér upp áreiðanlegum flugskeytum.

Norður-Kórea segir viðbrögðin alltof hörð: „Við vonum að öll ríki, sem eiga hagsmuna að gæta, beiti skynsemi og haldi ró sinni til að koma í veg fyrir að ástandið þróist út á óæskilegar brautir,“ hafði fréttastofa landsins eftir talsmanni utanríkisráðuneytisins. - gb

### Flugskeytatilraunir Norður-Kóreu

**Desember 2012**
Þriggja þrepa eldflaug af gerðinni Unha-3 skotið á loft. Norður-Kóreumenn segja hana hafa verið notaða til að koma veðurhnetti á braut umhverfis jörðu.

**Apríl 2012**
Þriggja þrepa eldflaug af gerðinni Unha-3 springur eftir nokkurra mínútna flug og hafnar í hafi.

**Apríl 2009**
Norður-Kóreumenn skjóta þriggja þrepa eldflaug á loft. Þeir segja tilraunina hafa heppnast, en Bandaríkjamenn segja flaugina hafa hafnað í hafi.

**Júlí 2006**
Norður-Kóreumenn skjóta langdrægu flugskeyti á loft. Bandaríkin segja tilraunina hafa mistekist: Flaugin hafi farið í sundur eftir 40 sekúndna flug.


JÓLAGJÖFINA FÆRÐU
Í TOYS"R"US
ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
JÓLAOPNUNNARTÍMI
Mánudaga til laugardaga
10-22
Sunnudaga 12-22
23. Desember 10-23
24. Desember 9-13
Opnunnartíma á Akureyri
má finna á
www.glerartorg.is
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

Háar upphæðir heim:

# Senda milljarða úr ESB-ríkjum

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Innflytjendur í Evrópusambandsríkjunum 27 sendu rúma 39 milljarða evra til föðurlands síns í fyrra. Það eru rúmlega 6.300 milljarðar íslenskra króna, og er tveimur prósentum meira en í fyrra.

Stærstur hluti þessarar upphæðar, eða 28,5 milljarðar evra, er sendur úr Evrópusambandsríki til ríkja sem eru utan sambandsins. Fjórðungur peninganna er sendur frá Frakklandi. Nærri 20% eru send frá bæði Ítalíu og Spáni. - þeb

Persónuvernd segir Hagstofu Íslands hafa brotið lög með öflun upplýsinga:

# Kröfðu dóttur svara í könnun

**PERSÓNUVERND** Hagstofu Íslands var ekki heimilt að reyna að fá dóttur konu, sem lenti í úrtaki fyrir tvær rannsóknir, og vinnuveitanda konunnar til að svara spurningum þegar ekki náðist samband við konuna, samkvæmt ákvörðun Persónuverndar.

Kona sem kvartaði til Persónuverndar lenti í úrtaki fyrir tvær kannanir Hagstofunnar. Annars vegar var um að ræða vinnumarkaðsrannsókn, en hins vegar rannsókn á tækjaeign og tölvunotkun.

Konan fékk bréf frá Hagstofunni en vildi ekki taka þátt í rannsóknunum og hunsaði því bréfin. Í kjölfarið var ítrekað reynt að ná í hana í síma. Að lokum var dóttir hennar beðin um að svara í hennar stað, auk þess sem hún var beðin um að upplýsa um vinnuveitanda konunnar til að hægt væri að afla svara hjá honum. Persónuvernd telur að með þessu hafi Hagstofan gengið lengra en lög heimila til að afla persónuupplýsinga. - bj



**TÖLVUNOTKUN** Þegar ekki náðist í konu í úrtaki Hagstofunnar til að spyrja hana um vinnutilhögun og tölvunotkun var dóttir hennar beðin um að svara í hennar stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir sérfræðingar:

# Fimm aðstoða vegna Palestínu

**PRÓUNARSAMVINNA** Fimm íslenskir sérfræðingar starfa nú í Mið-Austurlöndum hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem veita Palestínumönnum aðstoð.

Meðal þeirra verkefna sem unnið er að er aðstoð vegna viðbúnaðar vegna jarðskjálfta. Þá er hjúkrunarfræðingur við störf á Gasasvæðinu með UNICEF og þrír Íslendingar hafa starfað á skrifstofum Flóttamannahjálparinnar fyrir Palestínumenn; í Amman, Beirút og Jerúsalem. - bj




# Fær bætur fyrir pyntingar í Kabúl

Þýskum leigubílstjóra var rænt í Makedóníu árið 2003, hann fluttur til Afganistans með leynd og pyntaður þar í fangelsi bandarísku leyniþjónustunnar. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur nú dæmt Makedóníustjórn til að greiða honum skaðabætur.

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að þýski bílasalinn Khaled el Masri hefði þolað bæði pyntingar og aðrar misþyrmingar af hálfu bandarísku leyniþjónustunnar CIA í Afganistan á árinu 2003.

El Masri segir að sér hafi verið rænt í Makedóníu árið 2003. Þaðan hafi hann verið fluttur með leynd til Afganistans þar sem hann sætti harkalegum yfirheyrslum mánuðum saman í fangelsi í útjaðri höfuðborgarinnar Kabúl, skammt frá alþjóðaflugvellinum þar í borg. Fangelsið var á vegum bandarísku leyniþjónustunnar og jafnan nefnt „Saltgryfjan“.

Hann fullyrðir að Bandaríkjamenn hafi á endanum áttað sig á því að enginn fótur væri fyrir grun þeirra um að hann tengdist hryðjuverkastarfsemi á einhvern hátt. Þá hafi hann verið fluttur með leynd til Albaníu og látinn þar laus einn síns liðs í fjallshlíð.

Mannréttindadómstóllinn segir engan marktækan vafa leika á því að frásögn hans sé sönn.

Mál el Masris er eitt af fjölmörgum sem snúast um ólögleg mannrán bandarísku leyniþjónustunnar, ólöglega leyniflutninga með fórnarlömb slíkra mannrána og pyntingar og misþyrmingar þeirra í fangelsum leyniþjónustunnar, allt í tengslum við baráttu Bandaríkjastjórnar gegn hryðjuverkum.

Þetta er fyrsti dómur Mannréttindadómstólsins í slíku máli, en einungis var skoðaður hlutur Makedóníustjórnar í afdrifum el Masris. Samkvæmt úrskurðinum ber Makedónía ábyrgð á misþyrmingum sem el Masri sætti í Makedóníu og eftir að hann var fluttur til Afganistans.

Makedóníustjórn segist fallast á þessa niðurstöðu og hyggst greiða el Masri bæturnar. Bandaríska leyniþjónustan hefur neitað að tjá sig um dóminn.

El Masri barðist árum saman fyrir því að fá mál sitt tekið fyrir hjá dómstólum í Bandaríkjunum og í Evrópuríkjum. Árið 2010 var el Masri dæmdur í fangelsi í Þýskalandi fyrir líkamsárás á borgarstjórann í þýsku borginni Ulm. Eftir það sleit hann allt samband við fjölskyldu sína og lögmenn.

„Ég vona að þetta gefi honum örlítið meiri trú aftur á það að jafnvel lítill maður sem flækist inn í glæpi stórra ríkja geti átt möguleika á að njóta réttinda sinna,“ segir Manfred Gnjidic, lögmaður Masris. gudsteinn@frettabladid.is



**KHALED EL MASRI** Hann barðist árum saman fyrir því að mál hans yrði tekið fyrir hjá dómstólum í Bandaríkjunum og Evrópuríkjum. NORDICPHOTOS/AFP

Lítil saurgerlamengun mælist í Ytri-Rangá frá þéttbýlisfráveitunni á Hellu:

# Mengun skaðar aðallega ímynd

**UMHVERFISMÁL** Úrgangur sem lekið hefur í Ytri-Rangá frá kjúklingasláturhúsi á Hellu er fyrst og fremst sjónræn mengun en hefur ekki valdið skaða í lífríkinu.

Ofangreint kemur fram í Drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands. Eins og kunnugt er hafa veiðimenn við Ytri-Rangá einstaka sinnum orðið varir við kjúklingaúrgang fljótandi í ánni. Lax-á, leigutaki árinnar, er einmitt um þessar mundir að krefjast milljóna króna í skaðabætur eftir eitt óhapp sem varð í fyrrasumar. Fyrirtækið segist hafa orðið af miklum tekjum vegna veiðimanna sem þurft hafa frá að hverfa.

Í stöðuskýrslunni segir að mælingar í október síðastliðnum hafi sýnt litla saurkólígerlamengun við og neðan við hreinsistöð í fráveitunni á Hellu. „Þessar niðurstöður benda til að viðtakandinn, Ytri-Rangá, sé ekki undir álagi vegna gerla og lífrænna efna úr þéttbýlisfráveitu,“ segir í skýrslunni.

Áfram segir að tímabundið en umtalsvert álag hafi orðið í Ytri-Rangá vegna mengunar af völdum fitu og sláturúrgangs frá sláturhúsum þegar fitugildrur yfirfyllust, einkum hjá kjúklingasláturhúsi Reykjagarðs. „Nokkrum sinnum á síðustu árum hefur slíkur úrgangur farið beint í ána út af þessu.“



**RANGÁRFLÚÐIR** Ytri-Rangá er mikil lindará sem fráveitan á Hellu mengar lítið en er óhöpp verða mislíkar veiðimönnum að sjá úrgang fljótandi niður ána. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Þá kemur fram að hreinsibúnaðurinn þarfnist úrbóta. „Þetta eru fyrst og fremst mjög neikvæð sýnileg áhrif sem skaðað geta ímynd þessarar vinsælu veiðiár,“ segir í stöðuskýrslunni sem gerð er af Umhverfisstofnun. - gar

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI Vetrarfélagar




**SUZUKI GRAND VITARA**
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugri og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.
**Grand Vitara Premium+**
2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.450 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.750 þús.**

## Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni á fjórhjóladrifnum Suzuki.



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.
Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.



**SUZUKI SWIFT 4x4**
**Stærri , rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.




**SX4 SPORTJEPPINN**
Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. **3.650 þús.**
Meðaleyðsla 6,5L/100 km, beinskiptur

## Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Okt 2012

Fræða fólk um Internetið:

## Ríkið styður SAFT út 2014

**UPPLÝSINGATÆKNI** Skrifað hefur verið undir samning milli Heimilis og skóla, Rauða krossins, Ríkislögreglustjóra og Barnaheilla við ráðuneyti menntamála- og innanríkis- og velferðarmála um SAFT-verkefnið.

SAFT rekur vakningarátak og fræðslu um örugga og jákvæða notkun Netsins meðal barna og ungmenna, foreldra, kennara, fjölmiðla og þeirra sem starfa við upplýsingatækni. Verkefnið er hluti af netöryggisáætlun ESB. - óká

Evrópusambandsríkin samþykkja tillögur Íslands um IPA-styrki:

# Þrjár stofnanir fá 1,8 milljarða króna

**EVRÓPUMÁL** Alls munu 1,8 milljarðar króna renna til verkefna á Íslandi á næsta ári í tengslum við landsáætlun IPA, styrkjakerfis ESB en tillögur Íslands í þeim efnum voru nýlega samþykktar af aðildarríkjum ESB.

Á vef utanríkisráðuneytisins segir að þrjú verkefni fái IPA-styrki á næsta ári, en framkvæmdastjórn ESB eigi þó eftir að afgreiða málið og þess sé að vænta í janúar.

Í fyrsta lagi er það stuðningur til Fjármálaeftirlitsins til að ráðast í umbótaverkefni tengt eftirliti með allri fjármálastarfsemi og beinist meðal annars að því að samræma aðferðir og skipulag stofnunarinnar. Þá fær Hagstofan stuðning til að hérlend fyrirtækjatölfræði verði í samræmi við kröfur EES-samningsins og loks fær Tollstjóraembættið stuðning við að byggja upp tölvukerfi sem heldur utan um umflutning á vörum til og frá Íslandi í samræmi við reglur sem eru gildandi á EES-svæðinu, undirbúa upptöku á tölvukerfi tollskrár sem væri sambærilegt við tollskrárkerfi ESB, og samtímis innleiða nýtt þjónustulag í uppbyggingu tölvukerfis Tollstjóra.

Heildarstyrkveitingar til Íslands í gegnum IPA á tímabilinu 2011 til 2013 verða því rúmlega 5,7 milljarðar króna samtals. - þj



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** Stofnunin fær styrk til að ráðast í umbótaverkefni.




# Kreppan bjó í haginn fyrir umbótastarf

Dr. Gianandrea Falchi, framkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Ítalíu, segir að þó fjármálakreppan hafi haft alvarleg áhrif hafi hún neytt evruríkin til að horfast í augu við óþægilegar staðreyndir. Upplausn og erfiðleikum hafi fylgt vilji til umbóta.

**EFNAHAGSMÁL** Vandræði evrusvæðisins eru ekki að baki, en það versta er sennilega yfirstaðið. Þetta segir dr. Gianandrea Falchi, framkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Ítalíu, í samtali við Fréttablaðið. Hann var með framsögu á málþingi um reynslu evruríkjanna og Íslands í fjármálakreppunni í gær.

„Kreppan var sennilega líka vanmetin í upphafi þar sem hún hefur nú staðið yfir í fimm ár, sem er afar langur tími,“ segir Falchi en bætir því við að hún hafi þó haft ýmsar jákvæðar afleiðingar.

„Þó að fjármálakreppan hafi vitanlega haft afar alvarleg áhrif neyddi hún okkur Ítali til að horfast í augu við staðreyndir og hefja nauðsynlegar umbætur.“

Hið sama segir hann gilda um evrusvæðið í heild þar sem meðal annars var ákveðið í fyrrinótt að samræma reglur og eftirlit með bankastarfsemi.

Aðspurður um muninn á stöðu Íslands og Ítalíu eftir hrun, þar sem Ísland hafði eigin mynt og Ítalía var með evru, segir Falchi að sé horft til þróunar efnahagsmála í löndunum tveimur sé samanburðurinn Íslandi í hag. Hagvöxtur sé hafinn á ný á Íslandi, meðal annars vegna þess að Ísland hefur eigin mynt, en Ítalía horfi enn fram á samdrátt þangað til á næsta ári.

„Aðstæðurnar eru hins vegar ólíkar þar sem Ítalía er mun nátengdari mörkuðum í Evrópu, en við þekkjum þessa hluti frá fyrri tíð. Áður en við tókum upp evruna einkenndist efnahagslífið af sveiflum. Erfiðleikar kölluðu á gengisfellingu lírunnar sem efldi útflutning og stuðlaði þannig að hagvexti, en innan þriggja eða fjögurra ára hafði verðbólga stóraukist og stýrivextir hækkað. Ábatinn af slíku var því enginn til lengri tíma og með aðild að myntbandalaginu tókum við ákvörðun um að segja skilið við slíkt.“



**BJARTSÝNN** Dr. Gianandrea Falchi, framkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Ítalíu, segir nauðsynlegar umbætur hafa verið innleiddar í kjölfar fjármálakreppunnar. Evruríkin séu ekki sloppin úr kreppunni en hið versta sé yfirstaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir að vissulega hafi almenningur á Ítalíu mátt taka á sig auknar byrðar, en andstaðan við aðhaldsaðgerðir hefur ekki verið neitt í líkingu við það sem gerst hefur í Grikklandi.

„Svo sjáum við hins vegar evruríkið Írland, sem varð afar illa úti í hruninu, og gat ekki beitt gengisfellingu, en Írum hefur hins vegar auðnast að snúa aftur á braut hagvaxtar. Þannig er ekki hægt að benda á eina lausn í þessum málum.“

Falchi segir, spurður um horfurnar á Ítalíu næstu misseri, að hann óttist ekki framvinduna þrátt fyrir að þingkosningar verði í febrúar og óvíst hverjir taki við völdum.

„Markaðirnir skilja að landið er á réttri leið og trúa því að óháð því hvernig stjórn taki við, muni hún fylgja stefnunni sem hefur verið mörkuð.“ thorgils@frettabladid.is

> **Þó að fjármálakreppan hafi vitanlega haft afar alvarleg áhrif neyddi hún okkur Ítali til að horfast í augu við staðreyndir og hefja nauðsynlegar umbætur.**
>
> *Dr. Gianandrea Falchi framkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Ítalíu*







Semja við norskt iðnþróunarfélag um aðkomu að íslenskum vísindagörðum:

# Hleypir nýju blóði í áformin

**NÝSKÖPUN** Reikna má með að aðkoma norskra sérfræðinga að nýsköpun og uppbyggingu vísindagarða hleypi nýju blóði í áform um uppbyggingu vísindagarða hér á landi, segir Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks, nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins.

Klak hefur samið við Iðnþróunarfélag Noregs (SIVA) um uppbyggingu hér á landi. Eyþór segir að til að byrja með muni sérþekking sem sé til staðar innan SIVA skipta miklu. SIVA hefur byggt upp níu vísindagarða í Noregi.

„Fyrstu skrefin verða að byggja upp þetta samstarf við Norðmennina og ákveða hvernig við munum vinna þetta,“ segir Eyþór. SIVA mun fá leiðandi sérfræðinga í nýsköpun til að verða Íslendingum innan handar við að móta hugmyndir um nýsköpunarsetur og vísindagarða, auk leiðа til að fjármagna verkefnin.

Bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hafa skoðað möguleika á uppbyggingu vísindagarða en vinnan er lengra komin innan Háskóla Íslands, segir Eyþór. - bj

### Nýsköpun undir einu þaki



**VATNSMÝRI** Háskóli Íslands hefur stofnað félag sem á að reisa vísindagarða í Vatnsmýrinni, og hefur félagið þegar fengið lóð fyrir byggingunа. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vísindagarðar hafa það markmið að ýta undir nýsköpun. Þar á sér stað samstarf háskóla, rannsóknarstofnana, alþjóðlegra fyrirtækja og sprotafyrirtækja á einum stað. Tilgangurinn er að til verði ný þekking, ný verðmæti og ný fyrirtæki.

# KitchenAid® JÓLATILBOÐ







Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 82.990



Öllum KitchenAid® Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett ásamt matreiðslubók á íslensku.





## KitchenAid® HRÆRARI MEÐ SLEIKJUARMI

KitchenAid® hefur sett á markað nýjan hrærara, sem passar á flestar KitchenAid® hrærivélar. Hrærarinn er með mjúkum sleikjuarmi, sem blandar hráefni betur. Það þarf ekki að skafa innan úr skálinni þar sem hrærarinn skefur innan úr henni um leið og hrært er. Þetta gefur auðveldari, betri og hraðari árangur.



**JÓLATILBOÐ**

**4.990**

*Margir litir fáanlegir!*











| FJÖGURRA SNEIÐA BRAUÐRIST | TVEGGJA SNEIÐA BRAUÐRIST | BLANDARI | MATVINNSLUVÉL | KAFFIKVÖRN |
|---|---|---|---|---|
| VERÐ FRÁ | VERÐ FRÁ | VERÐ FRÁ | VERÐ FRÁ | VERÐ FRÁ |
| 59.990 | 49.990 | 39.990 | 54.990 | 44.990 |



KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI ÁKÆRIR Í AURUM HOLDING MÁLINU




# Fjórir ákærðir fyrir umboðssvik

Þrír fyrrum stjórnendur Glitnis og fyrrum stjórnarformaður aðaleiganda bankans hafa verið kærðir fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim. Málið snýst um sex milljarða króna lánveitingu til kaupa á Aurum Holding. Réttarstöðu Pálma Haraldssonar breytt. Hann er nú vitni.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Sérstakur saksóknari gaf á miðvikudag út ákæru á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Lárusi Welding, Magnúsi Arnari Arngrímssyni og Bjarna Jóhannessyni í svokölluðu Aurum Holding-máli. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snúast ákærurnar um umboðssvik og hlutdeild í þeim. Lárus og Magnús eru ákærðir sem aðalmenn en Jón Ásgeir og Bjarni sem hlutdeildarmenn. Réttarstöðu Pálma Haraldssonar hefur verið breytt í réttarstöðu vitnis. Hann hafði um tíma réttarstöðu sakbornings. Við þeim brotum sem ákært er fyrir getur legið allt að sex ára fangelsisdómur.

Þetta er í annað sinn sem Lárus Welding er ákærður fyrir meint umboðssvik. Í byrjun þessarar viku lauk málarekstri í hinu svokallaða Vafningsmáli þar sem farið er fram á fimm og hálfs árs fangelsi yfir honum vegna umboðssvika. Niðurstöðu í því máli er að vænta 28. desember næstkomandi.

**Tveir milljarðar til Pálma og Jóns**

Rannsókn málsins hefur staðið yfir um nokkurra ára skeið. Þann 16. nóvember 2010 framkvæmdi embætti sérstaks saksóknara húsleitir á fjölmörgum stöðum, handtók menn og boðaði aðra til yfirheyrslu vegna fimm sundurgreindra mála sem tengjast Glitni sem það var með til rannsóknar. Á meðal þeirra mála var sex milljarða króna lánveiting Glitnis til FS38 ehf., félags í eigu Pálma Haraldssonar, í júlí 2008. Lánið var notað til að kaupa eignarhlut Fons, sem var einnig í eigu Pálma, í Aurum Holding, sem á bresku verslanakeðjurnar Goldsmiths, Mappin&Webb og Watches of Switzerland.

Eftir að lánið var greitt út notaði FS38 fjóra milljarða króna af því til að gera upp vanskil Pálma Haraldssonar en tveir milljarðar króna voru færðir inn á hlaupareikning Fons. Þaðan var einn milljarður króna færður inn á persónulegan hlaupareikning Jóns Ásgeirs.

Samkvæmt tölvupósti sem Pálmi sendi starfsmönnum Glitnis við undirbúning lánveitingarinnar átti afgangur hennar að vera frír „til ráðstöfunar fyrir Fons". Það var um einn milljarður króna. Bjarni Jóhannesson, sem var viðskiptastjóri hjá Glitni og þjónustaði meðal annars félög í eigu Jóns Ásgeirs, og Magnús Arnar Arngrímsson, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis og sat í áhættunefnd hans, komu báðir að veitingu lánsins til FS38.

**Selt aftur til Glitnis fyrir krónu**

Samhliða lánasamningnum gerðu Glitnir og Fons með sér samning um söluréttt Fons á FS38 til Glitnis á eina krónu. Þann 30. desember 2008 tilkynnti Fons um að félagið hygðist nýta sér þennan sölurétt. Þannig komst FS38 í eigu Glitnis sem sat uppi með sex milljarða króna lánið og hlutabréfin í Aurum sem keypt höfðu verið. Þegar lánið var á gjalddaga í júlí 2009 var ekki hægt að greiða það. Slitastjórn Glitnis hefur metið virði Aurum-bréfanna á þeim tíma sem ekkert.

Heimildir Fréttablaðsins herma að annar þeirra milljarða sem greiddir voru til Pálma hafi ratað inn á reikning í Kaupþingi í Lúxemborg.

Í mars 2011 framkvæmdi embætti sérstaks saksóknara umfangsmikla húsleit í bankanum, sem nú heitir Banque Havilland, og lagði meðal annars hald á gögn sem tengdust þeirri millifærslu. Tæpt ár tók að fá þau gögn afhent frá lúxemborgskum yfirvöldum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skiptu þessi gögn miklu máli fyrir rannsókn Aurum-málsins. Rannsóknarfasa málsins lauk fyrir þó nokkru síðan en dregist hefur að taka ákvörðun um hvort ákæra ætti og hverja.

## Jón Ásgeir segir sakamálið skáldað

**Jón Ásgeir Jóhannesson segir í yfirlýsingu sem hann sendi til Fréttablaðsins að um skáldað sakamál sé að ræða.**

„Sakarefni sem á mig eru borin standast ekki skoðun.

1. Glitnir var betur tryggður eftir viðskiptin en fyrir. Það sjá allir sem málið skoða.
2. Fons var vel gjaldfært þegar samningur var gerður samkvæmt úttekt.
3. Þú Blá Sól ehf. gerði samning við Fons, ekki Glitni.
4. Aurum hefur staðið undir því verðmæti sem notað var sem viðmið.
5. Það er fáránlegt að halda því fram að við, sem stærstu eigendur Glitnis á þessum tíma, hefðum hag af því að skaða bankann. 6 milljarða tap hefði kostað okkur í kringum 16 milljarða í markaðsvirði.
6. Ég tók þátt í því að koma á góðum viðskiptum fyrir Glitni. Menn geta endalaust rifist um verðmat, en það er óumdeilt að Aurum var selt í síðustu viku á 36 milljarða. Það er mun hærra verð en saksóknari notar í verðmati í ákæru.

Ég er dapur yfir því að hafa verið ofsóttur af yfirvöldum í 10 ár. Frá ágúst 2002 hef ég haft stöðu grunaðs manns hjá íslenskum yfirvöldum. Það er þungbært fyrir mig og mína fjölskyldu. Margir segja að aðkoma mín að útgáfu Fréttablaðsins sé ástæðan fyrir því en það er óumdeilt að ofsóknir gegn mér byrjuðu á sama tíma. Það þekkja allir sögu tölvupósta fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins þar sem yfirvöld voru hvött til aðgerða gegn mér og mínum.

Það að ákæra mann sem er með mál í dómi, Lárus Welding, er eins ómanneskjulegt og hægt er að hugsa sér. Það er mýta að efnahagsbrot séu flókin. Það hins vegar tekur tíma að skálda upp sakamál. Það er einmitt að gerast í þessu máli og öðrum."

## Landsbankinn hagnast vel á Aurum

Aurum Holding fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á árinu 2009. Þá var félagið endurfjármagnað, skuldum upp á 8,5 milljarða króna breytt í nýtt hlutafé og kröfuhafar lánuðu Aurum auk þess tvo milljarða króna. Á sama tíma seldu allir hluthafar, þar á meðal Glitnir, hlutafé sitt á málamyndaverði og afskrifuðu það í kjölfarið. Rekstur Aurum hefur batnað til muna eftir þetta og jókst hagnaður félagsins til að mynda um 53 prósent á rekstrarárinu 2011.

Í stefnu slitastjórnar Glitnis, sem greint er frá hér til hliðar, segir að „skv. tillögu frá PricewaterhouseCoopers sem sett var fram til að forða Aurum frá gjaldþroti breytti Landsbankinn, sem var helsti lánardrottinn félagsins, hluta af lánum sínum í hlutafé gegn því að allir hluthafar félagsins seldu hlutabréf sín á málamyndaverði sem var eitt pund. Á það féllust hluthafar og afskrifuðu sitt hlutafé í Aurum".

Eftir þessa endurskipulagningu eignaðist Landsbankinn um 60 prósenta hlut í Aurum. Þann hlut seldi þrotabúið fyrr í þessum mánuði til Apollo Global Management. Söluverð alls hlutafjár í Aurum var um 175 milljónir punda, um 36 milljarðar króna, þegar saman eru lögð greiðsla og vaxtaberandi skuldir sem keyptar voru.

Jón Ásgeir Jóhannesson, einn hinn ákærðu í málinu, sendi bréf til sérstaks saksóknara vegna þess í síðustu viku þar sem hann fjallar um nýlega sölu á Aurum. Í bréfi Jóns Ásgeirs, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að „við umbreytingar á skuldum Aurum í hlutafé á árinu 2009 var Glitni boðið að taka þátt í hlutafjáraukningunni, sem slitastjórn Glitnis hafnaði. Með því varð Glitnir af því tækifæri að verja eign sína. Hefði sú ákvörðun verið tekin er ljóst að tap Glitnis vegna umræddra viðskipta hefði ekki átt sér stað. Don McCarthy, sem tók stöðu Glitnis við aukninguna, er nú að hagnast um á fimmta milljarð ISK. Sá hagnaður hefði auðveldlega getað verið Glitnis, ef réttar ákvarðanir hefðu verið teknar".

Jón Ásgeir hélt því einnig fram í bréfinu að austurlenska skartgripafyrirtækið Damas hefði haft samband við seljendur á lokametrum sölunnar og óskað eftir því að fá að kaupa félagið fyrir hærra verð. Það hefði hins vegar ekki verið hægt þar sem þegar hefði verið búið að undirrita samkomulag um sölu til Apollo. Slitastjórn Landsbankans vildi ekki tjá sig um þennan skilning í gær þegar Fréttablaðið leitaði eftir upplýsingum um málið.

**60%** er sá hlutur í Aurum Holding sem þrotabú Landsbankans seldi nýverið.

**1,0** pund er sú upphæð sem hluthafar Aurum seldu hlutabréf sín á árið 2009.

**visir.is**

Lesa má bréf Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í heild sinni á Vísi.

## Hinir ákærðu





**Lárus Welding** var forstjóri Glitnis og formaður áhættunefndar bankans. Hann er einn hinna stefndu í skaðabótamáli slitastjórnar Glitnis vegna Aurum-lánsins og er sakborningur í svokölluðu Vafningsmáli. Þar er honum einnig gefið að hafa framið umboðssvik. Lárus er ákærður sem aðalmaður í umboðssvikum.

**Magnús Arnar Arngrímsson** gegndi stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis og sat í áhættunefnd bankans. Hann starfaði um tíma hjá Íslandsbanka eftir hrun. Magnús Arnar er ákærður sem aðalmaður í umboðssvikum.

**Jón Ásgeir Jóhannesson**, var stjórnarformaður og aðaleigandi FL Group, sem var stærsti eigandi Glitnis. Hann er einn hinna stefndu í skaðabótamáli slitastjórnar Glitnis vegna Aurum-lánsins. Jón Ásgeir er ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum.

**Bjarni Jóhannesson** er fyrrum viðskiptastjóri hjá Glitni. Hann sá meðal annars um viðskipti Baugs og tengdra aðila við bankann fram að falli hans í október 2008. Bjarni er ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum.

## MÁL SLITASTJÓRNARINNAR FRESTAST



Slitastjórn Glitnis stefndi Jóni Ásgeiri, Pálma, Lárusi Welding og þremur fyrrum starfsmönnum Glitnis vegna Aurum-lánsins snemma árs 2010 og eru hinir stefndu sameiginlega krafðir um greiðslu á sex milljörðum króna auk vaxta frá miðju ári 2008. Málið var sett í biðstöðu í febrúar síðastliðnum eftir að dómari þess í héraðsdómi vildi fá að vita hvað kæmi út úr rannsókn sérstaks saksóknara áður en lengra yrði haldið.

Málið var tekið aftur fyrir í maí og þá lögðu dómkvaddir matsmenn fram mat sitt á virði eignarhlutar Fons í Aurum þegar Glitnir veitti lán til kaupa á honum í júlí 2008. Niðurstaða þeirra var sú að virði hlutarins hefði verið á bilinu 0 til 929 milljónir króna og eðlilegt mat á honum hefði verið þar mitt á milli, eða 464 milljónir króna. Það er þrettán sinnum lægri upphæð en það sem greitt var fyrir hlutinn.

Hinir stefndu vísuðu þessu mati á bug og fóru fram á yfirmat. Það hefur enn ekki verið klárað. Eftir að sérstakur saksóknari ákvað að ákæra í Aurum-málinu er ljóst að einkamálið mun frestast þar til niðurstaða liggur fyrir í sakamálahluta þess. Því er ljóst að það mun fylgja hinum stefndu í nokkur ár til viðbótar.




| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| Akureyri | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| Vestmannaeyjar | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |



**LJÓSADÝRÐ** Jólaljósin lýsa upp miðborgina í skammdeginu. Þau hlýja vegfarendum þótt úti sé kalt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ENDURKAST Í STILLUNNI** Tjörnin var spegilslétt í vetrarblíðunni og blikaði þar á Fríkirkjuna og Hallgrímskirkju í morgunskímunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borgin kemst í hátíðarskap

Á meðan líða tekur að jólum færist sífellt meiri jólastemning yfir Reykjavík. Ljósmyndarar Fréttablaðsins hafa farið um bæinn til að fanga jólaandann.



**TURNARNIR** Kirkjur landsins iða af lífi um hátíðirnar. Hér eru turnar Háteigskirkju í forgrunni en í baksýn er Hallgrímskirkja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GÖNGUM VIÐ Í KRINGUM** Óslóartréð á Austurvelli er einn helsti fyrirboði jólanna í miðborginni. Börn í Hamraskóla kíktu á tréð og tóku þar stuttan snúning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BORGARSÝN** Jólaljósin loga í kirkjugarðinum á Lágafelli í Mosfellsbæ eins og víðar um land, og borgarljósin lýsa upp myrkrið í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


3. sæti
Bestu þýddu barnabækurnar
Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana
Barnabók ársins
Washington post
New York Times
Metsölubók
Bókmenntaverðlaun 2012
fyrir 8-14 ára
GRIMMSYSTUR
ÆVINTÝRASPÆJARAR
EFTIR MICHAEL BUCKLEY
Ævintýri eins og þau gerast best
Allir kannast við Grimmsbræður og nú er fyrsta bókin um Grimmsystur fáanleg á íslensku. Systurnar Sabrína og Dagný Grimm komast að því að þær eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Ekki nóg með það heldur eru sögurnar sem við þekkjum sem ævintýri dagsannar heimildir um óknytti ævintýraveranna.
Metsölubækur
KAMILLA VINDMYLLA OG BULLORÐNA FÓLKIÐ
Hilmar Örn Óskarsson
6. sæti
yfir mest seldu barna- og unglingabækur*
*Metsölulisti Eymundsson vikuna 14.-21. nóv.
„frábær húmor ...einstaklega vönduð“
Edda Björgvins leikkona
„Bull-fyndin bók“
Rökkvi 10 ára
fyrir 8-13 ára
Rækilega fyndin og spennandi!
Kamilla og vinir hennar þurfa að kljást við kexvitlausan vísindamann, fluggáfaðan úlf og sína eigin foreldra í þessari þrælfyndnu bók.
RÖKKURHÆÐIR
ÓFRIÐUR
Marta Hlín Magnadóttir
Birgitta Elín Hassell
KRISTÓFER
3. sæti
yfir mest seldu barna- og unglingabækur*
„Frekar kripí, gat samt ekki hætt að lesa“
Daníel 15 ára
„... nóg af húmor í bland við óhugnaðinn sem er sérlega vel gerður!“
Úlfhildur Dagsdóttir Bókmenntir.is
fyrir 12-18 ára
Vinsælasti íslenski unglingabókaflokkurinn!
Ófriður skekur Rökkurhæðir. Tekst Ingibjörgu og Matthíasi að komast að rótum vandans áður en það er of seint?
IBBY Á ÍSLANDI
Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar
Við reynum ekki að vera best í öllu.
Þess vegna gefum við bara út barna- og unglingabækur.
Það er okkar ástríða
BÓKABEITAN
Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími 588 6609
bokabeitan@bokabeitan.is
www.bokabeitan.is

DVD SPILARAR



Dantax

**Dantax DVD817**
Lítill og nettur DVD spillari með HDMI, Scart, Composite, S-video, Component tengi, Digital coax út ofl.

**VERÐ 7.990**

HEYRNARTÓL



AKG

**AKG K511**
Vönduð heyrnatól með 18Hz - 20kHz tíðnisviði og 32 Ohm. 1,5m kapall. 24k gulltengi. Aðeins 195 grömm.

**VERÐ 5.990**

SJÓNVÖRP




FINLUX

**Finlux 22FLHS910LU**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Fyrir 12v - 230v.

**VERÐ 49.990**

MYNDARAMMAR



INTENSO

**Intenso Photopromoter 8**
Stafrænn 8" myndarammi með 800x600 upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum.Skyggnusýningar. Fjarstýring, standur ofl.

**VERÐ 14.990**

BÍLGRÆJUR



JVC

**JVC KDR321**
24 bita MP3 bílgeislaspilari með hristivörn og FM/LW RDS útvarp með minnum. 4x50w MOS-FET magnari, tónjafnari, HS-IVi-tuner, Aux inng. að framan og aftan. Fjarlæga má framhlið. Bluethooth möguleiki.

**VERÐ 19.990**

SJÓNVÖRP MEÐ DVD




FINLUX

**Finlux 26FLY910LV**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**VERÐ 74.990**

MP3 SPILARAR



Lenco AUDIO - VIDEO

**Lenco Xemio 655**
MP3 spilari með 4GB minni og 1,8" skjá. Upptökumöguleiki. USB 2.0 tengi. Rauf fyrir Micro SD kort að 8GB. Rafhlaða dugar u.þ.b. 8 klst. í afspilun á tónlist og 3,5 klst í afspilun á mynd.

**VERÐ 5.990**

SJÓNAUKAR

Sky-Watcher



**Skywatcer SWHERITAGE76**
Dobson stjörnusjónauki með 5x24 leitarsjón-auka, 76mm (3") ljósopi, 300mm brennivídd, f/3,95 brennihlutfalli. Sjónauki með 25mm gleri (12x), 10mm augngleri (30x) og tunglsíu.

**VERÐ 11.990**

MYNDAVÉLAR



OLYMPUS

**Olympus VG170**
Myndavél með 14 milljónir punkta upplausn. 5x Optical og 4x Digital Zoom. 4.7 - 23,5mm linsa. 3" LCD skjár. Face Detection. iESP Auto, Spot AF, Face Detection AF, AF Tracking. Auto Exposure og 3D myndataka. HD vídeó upptaka. Sendir myndir þráðlaust í tölvu/síma. SD kortarauf. 49 MB minni. Hleðslurafhlaða.

**VERÐ 19.990**

HEIMASÍMAR

Panasonic



**Panasonic KXTG1711**
Þráðlaus DECT sími með LCD baklýstum skjá, 50 nafna símaskrá, númerabirtir fyrir 50 númer og endurval í 10.

**VERÐ 4.990**

HLJÓMTÆKI



Lenco AUDIO - VIDEO

**Lenco SCR94BL**
Lítið og nett ferðatæki með geislaspilara og FM útvarpi. Gamaldags kasettutæki. Heyrnatólstengi. Góðir hátalarar.

**VERÐ 8.990**

TÖKUVÉLAR



JVC

**JVC GZE15**
Háskerpu stafræn tökuvél með 2,7" LCD skjá, CMOS upptökuflögu, 2.9-116.0 linsu með A.I.S. hristivörn og MPEG4/H.264 upptöku. 40x optical aðdráttur og 200x stafrænn aðdráttur. Innbyggður hljóðnemi.

**VERÐ 49.990**




Panasonic TXL50EM5

**199.990**

FULLT VERÐ **249.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv · HIGH CONTRAST · V-Audio SURROUND · USB Media Player · GAME MODE · USB · HDMI x2 · FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# SKOÐUN

Brotakennd sýn á kerfi neyzluskatta:

## Tapið af tollunum

Viðskiptaráð Íslands hefur gefið út merkilega skýrslu, sem Fréttablaðið sagði frá í gær. Þar eru birtar upplýsingar og útreikningar sem benda eindregið til að stjórnmálamenn skorti með öllu heildarsýn á kerfi neyzluskatta hér á landi.

Kerfið er óhemjuflókið, dýrt og fjandsamlegt neytendum. Þannig eru tvö virðisaukaskattþrep og 364 tollflokkar. Hlutfall hærra þreps virðisaukaskattsins er með því hæsta sem þekkist en hins vegar eru líka ýmsar vörur og þjónusta sem bera engan virðisaukaskatt. Tollarnir eru hér um bil þrefalt hærri en að meðaltali í hinum norrænu ríkjunum og Bretlandi. Vörugjöld hafa víðast í nágrannalöndunum verið lögð af en hér á landi eru þau há, tilviljanakennd og mismuna vöruflokkum án þess að nokkur maður virðist vita hvernig sú mismunun var hugsuð.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Viðskiptaráð bendir á svokallað velferðartap vegna hárra tolla og vörugjalda. Það felst í því að vegna hás vöruverðs, sem álögurnar ýta undir, kaupa færri en ella viðkomandi vöru og verða þar af leiðandi af því notagildi sem hún býður upp á. Þetta þýðir jafnframt að skattstofn ríkisins minnkar og viðkomandi vara skilar minna í ríkiskassann en hún gæti gert ef skattlagningin væri hóflegri og fleiri keyptu hana.

VÍ tekur sem dæmi ýmis heimilis- og raftæki, sem bera oft 7,5% toll, 20-25% vörugjald og svo 25,5% virðisaukaskatt, sem þýðir að heildarskatturinn nemur 62-69%. Útreikningar ráðsins benda til að skattheimta ríkisins afli um fimm milljarða króna af þessum vöruflokki en um 11 milljarðar tapist. Með öðrum orðum „orsaka tollar og vörugjöld svo háa skattlagningu að þau eyðileggja meiri verðmæti en þau afla".

Viðskiptaráð leggur til að tollar og vörugjöld sem ekki er ætlað að draga úr samfélagslegum kostnaði af viðkomandi vöru (eins og á áfengi, tóbak og eldsneyti) verði einfaldlega afnumin. Jafnframt verði undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts afnumdar á einhverju tímabili og skatthlutfallið bæði samræmt og lækkað. VÍ reiknar út að jafnvel þótt almennt þrep virðisaukaskatts yrði 20% myndu þessar breytingar þýða að ríkissjóður kæmi út á sléttu. Þær myndu jafnframt stuðla að því að opna hagkerfið fyrir alþjóðaviðskiptum, bæta kjör neytenda og efla samkeppnishæfni íslenzkra fyrirtækja.

VÍ svarar þeirri röksemd, sem oft er sett fram gegn samræmingu virðisaukaskattsþrepanna, að það að hafa mat og aðrar lífsnauðsynjar í lægra þrepi, sé tekjulágum fjölskyldum í hag. Ráðið vitnar til kannana hér á landi sem sýna að tekjulágir verja álíka háu hlutfalli tekna sinna í mat og tekjuháir. „Þvert á móti gefur lægri skattlagning matvæla þeim efnameiri meiri skattaafslátt í krónum talið, þar sem sá hópur eyðir hærri upphæðum í matvörur," segir í skýrslunni. Þar er jafnframt sett fram það skynsamlega sjónarmið að sé vilji til þess að styðja ákveðna hópa, til dæmis tekjulága eða landsbyggðina, sé nær að gera það með gegnsæjum hætti í gegnum fjárframlög frá skattgreiðendum en með því að fela stuðninginn með fikti í skattkerfinu.

Það er full ástæða til þess fyrir stjórnmálamenn að hætta að reyna að kroppa krónur af neytendum með tollum, gjöldum og sköttum hér og þar og horfa þess í stað á heildarmyndina; hvernig hægt sé að búa til heilbrigðan tekjustraum með einfaldri og sanngjarnri skattlagningu. Tillögur Viðskiptaráðs eru að minnsta kosti vel þess virði að þær séu skoðaðar í alvöru.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjárlög og jarðgöng

Fáir á Alþingi eru orðheppnari en utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson. Hann fór í ræðustól í gær í umræðum um störf þingsins. Næst á undan honum hafði Illugi Gunnarsson verið að ræða um rannsóknir á göngum undir Vaðlaheiði. Hann var ósáttur við að framkvæmdin væri borguð alfarið af ríkinu en kölluð einkaframkvæmd og varaði við því að sama leið væri fyrirhuguð varðandi Landspítalann. Hann vonaðist síðan til þess að ræða þessi mál í umræðu um fjárlög. Össur vék að þessu: „Fjárlög koma og fara og það sama gildir um jarðgöng ..." Sjálfur vildi hann frekar ræða Þingvallavatn.



### Þunglyndisvaki

Raunar gaf Össur kollegum sínum á þingi ekki háa einkunn varðandi umræðuhefðina: „Ég verð að segja fyrir okkur ráðherra sem sitjum hér á bekkjunum og hlustum á þingmenn undir þessum lið, jafnvel þá okkar sem eru fæddir bjartsýnir og vilja ekkert nema láta gott af sér leiða, að við getum hneigst til þunglyndis við að sitja of lengi undir þessum ræðum."

### Verkfall væntanlegt

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, var þungorður í garð stjórnvalda í gær. Ríkisstjórnin hefði ekki staðið við gerða kjarasamninga og á meðan svo væri hefði Alþýðusambandið ekkert að ræða við stjórnvöld. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ASÍ-forystan talar á þessum nótum. Raunar hefur stundum gengið á með brigslum ASÍ og ríkisstjórnarinnar þar sem hvor aðilinn ásakar hinn. Ef ríkisstjórnin fer nú ekki að vilja ASÍ, þá á forysta þess engan annan kost í stöðunni en að líta á samningana sem dauða og ómerka og boða til verkfalls. Annars hættir fólk að hlusta þegar hótanirnar koma.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hækkun lána óbreytanlegt ástand?

FJÁRMÁL



**Birkir Jón Jónsson**



**Vigdís Hauksdóttir**
þingmenn Framsóknar

Það er niðurdrepandi fyrir fólk að horfa upp á lán sín hækka mánuð eftir mánuð þrátt fyrir að standa samviskusamlega við afborganir sínar hver mánaðamót. Þau úrræði sem skuldugum heimilum hafa boðist frá hruni eru bara frestun á vandanum eins og frysting lána. Það er verið að lengja í ólinni fyrir marga í samfélaginu. Það er engin lausn að frysta lán ef höfuðstóllinn hækkar um hver mánaðamót.

Framsóknarmenn leggja áherslu á málefni skuldugra heimila. Við höfum lagt fram mál sem tekur á afnámi verðtryggingar í þrepum og hvernig við getum nýtt skattkerfið til að skapa hvata svo að fólk geti lækkað höfuðstólinn af stökkbreyttum, verðtryggðum lánum sínum. Við höfum fundið fyrir jákvæðni frá þingmönnum annarra flokka í garð tillaga Framsóknar um málefni heimilanna, þrátt fyrir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

### Bjartari tímar

Vonandi getum við náð samstöðu á Alþingi um að koma þeim í framkvæmd hið fyrsta eftir kosningar. Þá eigum við bjartari tíma fyrir höndum og við erum sannfærð um að þeir eru fyrir höndum, en þá þurfum við líka að fara að taka okkur til og nýta þau tækifæri sem eru fyrir hendi í samfélaginu.

Það er því spurning til kjósenda í vor hvort hugmyndir Framsóknar um 4% þak á verðtryggingu sem byrjun á afnámi verðtryggingar og notkun skattkerfisins sem hvata geti leitt til þess að við náum meiri sátt fyrir það fólk sem hefur orðið algjörlega útundan í lausn á vanda skuldugra heimila eftir efnahagshrunið 2008.

**➜ Það á ekki að vera gríðarlega flókið mál að reka samfélag þar sem búa 320 þúsund manns með allar þessar auðlindir.**

Eins og fram hefur komið oft hefur störfum á Íslandi fækkað á undangengnum árum. Fólk er að hverfa af vinnumarkaðnum, fólk er að fara af atvinnuleysisbótum yfir á sveitarfélögin í landinu og það er líka að hverfa úr landi.

Staðreyndin er sú að við erum einungis 320 þúsund manna þjóð en höfum allar þessar auðlindir. Við erum með fiskinn, olíuna, orkuna, náttúruna og mannauðinn, mjög vel menntað fólk. Það á ekki að vera gríðarlega flókið mál að reka samfélag þar sem búa 320 þúsund manns með allar þessar auðlindir. Við erum gríðarlega rík þjóð og nú er svo komið að við þurfum að einhenda okkur í það verkefni að nýta þau tækifæri sem blasa við okkur, á sem flestum stöðum. Við þurfum öll að hafa atvinnu og geta séð fyrir okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Með fulla trú á sjálfum sér

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fréttastofa RÚV færði okkur fréttir af því í vikunni að fólk treysti fréttastofu RÚV betur en öðrum fréttastofum. Þar var vitnað í könnun rannsóknarfyrirtækisins MMR á trausti almennings til helstu fjölmiðla.

Það er spurning: Er það traustvekjandi ef fjölmiðill telur það fréttnæmt að aðrir telji hann traustsins verðan?

Ef til vill mætti líta fram hjá hóflegu magni sjálfshóls á þessum vinnustað sem öðrum. Flestir vilja, jú, monta sig aðeins og niðurstaða úr skoðanakönnun sem þessari er kannski réttmætt fréttaefni, allavega í samanburði við annað sem ratar í fréttir hérlendis. Ég meina, fyrsta frétt sama kvöld fjallaði til dæmis um það að lögreglan hefði leyst upp ólöglegan pókerklúbb. Kannski er því ekki svo galið að fjalla um traust til fjölmiðla. En þetta er samt auðvitað bara markaðsrannsókn. Hún mælir ekki hvað er satt, heldur hvað fólk heldur að sé satt. Þótt „almenningur" telji tryggingarfélag traust, því það er „gamalt og rótgróið", þýðir það ekki í sjálfu sér að reksturinn standi traustum fótum. Til gamans: Sú fréttastöð sem nýtur mests trausts í Bandaríkjunum heitir „Fox News".

### Þurfum að spyrja

En ef við teljum fréttir af trausti fólks til frétta vera fréttir í sjálfu sér þá þurfum við að spyrja okkur eftirfarandi spurningar:

Myndi fréttastofa RÚV segja frá því að samkvæmt könnun MMR væri traust til fréttastofu RÚV í sögulegu lágmarki? Ef við getum ekki svarað þessu hiklaust með jái þá liggur vandamálið fyrir.

Í fréttum miðvikudagsins var til dæmis fullyrt að traust til fréttastofu RÚV væri að aukast, enda hafði það hækkað úr 71,5% í 75,3%. Miðað við það úrtak sem tiltekið var í könnun MMR virðist mér raunar ekki vera hægt að fullyrða með 95% vissu að traustið hafi í raun hækkað. Þetta er í daglegu tali orðað þannig að munurinn sé „innan skekkjumarka". En að minnsta kosti einu sinni frá því að mælingar MMR hófust hefur orðið marktæk lækkun á fjölda þeirra sem bera mikið eða frekar mikið traust til RÚV. Í maí 2009 mældist traustið 69,9% og hafði lækkað úr 82,1% í desember 2008. Hver var fyrirsögnin á RÚV þá? Jú: „Fréttastofa RÚV nýtur mests trausts." Í fréttinni sagði: „Um 70% aðspurðra segjast bera mikið traust til fréttastofu RÚV, og er það nærri tvöfalt fleiri en segjast bera mikið traust til fréttastofu Stöðvar 2." Loks var reyndar tæpt á því að „nokkuð færri sögðust bera mikið traust til fjölmiðlanna" en í fyrri könnun. Traust til fjölmiðla almennt. Ekkert minnst á það í þetta skiptið að traust til RÚV hefði minnkað umtalsvert.

> Myndi fréttastofa RÚV segja frá því að samkvæmt könnun MMR væri traust til fréttastofu RÚV í sögulegu lágmarki?

### Yndislega fyrirsjáanlegt

Sjáum fyrir okkur fréttastofu sem birtir fyrirsagnir á borð við: „Sjálfstæðisflokkurinn mælist hæstur" eða „Fylgi Sjálfstæðisflokksins eykst" en þegir þá sjaldan sem hvorugt á við. Slík fréttastofa væri talin hlutdræg þegar kæmi að umfjöllun um Sjálfstæðisflokkinn. Á sama hátt er fréttastofa RÚV hlutdræg þegar kemur að umfjöllun um fréttastofu RÚV.

Nú er fréttastofa RÚV kannski ekki öðrum verri. Það ágæta blað sem ég fæ að skrifa í og það fyrirtæki sem það heyrir undir flytja líka fréttir af eigin velgengni. Sé leitað að orðunum „lestur Fréttablaðsins" á netinu eru fyrstu fréttir af Vísi.is með fyrirsögnum á borð við „Mikið forskot Fréttablaðsins" og „Fréttablaðið með yfirburðastöðu". Síðan kemur reyndar ein frétt af mbl.is: „Lestur á Fréttablaðinu minnkar." Allt þetta er nú svo yndislega fyrirsjáanlegt að það er næstum því krúttlegt. Eigin velgengni er fréttnæm, hrakfarir annarra einnig en ekki annað. En þótt fréttastofa RÚV sé ekki verri, er það nóg? Ætti hún ekki að vera betri? Er hún ekki svo traust?

Ég myndi treysta betur fréttastofu sem léti vera að birta jákvæðar fréttir um sjálfa sig, þótt hún gæti það. Ég skoðaði raunar nokkrar erlendar fréttir af trausti til fjölmiðla. Í þeim tilfellum sem ríkisfjölmiðlar fjölluðu um eigið ágæti var það oft gert undir liðnum „fréttatilkynningar". Enda eru þetta auðvitað fréttatilkynningar.

Fréttatilkynningar sem vill svo til að samdar eru af fréttastofum. Og því hættir mönnum til að líta á þær sem fréttir.

# ESB eins og það var 1870 í augum Íslendinga

ESB-AÐILD
Bolli Héðinsson
hagfræðingur



> ➜ Þessum sömu skoðunum og skáldið reis gegn er leynt og ljóst haldið á lofti hér á landi …

Benedikt Gröndal rithöfundur leyfði sér stundum að hafna viðteknum skoðunum samferðamanna sinna. Hann kvartaði yfir skorti á víðsýni og framfaravilja og fyrirleit þá þjóðrembu sem viðgekkst á hans dögum. Enginn þarf þó að brigsla skáldinu um skort á ættjarðarást.

Um þetta skrifaði hann greinar í blöð og nú, rúmum 140 árum síðar, er fróðlegt að bera saman hvað hefur breyst í íslenskri umræðu frá þeim tíma. Hér er tilvitnun í grein eftir skáldið frá 1870. Ef við setjum Evrópusambandið (ESB) í staðinn fyrir þar sem áður stóð „Dani" eða „danskur" fáum við eftirfarandi út:

„Menn eru sí og æ að hreyta í kringum sig sömu orðtækjunum, svo sem að þjóðerni vort sé í veði fyrir árásum [ESB] og stjórnarinnar – meiningin er náttúrulega þessi: Íslendingar, hæstvirtu og elskuðu landar! Þér eruð makalausir og eigið ekki yðar líka nokkurs staðar í heiminum, þér eruð saklausir englar og sannleikans píslarvottar, klipnir og kúgaðir af [ESB] án allrar verðskuldunar, niðurníddir, krossfestir, kvaldir og deyddir af þessum grimmdarlegu og samviskulausu böðlum og blóðhöndum, sem hafa tekið allar eignir yðar og vilja nú taka af yður lífið, því þér eigið ekkert annað eftir. Allir þeir […] eru [ESB-] sinnaðir djöflar og „[ESB-] Íslendingar" keyptir og haldnir af stjórninni til þess að hamla framförum vorum og halda oss í eymdinni."

(Benedikt Gröndal. Rit II bls. 77. Tímaritið Gefn 1870)

Hvernig skyldi orðræðunni í sambærilegum málum vera háttað nú? Hver svari fyrir sig en hér er ótrúlega margt líkt og í umræðunni um ESB sem fram fer um þessar mundir. Hjá háværum hópi andstæðinga ESB á Íslandi heyrast ámóta brigslyrði og málflutningur og virðist hafa verið uppi um 1870 ásamt hugmyndunum sem skáldið leyfði sér að andmæla, um einstaka sérstöðu og stórfengileika Íslendinga og hvernig framfarir þjóðarinnar yrðu best tryggðar.

### Hvað óttast þeir?

Þessum sömu skoðunum og skáldið reis gegn er leynt og ljóst haldið á lofti hér á landi í málflutningnum um að draga beri aðildarumsóknina að ESB til baka án tafar og án þess að fá að vita hverju hún gæti skilað jákvæðu til íslensks samfélags. Málflutningur af þessu tagi ætti vitanlega að dæma sig sjálfur en hann á samt upp á pallborðið í samfélaginu eins og umræðan í samfélagsmiðlunum ber gleggstan vott um.

Auðvitað spyr maður sig eina ferðina enn, hvað óttast þeir sem vilja draga vilja aðildarumsóknina til baka? Að aðildarsamningurinn verði svo hagstæður að þjóðin sjái sér hag í að ganga í ESB að undangengnu þjóðaratkvæði?


multipro compact

Lítil og nett en mjög kröftug!



Kenwood FPM250 er lítil og nett matvinnsluvél úr burstuðu stáli sem er bara 36 sm há en er með öflugan 750w mótor.

Skálin tekur 2,1 lítra og blandarinn sem fylgir tekur 1,2 lítra og með fylgir sítruspressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn.










KENWOOD ERU MEST SELDU MATVINNSLUVÉLARNAR Í EVRÓPU

KENWOOD

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Eiga stefnur að leiða almannafé?

FJÁRVEITINGAR



**Pétur Berg Matthíasson**
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu



**Héðinn Unnsteinsson**
stefnumótunarfræðingur í forsætisráðuneytinu

Í grein sem undirritaðir skrifuðu um stefnumótun og áætlanagerð og birt var í lok júní í Fréttablaðinu var í stuttu í máli greint frá niðurstöðum greiningar á stefnum og áætlunum ríkisins sem unnin var í fyrra. Ein af meginniðurstöðum greiningarinnar var ófullnægjandi tenging stefnumótunar og áætlanagerðar innan stjórnsýslunnar við fjármuni. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar í gegnum tíðina til að tengja stefnur, áætlanir og verkefni betur við fjárveitingar. Án fjármuna er ólíklegt að markmið stefnu eða áætlunar nái fram að ganga. Fleiri þættir skipta máli en okkur langar að fjalla um nokkrar leiðir sem hægt er að fara til að tengja almannafé betur stefnum og áætlunum.

### Árangur ræður fjárveitingu

Ein aðferð til að tengja stefnur og áætlanir við fjármuni er að árangurstengja fjárlagagerð. Á síðastliðnum tuttugu árum hefur árangurstenging fjárlaga orðið viðurkennt verklag meðal margra ríkja og alþjóðastofnana. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur talað fyrir verklaginu og gefið út fjölda skýrslna um viðfangsefnið. Með árangurstengingu fjárlaga er lögð aukin áhersla á að skoða mælanlega þætti, þ.e. hvaða árangri stofnanir geta náð fyrir takmarkaða fjármuni. Árangurstenging fjárlaga er talin geta bætt aðhald og stjórnun í ríkisrekstri auk þess sem skilvirkni og frammistaða getur orðið betri.

Notkun mælanlegra upplýsinga um starfsemi ríkisins er ekki ný af nálinni en nýting slíkra upplýsinga samhliða gerð fjárlaga er það sem árangurstenging fjárlaga snýst um. OECD hefur greint þrjár meginleiðir til þess að árangurstengja fjárlög. Í leið eitt eru upplýsingar um árangur jafnan hafðar til sýnis í fjárlagafrumvarpi en þær hafa engin áhrif á fjárlögin. Í leið tvö eru upplýsingar um árangur af starfsemi ríkisins nýttar við fjárlagagerðina en þær hafa ekki bein áhrif á hvernig fjármunum verður varið til verkefna. Flest ríki tileinka sér verklag mitt á milli fyrstu og annarrar leiðar. Leið 3 gengur hvað lengst en fæst ríki hafa tileinkað sér hana. Hún felur í sér að fjármunum er úthlutað í samræmi við árangur. Dæmi um slíkt er að fjárveitingar til skóla grundvallast á því hversu margir útskrifast.

Það er ekki hægt að fella allan ríkisreksturinn á Íslandi undir eina af þessum leiðum. Finna má dæmi sem falla undir allar leiðirnar. Aftur á móti er óhætt að segja að stærstur hluti ríkisrekstrarins falli undir leið eitt, þ.e. að upplýsingar um árangur hafi engin áhrif á fjárveitingar.

### Stefna ræður fjárveitingu

Önnur aðferð til að meta kostnað við stefnur eða áætlanir er að skilgreina nákvæmlega hvaða þjónustu stjórnvöld vilja bjóða upp og kostnaðarmeta hana. Þessi aðferð er notuð við mat á verkefnum þegar verið er að móta áætlanir sem grundvallast á verklegum þáttum, s.s. vegagerð eða brúarsmíði, þar sem upphaf og endir er nokkuð skýr. Jafnframt er þessi aðferð nokkuð algeng þegar kemur að einkarekstrarverkefnum ríkisins. Segja má að þessi aðferð sé sjaldan notuð við stefnumótun og áætlanagerð þar sem verkefni í áætlun felast í breytingu á þáttum sem snúa t.d. að þjónustu, skipulagi, aðferðum eða vinnulagi.

**➜ Mikilvægt er að koma á skipulagi innan ríkisrekstrarins þar sem kostnaður við stefnur og áætlanir er metinn...**

Sem dæmi um þetta má nefna að í sumar samþykkti Alþingi þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi. Hér er á ferðinni áhugavert verkefni sem getur orðið ákveðin fyrirmynd í því hvernig til tekst að skilgreina opinbera þjónustu og kostnaðarmeta.

### Tenging stefna og fjárveitinga

Í fjárlögum er jafnan ekki kveðið á um fjármögnun sérstakra stefna og áætlana. Þó er gert ráð fyrir að ráðuneytin hafi til hliðsjónar stefnur sínar og áætlanir við undirbúning fjárlaga hvers árs. Samgönguáætlun sker sig úr hvað þetta varðar, þar sem í henni eru tilgreindir fjármunir sem fara í tiltekin verkefni og í þingskjalinu sjálfu eru gefnar upp fjárveitingar, sem er fágætt. Erfiðara hefur reynst að meta kostnað við aðrar stefnur og áætlanir ríkisins nema þær innihaldi skýr afmörkuð verkefni.

Mikilvægt er að koma á skipulagi innan ríkisrekstrarins þar sem kostnaður við stefnur og áætlanir er metinn og tengdur fjárlagagerð með markvissari hætti. Þess má geta að innan Stjórnarráðsins eru yfir 100 stefnur og áætlanir og því skiptir það verulegu máli hvort þær eru fjármagnaðar. Mikilvægt er að koma á betra skipulagi og auka yfirsýn yfir stefnur og áætlanir ríkisins, meðal annars með því að fækka þeim, einfalda og samhæfa. Undirbúningur að slíkri vinnu stendur nú yfir innan Stjórnarráðsins. Það er alveg ljóst að skilmerkilegri tenging stefna og áætlana við fjárveitingar er grundvöllur þess að raunhæft sé að framkvæma verkefni og ná fram markmiðum stefnumótunar og áætlanagerðar.

# Nýr Landspítali

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær skipulag fyrir nýjan Landspítala við Hringbraut. Ekkert skipulagsmál hefur fengið viðlíka umfjöllun, greiningu og kynningu á vettvangi borgarinnar. Borgarfulltrúar hafa kynnt sér málið afar vel út frá borgarskipulaginu, þróun heilbrigðisþjónustu, samgöngu- og umferðarmálum, hagsmunum borgarinnar og vitanlega landsins alls.

Bygging nýs Landspítala er risavaxið mál sem hlaut að verða umdeilt. Fjöldi athugasemda barst frá borgarbúum vegna skipulagsins. Þær lutu einkum að byggingarstað, umferðarmálum og byggingarmagni. Farið var vandlega yfir þær allar og þeim svarað ítarlega. Útfærsla skipulags hefur tekið mikilvægum breytingum á þeim tíma sem málið hefur verið til meðferðar hjá borgaryfirvöldum. Helgunarsvæði spítalans var minnkað verulega og Einarsgarði hlíft. Farið var í ítarlega úttekt á umferðarmálum og lagðar fram áætlanir sem eiga að koma í veg fyrir að bílaumferð aukist að ráði.

Reykjavík hefur undanfarna áratugi byggst upp sem mikil bílaborg. Við viljum vinda ofan af þeirri þróun og gera Reykjavík að vistvænni borg þar sem margvíslegir samgöngumátar eru jafn réttháir.

Hvað varðar staðsetningu spítalans sýna endurteknar athuganir og úttektir að hagkvæmast er að byggja nýjan Landspítala við Hringbraut þar sem gamli Landspítalinn er. Hringbrautarlóðin liggur auk þess betur en nokkur önnur hugsanleg spítalalóð við umferð í borginni. Það á jafnt við umferð bíla, strætisvagna, hjólandi vegfarenda og fótgangandi.

### Þjóðarsjúkrahús

Við teljum það mikið hagsmunamál fyrir Reykvíkinga, og landsmenn alla, að bygging nýs Landspítala verði að veruleika. Í meðferðarkjarna spítalans er gert ráð fyrir 180 legurúmum, öllum í sérbýli. Við hönnun spítalans er lögð mikil áhersla á vellíðan sjúklinga og að aðstaða fyrir aðstandendur og starfsfólk verði sem allra best. Að auki verður byggt sjúkrahótel norðan við núverandi barnadeild og kvennadeild með 77 einstaklings- og fjölskylduherbergjum. Þau munu fyrst og fremst nýtast fólki sem þarf heilsu sinnar eða aðstandenda vegna að dvelja fjarri heimabyggð vegna rannsókna og meðferðar. Einnig þar verður lögð áhersla á heimilislegt og hlýlegt umhverfi. Meðal frændþjóða okkar eru sjúkrahótel orðinn nauðsynlegur hluti nútímaspítalastarfsemi.

**➜ Við teljum að Landspítalinn verði sannkallað þjóðarsjúkrahús og sem slíkt stolt höfuðborgarinnar.**

Við teljum það nauðsynlegt fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi að sameiningu spítalanna tveggja í Fossvogi og við Hringbraut verði fylgt eftir með því að starfsemin verði á sama stað. Færð hafa verið sannfærandi rök fyrir því að við breytingarnar skapist betri aðstaða fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk, meira rými fyrir nauðsynlegan tækjabúnað, sterkari tengsl við heilbrigðisvísindasvið háskólans og tækifæri til betri nýtingar almannafjár. Við teljum að Landspítalinn verði sannkallað þjóðarsjúkrahús og sem slíkt stolt höfuðborgarinnar. Við óskum framkvæmdaaðilum velfarnaðar á komandi misserum og óskum eftir góðu samstarfi á uppbyggingartímanum.

*Jón Gnarr, Dagur B. Eggertsson, Elsa Yeoman, Oddný Sturludóttir, Einar Örn Benediktsson, Óttarr Proppé, Björk Vilhelmsdóttir, Karl Sigurðsson, Eva Einarsdóttir, Páll Hjalti Hjaltason og Hjálmar Sveinsson*

# Hættulegar rafbækur

RAFBÆKUR



**Baldur Þór Emilsson**
tölvunarfræðingur

Nokkur íslensk fyrirtæki selja nú rafbækur og hafa gert um nokkurt skeið, sem er ánægjulegt. Spjaldtölvu- og snjallsímaeigendur geta þá gengið með bókasafnið í vasanum og lesið bækurnar þegar þeim hentar. Þetta er jákvæð þróun sem eykur þægindi lesenda, því auk þess að geta tekið bókasafnið með sér hvert sem þeir fara er einnig hægðarleikur að bæta við það hvar og hvenær sem er, það eina sem þarf er nettenging (í gegnum 3G eða annað net).

Þó er galli á gjöf Njarðar. Kaupendur rafbóka þurfa að gæta sín vel því annars er hætt við að þeir verði sviknir um þá vöru sem þeir telja sig hafa keypt. Margir rafbókaútgefendur á Íslandi selja bækurnar með svokölluðum afritunarvörnum (e. Digital Rights Management, DRM) sem eiga að tryggja að ekki sé hægt að nota bækurnar nema í samræmi við lög og skilmála útgefenda. Þessir útgefendur eru hræddir um að ef afritunarvarnanna njóti ekki við verði höfundarréttur virtur að vettugi og þeir stórtapi á ólöglegum afritum sem séu send manna á milli á netinu. Það sem þeir gera sér ekki grein fyrir (eða kjósa að hunsa) er að þessar varnir eru gallaðar og koma bæði þeim og viðskiptavinum þeirra mjög illa.

### Í sömu gryfju

Afritunarvarnir sem þessar eru ekki nýjar af nálinni. Þær eru notaðar á langflestum DVD og Blu-ray-diskum sem hafa verið seldir og einnig hafa þær verið notaðar á geisladiskum og tónlist á netinu. Nokkur ár eru síðan verslanir á borð við iTunes og Tónlist.is fjarlægðu þessar varnir af tónlistinni sem þær selja, en nú virðast bókaútgefendur ætla að falla í sömu gryfju og þær gerðu upphaflega.

Afritunarvarnir stjórna því hvar og hvenær fólk getur lesið bækurnar sínar. Þær stjórna því einnig hvernig hægt er að lesa þær; sem dæmi er ekki hægt að lesa stóran hluta af bókunum frá íslensku útgefendunum í Kindle-tölvunum frá Amazon. Tæknilega stendur ekkert í vegi fyrir því að þessi tæki geti opnað bækurnar en sökum þess að þau styðja ekki þær afritunarvarnir sem útgefendur nota verða eigendur þeirra að finna aðrar leiðir til að lesa þær.

Það á þó ekki aðeins við um Kindle-tölvurnar. Of gömul tæki, of ný tæki, tæki með óalgengu stýrikerfi og öll tæki sem framleiðendur varnanna gera ekki sérstaklega ráð fyrir eiga á hættu að gagnast ekki þegar lesa á bækurnar. Tæknileg framþróun er mjög hröð og sífellt koma út ný tæki með nýrri tækni og ekkert tryggir að framleiðendurnir nái að halda í við þróunina eða að þeir verði yfirhöfuð til staðar í framtíðinni. Það getur því endað svo að þær bækur sem keyptar eru í dag verði ólesanlegar eftir nokkur ár, sem er hvorki höfundum né kaupendum í hag. Útgefendur kunna að sjá sér leik á borði þar sem þeir geta selt sömu bókina til sömu lesenda ár eftir ár, í hvert skipti sem þeir vilja lesa bókina á ný, en neytendur munu á endanum missa þolinmæðina og snúa sér aftur að bókum á gamla sniðinu. Á endanum tapa allir.

**➜ Afritunarvarnir stjórna því hvar og hvenær fólk getur lesið bækurnar sínar.**

### Útgefandinn hefur völdin

Það er því mikilvægt að gæta þess þegar fjárfesta á í rafbók að engin afritunarvörn sé á henni. Ef þú, lesandi góður, kaupir bók með svona vörnum ættir þú að gera þér grein fyrir því að þú ert undir vilja útgefandans beygður þegar kemur að því að lesa bókina. Vilji hann ekki að þú lesir hana aftur í framtíðinni hefur hann völdin – til eru dæmi um bækur sem hverfa úr bókasöfnum notenda, og jafnvel heilu bókasöfnin. Þessi þróun er mjög slæm og mikilvægt er að sýna útgefendum það í verki með því að sniðganga þær bækur sem bera afritunarvörn. Það er ekki alltaf augljóst að bækur sem boðið er upp á séu með afritunarvörn, sumir útgefendur nefna það en ekki allir. Í leiðbeiningum eða svörum við algengum spurningum á vefsíðum þeirra er stundum minnst á Adobe ID eða Adobe Digital Editions, það táknar að afritunarvörn er á sumum eða öllum bókum sem gefnar eru út á þeirri síðu.

Verum upplýst um vöruna sem við kaupum og tryggjum að við getum notið bókanna sem við kaupum – bæði núna og í framtíðinni.

# Orkunotkun eykst með breyttu veðurfari

LOFTSLAGSBREYTINGAR



**Helga María Heiðarsdóttir**
doktorsnemi í jöklafræði

Breytingar á veðurfari vegna aukins styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti er staðreynd. Í dag eru fáir loftslagsvísindamenn sem mótmæla henni og kemur það skýrt fram í skýrslum vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC).

Mörgum finnst hugtakið loftslagsbreytingar flókið og enn fleiri tengja það einungis við hlýnun jarðar, en sú er ekki raunin. Hugtakið hlýnun jarðar (e. global warming) festist í sessi en hugtakið veðurfars- og/eða loftslagsbreytingar (e. climate change) lýsir betur því er á sér stað og ætti því frekar að nota það hugtak.

Á sumum svæðum mun hlýna mikið og annars staðar gæti kólnað, en öfgar í veðurfari eru að aukast. Hita- og kuldamet eru slegin, úrkoma verður sums staðar meiri en nú en annars staðar minni og einnig má minnast á aukna tíðni storma. Þetta er meðal annars bersýnilega að koma í ljós í Norður-Ameríku og á Íslandi.

Vísindamenn vinna nú að því að auka skilning á líklegum afleiðingum loftslagsbreytinga. Ýmis ríki, fyrirtæki og einstaklingar þurfa að huga að því að draga úr neikvæðum afleiðingum breytinganna. Þjóðir heims verða að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (m.a. minnka útblástur $CO_2$) og auk þess aðlaga samfélagið í heild að breytingum. Með því að draga úr losuninni má seinka og jafnvel hamla hinum ýmsu neikvæðu afleiðingum loftslagsbreytinga.

Jöklar Íslands munu minnka og þannig verða áhrif loftslagsbreytinga hérlendis mjög sýnileg. Ein afleiðing veðurfarsbreytinga á Íslandi er því aukið og breytt rennsli jökuláa vegna aukinnar bráðnunar. Þetta aukna rennsli mun þó ekki vara lengi, því þegar jöklarnir hverfa þá hverfa jökulárnar með þeim.

**➜ Á sumum stöðum mun hlýna mikið og annars staðar gæti kólnað.**

### Aukin orkunotkun

Orkunotkun mun aukast með breyttu veðurfari, á þeim stöðum þar sem hlýnar þarf aukna kælingu, en upphitun þar sem kólnar, á þurrkasvæðum verður að vökva ræktunarsvæði. Framleiðsla rafmagns með vatnsafli er kölluð „græn“ orkuvinnsla vegna þess að henni fylgir lítil losun gróðurhúsalofttegunda.

Nú þegar styrkur gróðurhúsalofttegunda eykst með hverju ári líta mörg lönd til þess að virkja vatnsafl og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og á alþjóðavettvangi er hvatt til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa. Um 85% af orkunotkun heimsins fást nú frá brennslu jarðefna, sem er langt frá því að teljast umhverfisvænn kostur. Hins vegar eru 85% orkunotkunar Íslendinga fengin frá endurnýjanlegum orkulindum og um 95% raforku á Íslandi eru framleidd með vatnsorku. Er það mín von að Ísland verði í fararbroddi þeirra þjóða sem vinna gegn loftslagsbreytingum og að einn dag munum við ná okkar hlutfalli upp í 100%.

Tilboðin gilda **14. - 16.** desember




GISLI Á UPPSÖLUM

**2.971 KR**

*Jólabókin leynist í nettó*




MESSI ENS OG HANN ER

**1.973 KR**




RONALDO
EINS OG HANN ER

**1.973 KR**




SLATAN
EINS OG HANN ER

**1.973 KR**




EBBA ELDAR Í LATABÆ

**2.590 KR**




STUÐ VORS LANDS

**11.697 KR**




LEIÐIN Á TOPPINN

**1.943 KR**




DÓRA
OG DÍEGO

**1.394 KR**




DÓRA
OG VINIR

**1.394 KR**




DÓRA OG
SJÓRÆNINGJAÆVINTÝRIÐ

**1.394 KR**

markhonnun.is

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

**nettó** *bækur*

*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Tökum höndum saman

MANNRÉTTINDI



**Stavros Lambrinidis**
sérlegur fulltrúi ESB á sviði mannréttinda

Þann 10. desember ár hvert höldum við upp á alþjóðlega mannréttindadaginn, en á þessum sama degi í ár vildi svo til að ESB veitti friðarverðlaunum Nóbels viðtöku. Þessi tilviljun er viðeigandi. ESB er heiðrað fyrir störf í þágu lýðræðisumbóta, sáttaumleitana og mannréttinda og fyrir að stuðla að friði og stöðugleika um álfuna alla.

Þetta er mikil viðurkenning á verkum okkar. Á sama tíma hvetur hún okkur öll – stofnanir ESB, aðildarríkin og hina 500 milljón íbúa – til að vinna saman og standa vörð um mannréttindi, ekki einungis innan landamæra okkar heldur um allan heim.

Nú síðast í júlí samþykkti ESB verkáætlun um mannréttindi (e. Human Rights Strategy) og skipaði í fyrsta sinn í embætti sérlegan fulltrúa ESB á sviði mannréttindamála. Mannréttindi eru lykilstef í utanríkisþjónustu ESB, allt frá viðskiptum til umhverfismála og þróunarsamvinnu til öryggismála. Þetta er viðurkenning á þeirri staðreynd að virðing fyrir mannréttindum er mikilvægur hluti lausnarinnar í nær öllum tilvikum mannlegra þjáninga og átaka.

### Vinnum saman

En við getum einungis unnið mannréttindum brautargengi á árangursríkan hátt ef við vinnum saman og deilum ábyrgðinni á því að koma þeim á framfæri og standa um þau vörð. Efling mannréttinda krefst þess að ESB myndi breiða samstöðu – með öðrum ríkisstjórnum, alþjóðastofnunum, einkageiranum og, umfram allt, með borgurunum. Í dag vinnur ESB náið með samstarfsaðilum um allan heim, til að mynda SÞ, ÖSE, Evrópuráðinu og Afríkusambandinu. Auk þess stefnum við að fullri samvinnu við hundruð frjálsra félagasamtaka um heim allan til að leita ráða og magna upp boðskapinn um mannréttindi.

Þema mannréttindadagsins í ár – samheldni og rétturinn til þátttöku í opinberu lífi – gæti ekki verið tímabærara. Óskin eftir að greypa þessi grundvallarsjónarmið inn í samfélagið er hreyfiaflið á bak við það sem við verðum vitni að í arabaheiminum í dag. Nýleg skref í átt til lýðræðisumbóta í nokkrum ríkjum á svæðinu og víðar vekja upp vonir hjá fólki alls staðar.

En það má ekki taka slíkum árangri sem gefnum hlut. Jafnvel í löndum þar sem lýðræðisumbætur hafa átt sér stað þarf meira en einar kosningar til að lýðræði nái að skjóta rótum. Þegar við fögnum réttinum til að taka þátt í opinberu lífi heiðrum við vinnu þeirra sem berjast fyrir mannréttindum og sem berjast fyrir tjáningarfrelsi, taka þátt í kosningum og bjóða sig fram til opinberra embætta. Við viljum einnig leggja áherslu á hið mikilvæga starf borgaralegra samtaka í þágu mannréttinda.

### Kór frelsis

Þróttmikið borgaralegt samfélag og aukin samskipti milli frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda, svæðisbundinna samtaka jafnt sem alþjóðlegra, eru lykillinn að því að verja mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Í síðustu viku leiddi hið 14. árlega málþing ESB og frjálsra félagasamtaka í Brussel saman yfir 200 virka málsvara mannréttinda, aðgerðasinna og stefnumótendur. Heima við eru þeir oft einmana raddir en saman mynda þeir kór frelsis. ESB mun styðja slíka málsvara frelsis um heim allan af fullum þunga.

Ástæðan er sú að á of mörgum svæðum er útilokun fremur reglan en undantekningin. Í mörgum ríkjum er borgurum synjað um tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á líf þeirra. Sumir eru jafnvel pyndaðir eða settir í fangelsi fyrir að tjá sjónarmið sín. Ein þeirra sem hlutu Sakharov-verðlaun Evrópuþingsins árið 2012 er Nasrin Sotoudeh, en hún þekkir þetta af eigin raun. Hún sýndi ótrúlegt hugrekki þegar hún stefndi lífi sínu í hættu til að mótmæla takmörkunum á réttindum fjölskyldu hennar. Þannig hefur hún sent skýr skilaboð til Íran og umheimsins sem blása verndurum mannréttinda um víða veröld byr í brjóst. Í Kína situr handhafi friðarverðlauna Nóbels árið 2010, Liu Xiabo, enn af sér ellefu ára fangelsisdóm vegna skrifa sinna, en það er skýrt brot á tjáningarrétti hans.

**➜ Í dag vinnur ESB náið með samstarfsaðilum um allan heim, til að mynda SÞ, ÖSE, Evrópuráðinu og Afríkusambandinu.**

### Óhóflegar hömlur

Á sama tíma eru óhóflegar hömlur lagðar á félagasamtök hvað varðar tjáningar- og félagafrelsi. Þessum aðferðum er oft beitt undir þeim fölsku forsendum að verið sé að vernda rétt annarra, til að mynda í baráttunni gegn hryðjuverkum. Starfsmenn frjálsra félagasamtaka og þeir sem verja mannréttindi mæta oft ofsóknum og beinum lögsóknum á degi hverjum og til að þagga niður í þeim eru þeir einfaldlega stimplaðir „föðurlandssvikarar“. Bann við aðgengi að fjármagni, sem er nauðsynlegt tilveru margra frjálsra félagasamtaka, færist í aukana og verður að hamla slíku.

Mannréttindahreyfingin mun hafa náð raunverulegum árangri þegar sérhver einstaklingur finnur fyrir sameiginlegri ábyrgð og brýnni þörf fyrir að berjast fyrir réttindum annarra. Við ættum að líta til 10. desember í ár sem upphafs að einhverju nýju fyrir þessa stóru, alþjóðlegu áskorun. Þess vegna skulum við ekki benda á aðra, heldur taka saman höndum í sameiginlegu átaki til að tryggja að sérhver kona og sérhver maður hafi tækifæri til að hafa áhrif á og móta líf sitt og samfélag.

# Afnám verðtryggingar lykill að endurreisn?

FJÁRMÁL



**Þráinn Guðbjörnsson**
verkfræðingur

Verðtrygging er einkennilegt fyrirbæri. Hún fyrirfinnst hvergi nema á Íslandi, nema þá í formi afleiða sem fagfjárfestar sýsla með.

Þegar ég lærði af verðtryggingunni fyrst var mér sagt að hún væri fyrst og fremst til að tryggja sparifjáreigendur og ellilífeyrisþega fyrir áhrifum óðaverðbólgu. Ef nánar er að gáð sést að hún er beinlínis tilvistarforsenda hins íslenska lífeyriskerfis. Kerfis sem byggir á sjóðssöfnun í stað gegnumstreymis. Lífeyrissjóðakerfi líkt og á Íslandi fyrirfinnst hvergi annars staðar í heiminum.

Verðtryggingin ákvarðast af innlendri neysluvísitölu. Hún á á engan hátt að vera íþyngjandi vegna þess að það er meint þensla, eða kaupmáttaraukning almennings, sem bætir fyrir hækkaða greiðslubyrði og höfuðstól.

Neysluvísitala á að endurspegla þenslu, en er þar að auki tengd breytingum á gengisvísitölu í gegnum breytingu á verði innfluttra vara. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Þetta gerir það að verkum að verðtryggingin verndar ekki einungis fjármagnseigendur gegn þenslu heldur líka gengisfalli. Hreint gengisfall leiðir undantekningarlaust til kaupmáttarrýrnunar.

### Hrein eignatilfærsla

Vegna verðtryggingar þarf skuldarinn að taka á sig hækkun höfuðstóls vegna gengisfallsins. Kaupmáttarrýrnun skuldarans er því tvöföld. Svo virðist sem hrein eignatilfærsla eigi sér stað frá skuldara til fjármagnseiganda. Er þetta sanngjarnt fyrirkomulag?

Nú þegar fjármagnseigendur eru svona kyrfilega varðir gegn verðbólgu dregur jafnframt úr hvata þeirra til að halda aftur af henni.

Einnig bregst Seðlabankinn ávallt vasklega við og hækkar stýrivexti þegar verðbólgan gerir vart við sig. Þá hækka vextir á óverðtryggðum innistæðum einnig sem skuldarar með óverðtryggðar skuldir sitja uppi með með hærri greiðslubyrði. Allt hvetur þetta til aukinnar verðbólgu þar sem hækkanir á greiðslubyrði og höfuðstól kalla á meira peningamagn.

**➜ Nú þegar fjármagnseigendur eru svona kyrfilega varðir gegn verðbólgu þá dregur jafnframt úr hvata þeirra til að halda aftur af henni.**

Núverandi fyrirkomulag setur hóp skuldara í mjög óheppilega stöðu. Þeir sem eru með verðtryggt vilja fá stýrivexti í hæstu hæðir þar sem það kann að stemma stigu við verðbólgu samkvæmt alvitrum Seðlabanka. Skuldurum með óverðtryggðar skuldir er hins vegar slétt sama um verðbólguna en vilja stýrivexti sem allra lægsta. Þarna er komin gjá í raðir fólks sem undir eðlilegum kringumstæðum ætti að vinna saman. Þetta er ekki samfélaginu til góða.

### Ósjálfbærar skuldir

Í dag heyrist mikið talað um ósjálfbærar skuldir. Það virðist eiga við um ríki, fyrirtæki og einstaklinga á Íslandi í dag. Þetta er líklegast helsta vandamál fjármálakerfisins í heiminum í dag. Það er ekki að ástæðulausu að vextir stöndugustu ríkja eru nánast neikvæðir. Ef verðtrygging væri afnumin á Íslandi myndi raunvirði allra skulda í krónum minnka við verðbólgu. Laun myndu hins vegar halda kaupmætti sínum. Þetta gerði það að verkum að skuldir færðust nær því að vera sjálfbærar.

Niðurstaða mín er því sú að með því að afnema verðtryggingu væri ekki einungis verið að leiðrétta mikið ranglæti gagnvart skuldurum, heldur myndi greiðslugeta skuldara aukast umtalsvert og stórt skref væri stigið í átt til stöðugleika. Forsenda þeirra breytinga væri sú að lífeyrissjóðunum væri breytt í gegnumstreymissjóði eins og finnast annars staðar í heiminum.

Afnám verðtryggingar, breyting lífeyrissjóða og aukin verðbólga. Galin hugmynd? Kannski. En þó varla meira galin en vandinn sem steðjar að okkur.

# Ég vil gera gagn

STJÓRNMÁL



**Þórður Björn Sigurðsson**
fv. formaður Hagsmunasamtaka heimilanna

Dögun er nýtt samvinnumiðað umbótaafl sem sett hefur ýmis þjóðþrifamál á oddinn. Þar má nefna aðgerðir í efnahagsmálum, nýja stjórnarskrá og uppstokkun á stjórn fiskveiða. Dögun mun bjóða fram á landsvísu í næstu alþingiskosningum.

Líta má á framboðið sem tillögu. Tillögu að forgangsröðun verkefna, aðferðafræði við lausn þeirra og tillögu að fólki til starfans. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér á framboðslista Dögunar til að fylgja eftir því starfi sem ég hef tekið þátt í undanfarin misseri og snúa að lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar og lýðræðisumbótum.

### Kjarabarátta

Kjarabarátta er til í mörgum myndum. Ein birtingarmynd þeirrar baráttu er verðtryggingin, en ég tel nauðsynlegt að koma á þjóðarsátt um afnám hennar og almenna leiðréttingu lána. Innleiða þarf nýtt óverðtryggt húsnæðislánakerfi þar sem áhættu af viðskiptum með lánsfé er dreift. Hverfa verður frá þeirri ofuráherslu sem lögð hefur verið á séreignarstefnuna í húsnæðismálum.

Einnig þarf að skapa skilyrði fyrir heilbrigðum leigumarkaði, meðal annars með opinberum leigufélögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Margir, og sér í lagi ungt fólk, eiga í erfiðleikum með að koma sér upp heimili. Á því verður að taka.

Ég vil lögfesta lágmarkslaun og uppræta óútskýrðan launamun kynjanna. Stjórnir lífeyrissjóða eiga að mínu viti að vera kosnar af sjóðsfélögum. Að sama skapi sé ég fyrir mér að forsvarsmenn stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra verði í framtíðinni kosnir í allsherjarkosningu félagsmanna. Heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu verður líka að fara fram, því kerfið stendur ekki undir framtíðarskuldbindingum sínum. Þá er óhjákvæmilegt að endursemja um opinberar skuldir svo afborganir og vaxtagreiðslur ógni ekki tilverugrundvelli þjóðarinnar.

Síðast en ekki síst, í þessari ótæmandi upptalningu verkefna, vil ég eindregið að ný stjórnarskrá, á grundvelli frumvarps stjórnlagaráðs, verði að veruleika.

### Vondur draumur

Upphaflega stóð ekki til af minni hálfu að fara út í stjórnmál þrátt fyrir áhuga á samfélagsmálum. Þær aðstæður sem sköpuðust á Íslandi haustið 2008 ráku mig hins vegar af stað. Þá gegndi ég stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra hjá ferðaþjónustufyrirtæki og var ekki mjög virkur í opinberri umræðu. Miklu fremur vildi ég huga að því sem stóð mér næst: fjölskyldunni, heimilinu og rekstri fyrirtækisins. Svo vaknaði ég við vondan draum. Hafði flotið sofandi að feigðarósi. Ég lofaði sjálfum mér í framhaldinu að gera allt sem í mínu valdi stæði til að koma í veg fyrir að þær aðstæður sem þá voru uppi gætu myndast aftur.

**➜ Einnig þarf að skapa skilyrði fyrir heilbrigðum leigumarkaði, meðal annars með opinberum leigufélögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Margir, og sér í lagi ungt fólk, eiga í erfiðleikum með að koma sér upp heimili. Á því verður að taka.**

Með það fyrir augum tók ég að mér það sjálfskipaða hlutverk að veita samfélaginu og stjórnvöldum aðhald. Meðal annars með því að tala við annað fólk um þjóðfélagsmál, skrifa pistla og taka þátt í stofnun og starfi Hagsmunasamtaka heimilanna, sem ég veitti formennsku um tíma. Haustið 2009 var ég ráðinn til starfa fyrir Hreyfinguna og þingmenn hennar. Vorið 2010 tók ég þátt í stofnun Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ, sem bauð fram í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Íbúahreyfingin lagði upp með áherslur á aukið íbúalýðræði, gegnsæi, valddreifingu, ábyrga fjármálastefnu og velferð íbúa. Íbúahreyfingin fékk næstflest atkvæði og vann kosningasigur. Ég er nú varabæjarfulltrúi hennar. Ég hef verið virkur þátttakandi í stofnun og starfi Dögunar og sit í framkvæmdaráði félagsins.

Ég býð fram krafta mína og vona að þeir geti orðið að gagni.

# Hvenær ætla stjórnvöld að hjálpa fólkinu í landinu?

SAMFÉLAGSMÁL



**Guðrún Kjartansdóttir**
námsmaður

Hvenær ætla stjórnvöld að gera eitthvað fyrir fólkið sem rétt svo nær endum saman um hver mánaðamót? Umræðan hefur sífellt verið um það fólk sem tók gengistryggð lán og stjórnvöld hafa einbeitt sér við að aðstoða það fólk. En það eru svo margir sem rétt svo ná endum saman.

Ég er námsmaður í mastersnámi, maðurinn minn er í vinnu og við erum með eitt barn á framfæri. Við eigum íbúð, sem er ódýrara en að vera á leigumarkaðnum. Strákurinn okkar er hjá dagmömmu. Námslánin eru alltof lág að mínu mati. Við borgum alla reikninga en við leyfum okkur ekki mikið. Ég tel að margir séu í þessari stöðu eins og við erum í. Hvað þá þegar bæði konan og maðurinn eru í námi? Eini möguleikinn til að hafa það gott í þeirri stöðu er að eiga nokkur börn, en námslánin hækka með hverju barni.

Þegar ég var í fæðingarorlofi þá var aðalkvöldmaturinn á mínu heimili súpa og brauð. Maðurinn minn fékk heita máltíð í vinnunni. Einhvers staðar þurftum við að skera niður og maturinn varð fyrir valinu. Maðurinn minn vann tímabundið aukavinnu meðan á fæðingarorlofinu stóð til þess að ná endum saman.

**➜ Hvenær á að fara að gera Ísland að landi sem hægt er að búa í við ágætar aðstæður?**

Hvenær ætla stjórnvöld að lækka matarkörfuna? Hvernig og hvenær á að lækka bensínið? Hvenær á að fara að gera Ísland að landi sem hægt er að búa í við ágætar aðstæður? Hvenær á að hjálpa fólkinu sem rétt svo meikar það út mánuðinn? Ég er ekki hissa á að fólk streymi úr landinu í leit að betri kjörum.

Ég er komin með nóg af aðgerðarleysi stjórnvalda. Ég vil sjá eitthvað róttækt gert fyrir fólkið hér í landi til þess að það geti átt betra líf.



# HEILSUVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI



PHILIPS

**Philips HF3510**
Útvarpsvekjari með ljósi sem vekur mjúklega. Stillanleg „Sólarupprás" 0-30 mín. Slökkva má á ljósi en nota vekjara. 20 birtustig. 3 notaleg vekjarahljóð.

VERÐ **22.995**

**Klínískt prófaður - Philips hefur 100 ára reynslu í ljóstækni.**




PHILIPS

**Philips HX8111**
Sonicare AirFloss hreinsar tennur af tannsteini. Micro-burst tækni hreinsar með öflugum vatnsblæstri. Hleðslurafhlaða og hleðslutæki fyrir 100-240v fylgir.

VERÐ **17.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

**Medisana 88503/02/03**
Flott lítið nuddtæki með LED lýsingu. Fjórir nuddhausar. Slakandi titringur örvar blóðflæði.

VERÐ **1.995**
FRÁBÆRT VERÐ



2 SAMAN Á 10.995

PHILIPS

**Philips HX5350**
Sonicare tannbursti fyrir tennur og góma. 15.000 strokur á mín. Hreinsar tannstein. Hleðslurafhlaða. Sonicare tryggir betri árangur en venjulegir tannburstar.

VERÐ **6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Hreint loft með cleanaer

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL



**Cleanaer CleanaerStartpack**
Frábært lofthreinsitæki með sérstakri jónatækni. Minnkar ryk og lykt. Minnkar frjókorna-, katta- og dýra ofnæmi. Hreinsar allt að 152m3 rými.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Scholl



**Scholl DR1335BE1**
Vandað naglasnyrtisett með 7 fylgihlutum, hleðslurafhlöðu og tösku.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA *made for Life*

3ja ára ábyrgð!



**Medisana 51067**
Einfaldur mælir á úlnlið sem sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

wilfa



**Wilfa HU3W**
Rakatæki með stillanlegu rakastigi. Fyrir allt að 25 fm rými. Mjög hljóðlátt. 3,3 lítra vatnstankur. Kaldur blástur 200ml/klst. Vatnssía hreinsar vatnið.

VERÐ **8.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

**Medisana 88936**
Nuddsæti með 5 nuddsvæðum. Hita eiginleiki. Fjarstýring. 12v straumbreytir fylgir. Má nota í bíl. Slekkur á sér eftir 15 mín. 3ja ára ábyrgð.

VERÐ **13.995**
FRÁBÆRT VERÐ



EcoMed

**EcoMed 23010**
Vandað hitateppi fyrir axlir og bak. 3 stillingar. Slekkur á sér eftir 90 mín. 41 x 62 sm. 100 wött. 3ja ára ábyrgð.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

10 ára ábyrgð!

HITAMÆLIR FYLGIR MEÐ

**Medisana 99455**
Blóðþrýstingsmælir fyrir handlegg. Sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt. Stór LCD skjár. Mælir meðalgildi.

VERÐ **8.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

**Medisana 88940**
Nuddtæki fyrir axlir, háls og læri. 10 stillanlegir styrkleikar. Hentar fyrir háls, herðar, fætur og mjaðmir. 5 nudd taktar. Auðvelt og þægilegt í notkun.

3ja ára ábyrgð!

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips HF3470**
Útvarpsvekjari með ljósi. „Sólarupprás" er stillanleg frá 0-30 mínútum. 20 birtustig. Stafrænt útvarp. 2 hljóð til að vakna við. Slökkva má ljósið en nota vekjarann.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ



wilfa

**Wilfa HP1**
100w hitapúði með 3 stillingum. Flís koddaver sem þolir þvott. Slekkur sjálfvirkt á sér eftir 2 klst. Ólar til að festa púðann á sig.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



wilfa

**Wilfa 3DPMASSWH**
3D Shiatsu nuddsæti bak og sæti. 3 stillingar. Innrauð hitun. 4 kúlur nudda bak. Slekkur á sér eftir 15 mín.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

3ja ára ábyrgð!

**Medisana 60226**
Þægilegt flís hitateppi. 4 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 3 klst. Má handþvo. 180 x 130 sm.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA *made for Life*

**Medisana 88930**
Shiatsu nuddsæti fyrir bak, axlir og háls. 3 nuddsvæði. Hita eiginleiki. Víbríngsnudd í setu. Styrkleikastillir. Hita eiginleiki. Fjarstýring.

3ja ára ábyrgð!

VERÐ **29.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR




## Haier
**22" Slim Edge LED Full HD 50Hz DVB-T/C CI+**
LET22T1000HF

*Gullhúðaður HDMI kapall og 4GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 3.890kr)*

**39.999**
eða 7.240kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 43.439kr




## Haier
**26" Slim Edge LED Full HD 50Hz DVB-T/C CI+**

*Gullhúðaður HDMI kapall og 4GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 3.890kr)*

**59.999**
eða 10.690kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 64.139kr




## GRUNDIG
**32" LCD Full HD 100Hz**
- Full HD 100Mhz Grundig sjónvarp með USB afspilun og stafrænum móttakara. SRS TruSurround hljómtækni og 40w hljómútgangur.

*Gullhúðaður HDMI kapall og 4GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 3.890kr)*

**99.999**
eða 17.590kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 105.539kr




**42" LG Full HD LED**
- Full HD 100Mhz LED tæki frá LG. Direct LED tækni með minni orkunotkun og dýpri mynd.
- Kemur á snúningsfæti. USB afspilun með DivX stuðning og Simplink.

*Gullhúðaður HDMI kapall og 16GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 5.090kr)*

**129.999**
eða 22.765kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 136.589kr




**169.999**
eða 29.665kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 177.989kr

## SAMSUNG
**51" 3D Plasma HDR 600Hz**
- Þunnur rammi.
- Tækið getur tengst heimaneti með WiFi dongli.

*Gullhúðaður HDMI kapall og 16GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 5.090kr)*



**69.999**
eða 12.415kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 74.489kr

**LG Soundbar 2.1 80w**
- Sómir sér vel undir sjónvarpinu.
- Innbyggður bassi, Simplink tengitækni ásamt USB upptökumöguleika.

*Gullhúðaður HDMI kapall og 4GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 3.890kr)*



**9.999**
*verð áður 12.999*

**Telefunken 7" LED myndarammi**
- Flottur 7"myndarammi frá Telefunken.
- 16/9 myndhlutfall.
- Fjarstýring fylgir með.

*4GB minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 1.395kr)*



**16.999**
*verð áður 22.999*

## CASIO
**Exilim EX-Z 28 16,1mp myndavél bleik eða silfur**
- Fullkomin 16,1 milljón punkta Casio myndavél með HD videóupptöku.
- 5x Optical zoom, andlitsgreining og EASY mode auðveldar myndatökuna.

*2GB minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 999kr)*



**16.999**
*verð áður 22.999*

## Nikon
**CoolPix L25 Silfur eða hvít**
- Flott 10 milljón pixla vél með 5x optical zoom.
- Bjartur 3" skjár, MACRO stilling ásamt leiðréttingu á hreifðum myndum.

*Taska og 4GB minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 4.999kr)*




**23.999**
*verð áður 29.999*

**Digital video camera FULL HD**
- Stafræn Full HD 1080 upptökuvél fyrir minniskort.
- Er með 3" snertiskjá, Mini HDMI út og 9x Zoom (5x optical 4x digital) 16Mp ljósmyndataka.
- Lítil og meðfærileg.

*16GB Class 10 minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 3.999kr)*

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Gildir til 16. des. eða meðan birgðir endast.
Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, Kringlu og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.

# HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI



**PHILIPS**
### Blandari 350W
HR200070
- 350W
- 1,5 ltr glerkönna
- Má setja í uppþvottavél

**6.999**
verð áður 7.999



### Tristar hárblásari
HD2322
- 2000W
- Takki fyrir kalt loft
- Stór stútur sem gefur meiri og betri fyllingu
- Yfirhitavörn

**2.999**



**BaByliss**
### Expert hárblásari
D221E
- Kraftmikill
- Þrjár hraðastillingar
- Takki fyrir kalt loft

**5.499**
verð áður 5.999



**6.990**

**BaByliss**
### Expert plus hárblásari
D241E
- 2100W
- Kraftmeiri blástur
- 20% betri nýting.
- Ionic keramic virkni, afrafmagnar hárið.
- Hægt að taka síuna aftan á og hreinsa.



**5.999**

**BaByliss**
### Sléttujárn
ST226E
Gefur hári fallegan gljáa. "Sublim touch" húðun sem tryggir fullkomna sléttun við 200°C í stað 230°C og fer því betur með hárið.

**REMINGTON**
### Sléttujárn
S1450
- Super þunnar keramik húðaðar plötur
- Hitar allt að 215°C,
- Tilbúið á 30 sek.
- 8 stillingar



**4.999**

**BaByliss**
### Babyliss krullujárn keila
C20E
- 10 hitastillingar
- má nota á litað hár og með mótunarefnum
- snúningssnúra



**7.499**



**REMINGTON**
### Bylgjujárn, þrefalt
C260E
- Keramik titanium húðun á plötu
- 3 mismunandi stillingar
- kaldur endi
- snúningssnúra

**9.999**
verð áður 10.999



**1.999**
verð áður 2.999

**REMINGTON**
### Bestron sléttujárn
ADA670
- Keramik húðaðar plötur
- Hámarkshiti 200°C
- Fljótt að hitna
- Löng snúra



### Nef- og eyrnahárasnyrtir
DO7032
- Hlaðanlegar hár- og skeggsnyrtiklippur
- 5 kambar fylgja með
- Er í fallegri gjafaöskju.

**2.699**



**5.999**
verð áður 6.999

### Hár-og skeggsnyrtir
DO7033
- Hlaðanlegar hár- og skeggsnyrtiklippur.
- 5 kambar fylgja með
- Er í fallegri gjafaöskju.



**6.999**

**REMINGTON**
### Krullujárn Pro Spiral
CI5319
- 4x meiri vörn
- 19mm, fyrir léttar krullur
- Hámarkshiti 210°C
- Fljótt að hitna



**14.999**
verð áður 15.999

**BaByliss**
### Babyliss rafmagnsrakvél
E870XE
- Með sveigjanlegum haus
- Mikil þægindi og góður rakstur
- 15 rafknúnar stillingar
- Fljót að taka hleðslu

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## AF NETINU

### Fax-fullveldi

Andstæðingar ESB á Íslandi tala stundum eins og ríkin þar búi ekki við fullveldi, heldur séu þau ofurseld hinu illa valdi ESB. Og þeir hafa litið hróðugir í bragði til Noregs þar sem fullveldisástin sé svo rík og áköf að Norðmenn hafi tvívegis fellt ESB-aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.
Það er því óneitanlega merkilegt að sjá að jafnvel efasemdarmaður í ESB-málum, eins og Cameron er óneitanlega, skuli líta svo á að fullveldi Breta sé betur tryggt innan ESB en utan þess.
Og að hinir öflugu Norðmenn skuli búa við „fax-lýðræði“ meðan þeir séu utan Evrópusambandsins, hvað sem líður öllum þeirra olíu-auði.
Þetta er merkilegt vegna þess að við Íslendingar erum auðvitað í nákvæmlega sömu stöðu og Norðmenn. Við fáum stóran hluta af lögum okkar sendan frá Brussel og höfum ekkert um þau að segja.

http://blog.pressan.is/illugi/

*Illugi Jökulsson*




# Snorrabrautin dauðagildra?

SAMGÖNGUR



**Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir**
þýðandi

Pabbi stendur við gönguljós einn eftirmiðdaginn á Snorrabrautinni með stelpurnar sínar í hvora hönd. Sú yngri er glöð og kát, hoppandi og skoppandi. Pabbinn bíður samviskusamlega eftir græna kallinum en litlan hoppar og skoppar óvart út á götu. Pabbinn þrífur hana snöggt til sín og bíll þýtur fram hjá sekúndubrotum síðar langt yfir löglegum ökuhraða. Pabbinn fær mikinn hjartslátt, vill ekki hugsa hvað hefði getað orðið…

Kona sest inn í bíl sem lagt er á bílastæði við Snorrabraut. Rétt í þann mund sem hún er sest keyrir annar bíll utan í kyrrstæðan bílinn – yfir löglegum ökuhraða. Konan situr stjörf í bílnum, vill ekki hugsa hvað hefði getað orðið.

Þessar örsögur eru sannar og það sem meira er; þær fjalla um mína nánustu fjölskyldu, dóttur mína fimm ára og móður mína. Þessar sögur eru aðeins brotabrot af mörgum sögum sem ég gæti fyllt heila bók af. Nú hef ég flutt mig tímabundið til útlanda en í hvert sinn sem við förum yfir stóra og hættulega götu er hún kölluð Snorrabrautin af dætrum mínum. Þær eru hræddari við Snorrabrautina en Grýlu, þær vilja að við flytjum hinum megin við þessa ógn þegar við komum heim svo að þær geti gengið einar í skólann. Ég þekki nokkrar fjölskyldur sem hafa flutt vegna þessarar götu.

#### Til skoðunar

Ég vildi gjarnan hætta að þurfa segja sögur um lífsháska við Snorrabraut. Þetta er þriðja árið í röð sem ég skrifa til borgarstjórnar um ógnina miklu. Fyrsta árið fékk ég þau svör að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur því það væri búið að gera ráð fyrir breytingum, að akreinum yrði fækkað og hjólaakrein væri á planinu. Ég sendi aftur bréfið ári síðar og sendi inn tillögu á Betri Reykjavík til að krefjast umbóta eða lagfæringar. Hugmyndin mín Lífvænleg Snorrabraut er nú flokkuð sem afgreidd tillaga og svarið er á þessa leið:

*„Þakka ábendingar og ágæta umræðu um umferð á Snorrabraut.*

*Í sem stystu máli má segja að Snorrabraut er einmitt til skoðunar eins [og] um er rætt í tillögunni og hugmyndir að breytingum eru til umfjöllunar.*

*Svar lagt fram í umhverfis- og samgönguráði.*

*f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar*

*Ólafur Bjarnason*

*samgöngustjóri“*

Og svona hljóða flest svörin sem ég hef fengið við fyrirspurnum mínum.

#### Forgangsmál

Við Snorrabrautina eru engin skilti með hámarkshraða, það eru engar hraðahindranir. Við Snorrabrautina eru allt of mörg umferðarljós, hins vegar hægja þau ekkert á umferð heldur gera einmitt hið gagnstæða, bílstjórar bruna niður Bústaðaveginn til að ná fyrstu ljósunum og svo koll af kolli.

**➜ Eins og Snorrabrautin er í dag er hún hönnuð til þess að umferðarlög séu brotin og það allan liðlangan daginn.**

Hér í Edinborg, fimm hundruð þúsund manna borg, hjóla ég á götunum, líka stóru götunum, og oft á sértilgerðum hjólaakreinum. Á Snorrabrautinni þori ég það ekki, ég get ekki talið fjölda þeirra ákeyrslna og árekstra sem ég hef orðið vitni að á þessari götu á fingrum handa minna.

Eins og Snorrabrautin er í dag er hún hönnuð til þess að umferðarlög séu brotin og það allan liðlangan daginn. Þetta kom fram í skýrslu ársins 2010 frá Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Hörmuleg slys hafa orðið á þessari götu og það ætti að vera forgangsmál borgarráðs að gera götuna betri fyrir hjólandi, gangandi og keyrandi.

Snorrabrautin er mannfjandsamleg dauðagildra eins og hún er í dag. Ég ákalla ykkur í borgarráði, sum ykkar eigið börn í sama skóla og börn mín fara í, sum ykkar keyrið Snorrabrautina, hjólið eða jafnvel gangið yfir oft á dag, sum ykkar eru sérmenntuð í borgarskipulagi. Öll eigið þið það sameiginlegt með mér, geri ég fastlega ráð fyrir, að vilja ekki verða fyrir slysi eða valda slysi á Snorrabrautinni vegna þess óskapnaðar sem skipulag hennar er. Ég ákalla því samvisku ykkar sem foreldrar, manneskjur, vegfarendur og bílstjórar. Gerið Snorrabrautina lífvænlega, takk!

# Sveigjanlegur vinnutími kemur öllum til góða

VINNUTÍMI



**Jón H. Karlsson**
viðskiptafræðingur

Hefðbundinn dagvinnutími frá kl. 09.00 til 17.00 heyrir víða sögunni til. Rannsóknir sýna að það má þakka breyttum og afslappaðri viðhorfum stjórnenda fyrirtækja sem til skamms tíma hafa verið harðir á stundvísi starfsmanna, sem og víðtækri notkun fjarvinnslutækninnar. Þótt þetta geti virst góðar fréttir fyrir ópolinmóða skrifstofuþræla leiðir það ekki til færri unninna vinnustunda hjá þeim.

Rannsókn sem náði til meira en 1.000 skrifstofumanna frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Írlandi leiddi í ljós að sveigjanlegur dagvinnutími hjá skrifstofufólki leiddi oft til tólf klukkustunda vinnuframlags í stað hefðbundins átta klukkustunda vinnudags.

Rannsóknin sýndi enn fremur að 73% stjórnenda hafa afslappað viðhorf til vinnutíma starfsfólksins, þar eð það er mætt til starfa löngu áður en þeir mæta sjálfir.

Í ljós kom að meðalstjórnandinn er fús til að líta fram hjá því að starfsmaður komi allt að 32 mínútum of seint til vinnu og leyfa að starfsmenn vinni heima fjórðung vikunnar. Bandarískir atvinnurekendur eru liðlegastir hvað þetta snertir og líða starfsmönnum að koma allt að 37 mínútum of seint til vinnu að degi til. Um leið og atvinnurekendur láta afskiptalaust þegar starfsmenn þeirra hefja störf síðar en tilskilinn vinnudagur hófst, ætlast þeir í staðinn til þess að starfsmennirnir séu sveigjanlegir og fúsir til starfa utan hefðbundins vinnutíma, jafnvel fram undir kvöld.

#### Fjarvinnslutækni

Þessi „flæðandi nálgun“ vinnutímans hefur í för með sér að vinnuveitendum finnst nú minna mál að kalla starfsmenn til aukavinnu en 80% þeirra telja lítið mál að kalla starfsmenn til kvöldvinnu.

Á heimsvísu varð niðurstaðan sú að meðalstarfsmaður fer að hugsa um vinnuna kl. 7.42 að morgni og kemur til starfa kl. 8.18, yfirgefur vinnustaðinn kl. 17.48 og er að fullu hættur störfum kl. 19.19, sem segir að starfsmaður sé „vinnustefndur“ í nærri tólf klukkustundir á dag.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er það fjarvinnslutæknin sem hefur skipt sköpum gagnvart viðhorfum til hefðbundins vinnutíma en 75% vinnuveitenda fá starfsmönnum sínum í hendur þau tæki og tól sem þeir þurfa á að halda til að vinna starf sitt hvar sem þeir eru staddir.

„Launþegar hvaðanæva úr veröldinni færa sér tæknina óspart í nyt til að ná meiri sveigjanleika í vinnu og í fjölskyldulífi,“ segir Russ Stockdale, forstjóri Mozy.

„Erfið vinna fer ekki fram hjá neinum og fjarvinnsla og tækni hafa meiri áhrif á viðhorf vinnuveitenda en menn gera sér grein fyrir. Við getum séð það með rannsókninni að vinna er að verða „það sem þú framkvæmir“ frekar en „staður sem þú ferð á“.

#### Ísland

Þegar horft er til þeirra niðurstaðna sem ofannefnd rannsókn leiddi í ljós er full ástæða til að spyrja sig hvort sömu viðhorfa gæti á meðal íslenskra vinnuveitenda og „kollega“ þeirra erlendis. Því má líka velta upp hvort fleiri kostir geti falist í sveigjanlegum dagvinnutíma hérlendis en taldir eru upp í rannsókninni og lúta að viðhorfum vinnuveitenda og meintri betri líðan starfsfólks, sem hefur sveigjanlegan vinnutíma. Þar á ég við hvort ekki mætti létta stórlega á hinni mögnuðu morgun- og síðdegisumferð á aðalumferðaræðum borgarinnar, þegar nánast allt vinnandi fólk og skólanemar er á ferðinni, til og frá vinnu og skóla, samtímis hvern virkan dag. Ferðin til og frá vinnu á höfuðborgarsvæðinu getur tekið allt að 40 mínútum, hvor ferð, að öllu áfallalausu en mun lengri tíma verði óvæntar tafir, svo sem umferðaróhapp.

**➜ Í ljós kom að meðalstjórnandinn er fús til að líta fram hjá því að starfsmaður komi allt að 32 mínútum of seint …**

Breytt viðhorf til mætingarskyldu starfsmanna sem sinna þannig störfum sem og betra skipulag á skilgreindum skrifstofutíma og stundaskrá skóla gæti stórlega dregið úr því umferðaröngþveiti sem við búum nú við.

Með tilkomu nýs Landspítala hugsa margir með hryllingi til enn aukins umferðaröngþveitis í nágrenni hans, að óbreyttu skipulagi og umferðarmannvirkjum.

Ef tækist að dreifa álagi umferðar að morgni og síðdegis á lengri tíma en nú, með því að gefa fólki kost á sveigjanlegum vinnudegi og að vinna sitt starf heima, að hluta til, sé því viðkomið, er augljóst að stór vandi yrði leystur. Þörf á stækkun og bótum umferðarleiða yrði ekki eins aðkallandi, að minnsta kosti til skamms tíma og að auki næðist fram umtalsverður eldsneytissparnaður og draga myndi úr loftmengun vegna útblásturs frá ökutækjum. Sveigjanlegur dagvinnutími – augljós hagur samfélagsins.

# KRÓNAN

**Tilboð gilda aðeins á Granda 13.-16. des.**

# GRANDADAGAR

## 13.- 16. desember

– aðeins á Granda meðan birgðir endast!

**DÚNDUR-VERÐ**




**29** kr. stk.
Krónu appelsín, 33 cl dós




**50% afsláttur**

**998** kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Esju Sænsk jólaskinka




**50% afsláttur**

**998** kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Esju Bayonneskinka




**25% afsláttur**

**1498** kr. pk.
Verð áður ~~1998~~ kr. pk.
Anton Berg konfekt, 400 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

## Veisla með Stefáni Mána!

**6690** kr. saman
Húsið og Svartur á leik DVD







| | |
|---|---|
| Húsið | 4195 kr. stk. |
| DVD | 2495 kr. stk. |

**KRÓNAN Granda**

**OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!**

# Væl hjúkrunarfræðinga

KJARAMÁL



**Unnur María Pétursdóttir**
bráðahjúkrunarfræðingur á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Undanfarið hafa hjúkrunarfræðingar stigið fram og reynt að vekja athygli á ósanngjörnum kjörum sínum og erfiðu vinnuumhverfi. Ástæðan er sú að ekki hefur enn tekist að semja um stofnanasamninga þrátt fyrir undirritun kjarasamnings í júní 2011 þar sem kveður á um að stofnanasamningar séu hluti af kjarasamningi. Í þessari umræðu hefur mörgum misgáfulegum athugasemdum verið kastað fram í samfélaginu og þá einna helst á netmiðlum.

Einhverra hluta vegna hef ég tekið þessar athugasemdir nærri mér og þær fengið mig til að hugsa hvers vegna þjóðfélagið hefur lítinn sem engan skilning á okkar baráttu. Ég hef spurt sjálfa mig að því hvort við séum ekki að sinna okkar starfi nægilega vel eða koma illa fram við þá sem til okkar leita. Margar ástæður liggja sennilega þarna að baki en þó tel ég helstu ástæðuna vera mikla vanþekkingu á starfinu. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að svara spurningunni „hvað gera hjúkrunarfræðingar?“.

Ástæðan er einfaldlega sú að starf okkar er svo gríðarlega fjölbreytt og oft á tíðum umfangsmikið að erfitt er að lýsa því í stuttu máli. Ég hef ekki áhuga á því að mála fallega mynd af starfinu þar sem við svífum um með geislabaug og hjálpum fólki sem á um sárt að binda. Það hvarflar heldur ekki að mér að halda því fram að mitt starf sé mikilvægara en önnur störf þessa lands. Hins vegar er það staðreynd að sjúkrahús verða ekki rekin án hjúkrunarfræðinga. Svo einfalt er það nú bara.

**Upphrópanir**

Upphrópanir eins og þær að með vaktaálagi getum við hækkað launin okkar umtalsvert og því eigum við ekkert að vera að kvarta hafa heyrst víða í þessari umræðu. Það er vissulega rétt, vaktaálag hækkar launin. Hins vegar þýðir vaktaálag það að við vinnum á kvöldin, á nóttunni, um helgar og alla rauða daga allan ársins hring. Það er enginn öfundsverður af því að þurfa að vinna vaktavinnu og engum hollt til lengdar að taka allt að þrjár tegundir af vöktum á einni viku eins og gerist oft í þessu starfi. Vaktavinna dregur úr manni andlega og líkamlega orku og fáir endast á fjölbreyttum vöktum í tugi ára.

Og hvað með hjúkrunarfræðinga sem hafa ekki tök á að vinna vaktavinnu, t.d. þeir sem eru einstæðir með barn/börn og þurfa að framfleyta sér og sínum á dagvinnulaunum? Er það raunhæft? Og hvað með hjúkrunarfræðinga sem starfa á dagdeildum? Við skulum hafa það í huga í þessari umræðu að það hafa ekki allir kost á því að vinna vaktavinnu og vaktavinna er ekki öfundsverð, henni fylgir mikill fórnarkostnaður sem oftar en ekki bitnar á þeim sem næst okkur standa.

**Okkar val**

Eins hefur því verið kastað fram að starfið hafi verið okkar val og við munum hafa vitað áður en lagt var af stað í námið hversu lág laun hjúkrunarfræðingar hafa. Árið 2001 þegar ég stóð frammi fyrir því að velja mér háskólanám var ég 22 ára gömul. Ég var ung og kannski svolítill kjáni en eftir miklar vangaveltur um ýmiss konar nám kaus ég nám í minni heimabyggð. Ég hafði starfað við umönnun sumarlangt á sjúkrahúsi og fann þá að starf af þessum toga átti vel við mig. Það að námið væri kennt í minni heimabyggð var stærsti þátturinn í því að þessi leið var valin. Ég hugsaði aldrei um launakjör. Á þessum tíma var engin kreppa og góðærið handan við hornið svo framtíðin var björt. Ef ég hefði fengið starf í banka þetta örlagaríka sumar eins og kom til greina í stað þess að vinna á sjúkrahúsi þá væri ég ef til vill viðskiptafræðingur í dag og hefði frá fyrsta degi verið á umtalsvert hærri launum en ég hef í dag eftir fjögurra ára háskólanám (viðskiptafræðin er þrjú ár), sjö ár í starfi ásamt viðbótar sérnámi (eitt og hálft ár til viðbótar þessum fjórum). Mín mistök, ég viðurkenni það.

Sökum þessara mistaka hef ég fjóra valmöguleika:

1. Sætta mig við mistökin og það að laun mín munu aldrei verða mannsæmandi.
2. Yfirgefa land og þjóð og halda til starfa erlendis þar sem betri laun og kjör bjóðast.
3. Kasta frá mér allri minni þekkingu og reynslu og steypa mér í frekari námslán og hefja nýtt nám næsta haust.
4. Vekja athygli á stöðu og kjörum hjúkrunarfræðinga og berjast af krafti fyrir því sem ég tel okkur eiga rétt á.

**→ Ég bið ykkur því um að hugleiða áður en þið farið að ergja ykkur á þessu endalausa væli hjúkrunarfræðinga hvort verið sé að væla að ástæðulausu.**

Hér tala ég um fjögurra ára háskólanám en raunin er sú að okkar námi lýkur aldrei. Daglega berum við ábyrgð á mannslífum og því eru eðlilega gerðar miklar kröfur um endurmenntun. Þessi endurmenntun felur m.a. í sér bókleg og verkleg próf sem ætlast er til að við stöndumst. Öll þessi námskeið eru þó afar lítils virði þegar kemur að launamálum og telja lítið í launaumslagið þrátt fyrir að undirbúningur og lærdómur fari að miklu leyti fram í okkar eigin frítíma launalaust.

Ég bið ykkur því um að hugleiða áður en þið farið að ergja ykkur á þessu endalausa væli hjúkrunarfræðinga hvort verið sé að væla að ástæðulausu. Kynnið ykkur okkar störf og launakjör og berið saman við aðrar stéttir með sambærilega langt nám að baki og myndið ykkur skoðun í framhaldinu.

Með von um betri skilning og bjartari framtíð.

# Eignabrunatryggingar bankanna

FJÁRMÁL



**Þórarinn Einarsson**
eigandi brunarústa af völdum verðbólguíkveikju bankanna

Fjármálastofnanir hafa valdið gífurlegu eignatjóni hjá almenningi. Þessar fjármálastofnanir kveiktu verðbólgubál sem breiddist út um allt samfélagið og olli gífurlegum eignabruna í öllu veðsettu húsnæði. Ólíklegt þykir að tryggingafélögin muni bæta eignabruna af völdum verðbólgubáls, enda hæpið að verðbólgubál verði talið viðurkennt form af eldsvoða.

**Verðtrygging**

Það er þó til mjög vafasöm trygging fyrir eignabruna veðsettra fasteigna af völdum verðbólgu, nefnilega verðtrygging.

Verðtrygging er undarlega sviksamleg trygging sem fjármálastofnanir selja lántakendum. Hún leggst mánaðarlega ofan á höfuðstól lánsins en auk þess þurfa lántakendur að staðgreiða verðtryggingargjald mánaðarlega. Það vill svo til að þessi tryggingasvik valda í raun þeim eignabruna sem eigendur húsnæðis verða fyrir. En það eru ekki lántakendur sem fá bætur frá verðtryggingasala vegna eignabrunans, heldur er því öfugt farið. Lántakendur borga verðbætur til tryggingasalans. Í stuttu máli er það þannig að lántakendur borga ofurháa tryggingu sem veldur sjálf eignabrunanum, en tjónið lendir allt á lántakendum sem þurfa auk þess að borga tryggingasalanum verðbætur (eftirstöðvar verðtryggingarinnar) vegna eignabrunans.

**Tryggingasvik**

Hugsum okkur að vátryggingafélag hefði selt okkur rándýra brunatryggingu sem við greiddum mánaðarlega. Ímyndum okkur einnig að í tryggingaskjalinu sjálfu væri sjálfvirkur íkveikjubúnaður sem myndi fara í gang að nokkrum árum liðnum og brenna húsið okkar. Við krefðum tryggingafélagið um brunabætur en fengum þau svör að það séum við sem ættum að greiða brunabæturnar til tryggingafélagsins en ekki öfugt.

Tryggingafélagið seldi okkur fokdýra brunatryggingu sem við borguðum mánaðarlega. Svo kveikti tryggingafélagið í húsinu okkar en ætlaði samt að rukka okkur fyrir tjónið.

Það er varla hægt að hugsa sér grófari tryggingasvik en verðtryggingu húsnæðislána. Verðtrygging veldur eignabruna, lántakendur borga trygginguna og tjónið, en bankarnir hirða eignirnar og rukka okkur áfram fyrir ógreiddar verðbætur.

**→Það er varla hægt að hugsa sér grófari tryggingasvik en verðtryggingu húsnæðislána. Verðtrygging veldur eignabruna, lántakendur borga trygginguna og tjónið, en bankarnir hirða eignirnar og rukka okkur áfram fyrir ógreiddar verðbætur.**

**Óréttmætir viðskiptahættir**

Verðtrygging brýtur augljóslega í bága við góða viðskiptahætti og telst því til óréttmætra viðskiptaháttа sem eru bannaðir samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 (sbr. greinar 5, 8 og 9). Neytendastofa hefur því fulla heimild til þess að banna verðtryggingu og/eða úrskurða að hún teljist til óréttmætra viðskiptahátta.

Þess ber að geta Neytendastofa hefur samþykkt að taka til meðferðar kvörtun þar sem m.a. er farið fram á að Neytendastofa úrskurði að verðtrygging húsnæðislána skuli teljast til óréttmætra viðskiptahátta.

# Ég bið um nýjan Álftanesveg

SAMGÖNGUR



**Berglind Birgisdóttir**
íbúi á Álftanesi

Hvers eigum við íbúar á Álftanesi að gjalda í þeirri umræðu sem er um nýjan Álftanesveg? Ég er ung móðir tveggja barna sem þarf að fara um veginn daglega og oft með börnin með mér í bílnum. Ég hef búið á Álftanesinu frá barnsaldri og valdi að búa hér áfram eftir að ég stofnaði fjölskyldu. Ég lenti sjálf í slysi á Álftanesveginum fyrir mörgum árum og var heppin að ekki fór verr í það sinn á þessum hættulega vegi. Í meira en 10 ár hefur mér og öðrum íbúum á nesinu alltaf verið sagt að nýr vegur væri alveg að koma, en lítið gerst.

Ég hef fylgst með því úr fjarlægð hvernig tillögur hafa verið gerðar um nýjan veg og þær kynntar og metnar á alla vegu. Allir virðast hafa fengið gott tækifæri á þessum langa tíma til að segja sitt álit á framkvæmdinni og veginum. Ég veit ekki betur en að þessi vegur hafi fengið alla þá lýðræðislegu kynningu og löglegu samþykkt sem hægt er að hugsa sér. Ég spyr því, hvernig stendur á því að hópur fólks sem mér sýnist vera meira og minna íbúar annars staðar en af Álftanesi geti leyft sér það að reyna að stöðva þessa nauðsynlegu framkvæmd núna loksins þegar hún er að hefjast?

**→ Ég bið ykkur vinsamlega að taka mannslífin fram yfir þrætur um vegstæði.**

Hvar er manngæskan í þeirra huga sem telja sig þess umkomna að setja öryggi vegfarenda aftur fyrir hagsmuni hrauns og slóða? Ég bið ykkur vinsamlega að taka mannslífin fram yfir þrætur um vegstæði. Ákvörðun um vegstæði hefur verið tekin í samræmi við lög og reglur og þar hafa allir í langan tíma getað haft áhrif með því að koma skoðunum sínum á framfæri á lýðræðislegan hátt. Stoppið ekki þessa nauðsynlegu vegaframkvæmd. Ég bið um það fyrir okkur öll sem förum um þennan veg og ég bið um öryggi fyrir börnin okkar. Ég skora á fleiri að láta í sér heyra sem eru sama sinnis og ég. Við getum ekki setið þegjandi hjá. Ég bið um nýjan Álftanesveg strax.



# Allir fá þá eitthvað fallegt...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**



**Verð frá: 2.150.-**

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is

**www.epal.is**

**Verð: 9.850.-**





**Verð: 4.900.-**



**Verð: 5.350.-**



**Verð: stór 19.200.-**
**lítill 11.650.-**



**Verð: 20.900.-**



**Verð: 4.200.-**

epal



**Verð: 11.800.-**

**Verð: 9.200.-**





**Verð: 21.500.-**



**Verð: 27.800.-**



**Verð: 25.900.-**

ROSENDAHL  GEORG JENSEN  stelton  marimekko®  iittala  ALESSI  Joseph Joseph  eva solo  menu

# Vöktun loftgæða í Reykjavík

UMHVERFISMÁL





**Anna Rósa Böðvarsdóttir**
verkefnisstjóri

**Árný Sigurðardóttir**
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er frumkvöðull á Íslandi í vöktun loftgæða. Heilbrigðiseftirlitið vaktar loftgæði og sér m.a. um að vinna úr gögnum, greina upptök, senda út tilkynningar og að grípa til mótvægisaðgerða, s.s. rykbindingar á götum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og er óháð stjórnsýslustofnun.

### Saga vöktunar

Reykjavíkurborg hóf að vakta loftgæði árið 1990. Fjórar mælistöðvar eru í Reykjavík sem mæla loftgæði, þrjár fastar og ein færanleg, en nokkrir aðilar koma að rekstri. Í mælistöðvunum fara m.a. fram mælingar á köfnunarefnisdíoxíði sem kemur frá útblæstri bíla, svifryki (PM10) sem verður m.a. til vegna nagladekkjanotkunar og brennisteinsvetnis frá háhitasvæðum í nágrenni borgarinnar.

Með söfnun upplýsinga um loftgæði er hægt að meta hvort þurfi að bregðast við og til hvaða mótvægisaðgerða eigi að grípa. Niðurstöður mælinga nýtast einnig fyrir skipulagningu svæða og í faraldsfræðilegar rannsóknir.

Stuðst er við heilsuverndarmörk sem koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins um loftgæði sem teknar eru upp í íslenskri löggjöf. Engin samræmd evrópsk viðmið eru til fyrir styrk brennisteinsvetnis, en árið 2010 var gefin út reglugerð fyrir brennisteinsvetni í lofti.

### Uppruni mengunar

Í Reykjavík er uppspretta mengunar fyrst og fremst vegna samgangna, en svifryksmengun verður einnig vegna sandstorma, t.d. frá Landeyjasandi og öskufjúks frá öskufallssvæðum og jafnvel getur mengun borist frá útlöndum. Þá getur brennisteinsvetni aukist í andrúmslofti í Reykjavík vegna virkjunar á háhitasvæðum í nágrenni borgarinnar.

Rannsókn frá árinu 2002 á samsetningu svifryks (PM10) í Reykjavík að vetrarlagi sýndi að malbik var u.þ.b. 55% af heildarsamsetningu svifryks. Reykjavíkurborg hefur á liðnum árum staðið fyrir árangursríkri auglýsingaherferð gegn nagladekkjum, en þeim hefur fækkað frá árinu 2004 úr 67% í 36% í mars 2012. Nagladekk eru talin helsta ástæða slits á malbiki og þá um leið aukinna agna í lofti.

Loftgæði í Reykjavík eru almennt góð og ekki síst ef horft er til annarra höfuðborga, t.d á Norðurlöndunum. Í nýrri Evróputilskipun um loftgæði, sem stendur til að innleiða hérlendis, er leyfilegt fyrir styrk svifryks (PM10) að fara 35 sinnum yfir sólarhrings-heilsuverndarmörkin. Fjöldi skipta sem styrkur svifryks (PM10) hefur farið yfir mörkin hefur verið innan þessara marka.

### Loftgæði og heilsa

Borgarbúar hafa rétt á heilnæmu umhverfi. Það er sífellt að koma betur í ljós að mengað andrúmsloft getur haft margvísleg áhrif á heilsu almennings. Þar eru ákveðnir hópar taldir viðkvæmari fyrir loftmengun en aðrir, m.a. börn, einstaklingar með astma og einstaklingar með lungna- og/eða hjarta- og æðasjúkdóma.

Nýverið birtust niðurstöður um áhrif loftmengunar á lyfjanotkun sem sýndu að tengsl eru með meiri notkun astmalyfja við hærri styrk svifryks (PM10) og brennisteinsvetnis. Einnig eru vísbendingar um aukna notkun á lyfjum við hjartaöng.

### Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur var samþykkt árið 2009. Í henni er m.a. fjallað um helstu uppsprettur mengunarefna og mögulegar skammtíma mótvægisaðgerðir. Þar koma einnig fram mótvægisaðgerðir sem eru nú til skoðunar í drögum að frumvarpi til Alþingis um umferðarlög, s.s. heimildir til að hægja tímabundið á umferð.

**➜ Í Reykjavík er uppspretta mengunar fyrst og fremst vegna samgangna…**

Viðbragðsteymi sem Heilbrigðiseftirlitið stýrir er starfandi hjá Reykjavíkurborg. Teymið tekur ákvarðanir um hvenær eigi að senda út tilkynningar og hvenær fara eigi í mótvægisaðgerðir eins og rykbindingar. Viðbragðsteymið er skipað fagfólki hjá borginni auk fulltrúa Vegagerðar ríkisins.

### Tilkynningar til almennings og skóla

Heilbrigðiseftirlitið sendir tilkynningar til fjölmiðla þegar loftmengun er líkleg til að fara yfir heilsuverndarmörk, þannig að einstaklingar sem eru viðkvæmir í öndunarfærum geti gert ráðstafanir. Til að gæta hagsmuna barna sérstaklega hófst samstarf á árinu 2006 milli Umhverfis- og skipulagssviðs og Skóla- og frístundasviðs.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is) getur almenningur fylgst með stöðugt uppfærðum upplýsingum um loftgæði í borginni. Athuga ber að þessi mæling sýnir að öllu jöfnu mestu mengun í borginni við mælistöðina á Grensásvegi. Mikill áhugi hefur verið meðal almennings að fylgjast með niðurstöðum mælinga.

### Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg vinnur um þessar mundir að því að gera aðgengi almennings að upplýsingum um loftgæði enn betra, auk þess að fjölga á færanlegum mælistöðvum borgarinnar í tvær á næstunni. Færanlegar mælistöðvar nýtast vel til að skoða áhugaverða staði í borginni, s.s. nálægt umferðarþungum götum og stöðum þar sem börn dveljast, s.s. leikskólum.

Stefna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að vera áfram í fararbroddi í vöktun loftgæða og veita góða þjónustu til borgarbúa auk þess að stuðla að bættum loftgæðum í borginni svo íbúar borgarinnar búi við bestu loftgæði á hverjum tíma.

# Lífið sjálft og framtíð þjóðar

SAMFÉLAG



**Sigrún Birna Björnsdóttir**
íslenskukennari og fagstjóri við Fjölbrautaskólann í Breiðholti

Í byrjun september birtist grein í Fréttablaðinu undir titlinum Staðan í dag. Sama dag birtist frétt á öllum ljósvakamiðlum um hækkun launa forstjóra Landspítala. Hækkun sem kveikti elda því þótt þiggjandi hafi afsalað sér hækkuninni samsvarar upphæðin rúmum mánaðarlaunum margra launþega. Eldarnir verða varla slökktir í bráð. Hækkunin gladdi mig, hún hlýtur að boða fleiri gleðitíðindi. Nú má greiða fyrir vinnuframlag umfram starfslýsingu hjá ríkinu og nú má semja.

Í fyrrnefndri grein talaði ég um vinnuframlag kennara umfram starfslýsingu. Vinnuframlag sem eykur það mikla álag sem nú þegar hvílir á kennurum, breytir skólastarfi og skiptir gríðarlegu máli fyrir kennslu barnanna okkar á öllum skólastigum um komandi ár. Nú hlýtur þessi vinna að fást greidd að fullu, fjármagn til breytinganna verða skilgreint þannig að vinnan verði fullunnin og allir sem að koma hafi sóma af.

### Velferðarvaktinn

Við kennarar erum ekki einir á velferðarvaktinni. Heilbrigðisstarfsfólk hefur líka brýnt kuta sína og skorið niður. Fréttir af blóðmjólkandi niðurskurði, úreltum og biluðum tækjum og auknu álagi á starfsfólk heilbrigðisstofnana hafa ekki farið fram hjá neinum. En erum við alveg með á nótunum?

Álag á heilbrigðisstarfsmenn hefur aukist m.a. vegna þess að skilgreining fullmannaðrar vaktar í dag er ekki sú sama og fyrir nokkrum árum. Engum hefur verið sagt upp og því er starfsmannavelta náttúruleg en á móti kemur að ekki er ráðið í stöður þeirra sem hætta sökum aldurs eða segja upp. Ef einhver starfsmaður veikist er ekki kölluð út aukavakt heldur verður starfsfólk að hlaupa hraðar. Þess vegna getur álag á heilbrigðisstarfsfólk orðið svo mikið að það nær jafnvel ekki að setjast niður eða fara á salernið heila vakt. Öryggi sjúklinga er tryggt en þegar álagið hefur vaxið úr hófi er sjálfsagt að spyrja; Er ekki komið að þolmörkum? Hvað ef eitthvað gerist?

**➜ Velferðarvaktin leggur sig alla fram en uppsker ekki og veruleikinn er grár og sár.**

### Mannréttindabrot

Hluti starfs heilbrigðisstarfsmanna snýr að andlegum stuðningi bæði við sjúklinga og aðstandendur. Nú er staðan sú að þeir vinna það allra nauðsynlegasta á hlaupum en geta illa sinnt sjúklingum eins og þeir kysu og eiga í erfiðleikum með að finna tíma til að veita aðstandendum upplýsingar og þann stuðning sem þarf þegar ættingi er mikið veikur. Andlegi þáttur starfsins situr á hakanum og eftir sitja aðstandendur og sjúklingar.

Ég vinn ekki við hjúkrun en ég er aðstandandi. Undanfarin ár hef ég oft upplifað það að nánum ættingja mínum er sinnt verr en áður, hjúkrun hans er honum alls ekki boðleg, hann illa þrifinn og upplýsingaflæði er oft og tíðum stopult. Þetta á ekki við um allar heimsóknir en þeim stundum hefur fjölgað. Ættingi minn er mikið veikur og þarf aðstoð við athafnir daglegs lífs. Hann þarf hjálp við allar grunnþarfir, m.a. að klæðast, borða og komast á klósett. Ég verð stundum mjög sár og reið fyrir hans hönd þegar ég kem í heimsókn. Þá finnst mér brotið á mannréttindum hans. En ég áfellist ekki hlaupandi starfsfólkið.

Mikið álag í starfi, sem sáir efa í huga starfsmanns um getu hans, er eitur og veldur því að starfsmaðurinn verður afhuga starfinu jafnvel þótt það sé hans ástríða. Ég hef upplifað það sjálf.

Velferðarvaktin leggur sig alla fram en uppsker ekki og veruleikinn er grár og sár. Við sem störfum í velferðarstörfum, sinnum fólki, erum ekki metin að verðleikum. Af hverju?

Því hvað er mikilvægara en lífið sjálft og framtíð heillar þjóðar?




# Krafa um nýja nálgun í heilbrigðiskerfinu

HEILBRIGÐISMÁL



**Ingibjörg Sigfúsdóttir**
stjórnarmaður í Heilsuhringnum

Vegna deilu þingkonu og læknis í Kastljósinu þann 3. desember, þar sem læknirinn var mikið á móti þingsályktunartillögu sem komið hefur fram og felur í sér umboð til heilbrigðisráðherra til að stofna þverfaglega nefnd til að kanna réttmæti niðurfellingar virðisaukaskatts á vinnu græðara. Er gott að benda á að fyrir 252 árum þann 17.3. 1760 hóf fyrsti háskóla-læknismenntaði maðurinn störf á Íslandi. Það var Bjarni Pálsson sem síðan varð landlæknir. Á þeim tíma var virðing almennings fyrir skólagengnu fólki mikil. Þess vegna lutu grasalækningar í lægra haldi þó að sumum grasalæknum tækist að græða mein sem háskólamenntuðum læknum tókst ekki. Dæmi um slíkt er í ævisögu Kristjáns Sveinssonar læknis, sem stofnaði Heilsuhælið í Hveragerði. Hann skaddaðist illa á þumalfingri þegar hann var barn.

Vildi háskólalærði læknirinn taka fingurinn af en móðir Jónasar neitaði því og græddi svo sjálf fingurinn með jurtum.

Nú er öldin önnur og ekki hægt að líta niður á þann fjölda Íslendinga sem hefur aflað sér margra ára menntunar í hinum ýmsu heildrænu meðferðum. Margar hverjar þessar meðferðir reynast mjög vel og meira að segja sumar svo vel að í gegnum þær hafa einstaklingar fengið bót meina sinna, þótt vestræn læknisfræði hafi staðið ráðalaus í þeim tilvikum.

**➜ Það þarf ekki að deila um það að þörf er á nýrri nálgun í íslensku heilbrigðiskerfi, það sanna fréttir af offitu og fjölgun fólks með sykursýki II…**

Það þarf ekki að deila um það að þörf er á nýrri nálgun í íslensku heilbrigðiskerfi, það sanna fréttir af offitu og fjölgun fólks með sykursýki II, óhóflegum ávísunum lækna á geðlyf og svefnlyf, og dauðsföll af völdum lyfja og margt fleira.

Það er krafa fjölda Íslendinga að hefðbundnir og óhefðbundnir meðferðaraðilar vinni saman án fordóma að heilbrigði þjóðarinnar. Þá getur hver einstaklingur valið þá meðferð sem honum hentar.



Skemmtilegu jólagjafirnar
BT
8.999
Coby MP620 MP3 spilari
8GB - 1,8" skjár - FM útvarp
10.999
Coby MP707 MP3 spilari
8GB - 2 skjár - FM útvarp
59.999
Samsung DA-E650 / E651
Dokka fyrir Galaxy, iPod og iPhone
40 W (2x10W hátalarar og 20W Bassi)
íslensk tónlist
2.699
Pottþétt 58
3.499
Minningartónleikar um Elly Vilhjálms
3.899
Ríó tríó 3CD
myndir
2.699
Þór
2.699
Gói og baunagrasið
2.899
Svartur á leik
5.899
Blaupunkt útvarpsvekjari
Tvöföld vekjaraklukka
sýnir dagsetningu - 10 stöðva minni
7.899
Blaupunkt RX18E
FM/AM útvarp
9.899
Blaupunkt RX19E
FM/AM útvarp
USB - SD - MP3 afspilun
11.899
Blaupunkt iClock 10
útvarpsvekjari
iPod vagga
leikir
3.999
Q Force
10.999
Assassins Creed III
11.999
Farcry 3
12.999
14.999
24.999
ION
Ion Plötuspilarar með USB - gömlu plötumar yfir í tölvu
heyrnartól -úrvalið er í BT
SKULLCANDY
Pioneer
SENNHEISER
ÖLLUM TÖLVUM FYLGIR NETFRELSI SKJÁS EINS Í 30 DAGA
15,6" SAMSUNG 123.900
Samsung 355E5C-S01
Skjár: 15.6" 1366x768 mattur
Örgjörvi: AMD Dual-Core E2-1800
Harður diskur: 500 GB SATA
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Windows 8
13,3" SAMSUNG 144.900
Samsung Series 5 - 535U3C-A04
Skjár: 13.3" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD DualCore A6-4455M
Harður diskur: 500GB
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Windows 8
15,6" SAMSUNG 248.900
Samsung Series 7 700Z5C-S03
Skjár: 15,6" HD LED 1600x900
Skjákort: NVIDIA GT640M 1GB
Örgjörvi: Intel i5 3210M 2.5Ghz
Harður diskur: 750GB SATA
myndavélar
17.999
Samsung PL20/21
14,2MP - 2,7" LCD skjár
21.899
Olympus VG-170
14MP - 3" LCD skjár
27.999
Samsung SH100
14MP - 3" snertiskjár WiFi
34.900
Samsung HMX-F80
HD videovél
ÖLLUM SJÓNVÖRPUM FYLGIR ÁSKRIFT AÐ SKJÁ EINUM Í 30 DAGA
32" 99.900
SAMSUNG
Samsung 32" LED EH4005
1366x768p - HD Ready
Full HD 1080
149.900 40"
199.900 46"
Samsung LED EH5005
1920x1080p - Full HD
SAMSUNG
Skemmtilegu jólagjafirnar fást í BT
65 síður
Glæsilegur jólabæklingur
www.BT.is
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444

# Niðurskurð strax!

AUÐLINDIR



**Kristinn Már Ársælsson**
stjórnarmaður í Öldu – félagi um sjálfbærni og lýðræði

Allir sem hafa haldið utan um rekstur, t.d. heimilis, félags eða fyrirtækis, vita að ef tekjur duga ekki fyrir útgjöldum fer reksturinn á endanum í þrot. Þetta er ótrúlega einfalt. Ömmuhagfræði. Þú þarft að afla a.m.k. jafn margra króna og þú lætur frá þér.

Í kjölfar hrunsins hefur ríkið tekið á sig miklar skuldir og verið rekið með halla, í mínus. Reksturinn stendur ekki undir sér. Ríkisstjórnin ákvað að skera niður og auka tekjurnar til að mæta hallarekstrinum. Það var til þess að standa undir þjóðnýtta tapinu á einkavædda gróðanum. Þetta vita allir því í fjölmiðlum er mikið fjallað um rekstur ríkissjóðs. Sömuleiðis heyrum við reglulega fréttir af fyrirtækjum, um rekstur þeirra, hvort hann sé í mínus eða plús.

Hins vegar er minna fjallað um rekstur náttúrunnar. Sá rekstur virkar nákvæmlega eins: Auðlindir Jarðar eru þær tekjur sem við notum í rekstur samfélaga. Við notum auðlindir (s.s. málma, jarðnæði, vatn og lífverur) til þess að framleiða og þannig viðhalda lífsgæðum okkar. Nær allt sem við notum á degi hverjum er búið til úr náttúruauðlindum.

### Í mínus

Og við erum í mínus. Tekjurnar (náttúruauðlindir) duga ekki fyrir útgjöldunum (framleiðslunni á öllu dótinu okkar). Á heildina litið er reksturinn 50% í mínus (sjá t.d. footprintnetwork.org). Til þess að standa undir rekstrinum þyrftum við hálfa Jörð í viðbót. Hún er ekki til. Eina leiðin til að auka tekjurnar er að auðlindir fái að endurnýja sig náttúrulega.

Ímyndaðu þér að heimilisbókhaldið hjá þér væri 50% í mínus um hver mánaðamót. Hve lengi værir þú að fara á hausinn? Ekki lengi. Jörðin er stór og því tekur það nokkurn tíma að hún fari í þrot. En það er eftir sem áður tímaspursmál.

Það er misjafnt hversu mikið samfélög eru í mínus (sum eru meira að segja í plús). Við Íslendingar erum líklega með þeim þjóðum sem eru hvað mest í mínus miðað við höfðatölu.

**➔Hvað getur þú gert sem engu ræður og ert bara smá brot af heildinni? Helling.**

Það stefnir í þrot. Miðað við áframhaldandi hagvöxt (aukin útgjöld) stefnir í að árið 2050 verðum við jarðarbúar komnir hátt í 200% í mínus. Þá þurfum við tæplega tvær Jarðir til viðbótar til að standa undir rekstrinum. Þær eru ekki til.

Þegar náttúruauðlindir klárast og vistkerfi eyðileggjast er engin skuldaaðlögun, kerfisbreyting eða gjaldþrotameðferð sem dugar til. Engin 110% leið. Ef náttúruauðlind klárast er það bara þannig. Dýrategund sem deyr út kemur ekki aftur. Málmur sem klárast kemur ekki aftur fyrr en eftir skrilljón ár. Vistkerfi sem eyðileggjast hafa áhrif á lífsskilyrði á Jörðinni.

Þá veistu það. Það er búið að segja þér þetta. Þú hefur tvo valmöguleika. Gera ekkert eða eitthvað.

Það stefnir í þrot. Hvernig komum við í veg fyrir það?

### Sjálfbær rekstur

Mörgu þarf að breyta en að grunni til er málið ósköp einfalt. Reksturinn þarf að standa undir sér: sjálfbær rekstur. Við þurfum að draga úr útgjöldunum (framleiðslu og neyslu) þannig að tekjurnar (náttúruauðlindir) standi undir þeim. Ráðast þarf í niðurskurð strax. Það þarf nákvæmar upplýsingar um ástand umhverfisins, skilyrði í lögum um sjálfbæra nýtingu, tryggja að umhverfiskostnaður sé innifalinn í verði vöru, umhverfisvottun sé skilyrði allrar framleiðslu og samdrátt í neyslu. Til þessara aðgerða verður að grípa strax, en vafalaust er þörf á fleiri.

Og við þurfum líka að hafa í huga að það er engin ástæða til þess að nýta auðlindir jarðar til fulls (100%) – við þurfum ekki að dansa á línunni.

Hvað getur þú gert sem engu ræður og ert bara smá brot af heildinni? Helling.

Kauptu notað frekar en nýtt. Láttu laga frekar en kaupa nýtt. Notaðu það sem þú átt í staðinn fyrir að kaupa meira dót. Veldu umhverfismerkt (t.d. svansmerkt). Kjóstu þá sem lofa að koma í veg fyrir að náttúran fari í þrot. Ekki kjósa þá sem lofa því ekki. Alls ekki kjósa þá sem lofa að auka framleiðslu og neyslu, þ.e. auka útgjöldin. Taktu þátt í félögum, eins og Öldu, sem vinna að því að koma á sjálfbæru samfélagi. Hafðu áhrif á fólk í kringum þig. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum án þess að kaupa eitthvað. Njóttu ósnortinnar náttúru. Veldu lífrænt ræktað. Veldu innlenda framleiðslu. Ekki henda mat að óþörfu. Hreyfðu þig og borðaðu hóflega.

Í verðlaun færðu betra, skemmtilegra og heilsusamlegra líf.

Þeir sem fara með völd almennings þurfa að girða sig í brók og hætta, án tafar, að reka náttúruna í mínus. Að öðrum kosti er aðeins tímaspursmál hvenær náttúran fer í þrot.

SKEMMTILEGAR & ÞROSKANDI JÓLAGJAFIR

Hvati Hvolpur

HVATI HVOLPUR er samstarfsverkefni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Hagkaups.

Markmið með Hvata er að kynna og styrkja félagið en hluti af ágóða sölunnar rennur til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna. Hvati er sérstaklega sniðugur og mjúkur bangsi sem einnig er hægt að nota sem handbrúðu. Með handbrúðunni má örva bæði þroska barnsins og tengslamyndun foreldra og barns.

Gefðu gjöf sem gleður og styrktu um leið gott málefni!

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík · slf@slf.is · www.slf.is




TILBOÐ 2.390 ~~2.999~~




TILBOÐ 3.190 ~~3.999~~

GERÐU EINS OG ÉG - HVATI OG DÝRIN

Hreyfing er mikilvæg á öllum æviskeiðum og stuðlar að betri heilsu og aukinni vellíðan. Þessi bók er hugsuð sem skemmtileg lesning fyrir börn en jafnframt tæki fyrir foreldra og þá sem vinna með börnum til að ýta undir markvissa hreyfingu, þroska og tengslamyndun.

Eva Þengilsdóttir hefur skrifað barnaefni fyrir sjónvarp, kirkjustarf og leikskóla, og þróaði efnið um Hvata hvolp í samstarfi við Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Bergrún Íris Sævarsdóttir er nýútskrifaður teiknari frá Myndlistaskólanum í Reykjavík. Gerðu eins og ég er fyrsta barnabók þeirra beggja.

Gildir til 21. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



## ÍSLENSKUR SVEINKI

**Stúfur kemur við í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 11.00 en á morgun er það Þvörusleikir og síðan Pottaskefill á sunnudag. Íslensku jólasveinarnir kíkja í heimsókn daglega í safnið, einn af öðrum til jóla, börnum og fullorðnum til gleði.**





PHILIPS

**Philips HX8111**
Sonicare AirFloss hreinsar tennur af tannsteini.
Microburst tækni hreinsar með öflugum vatnsblæstri.
Hleðslurafhlaða og hleðslutæki fyrir 100-240v fylgir.

FLOTTUR KAUPAUKI FYLGIR

VERÐ 17.995 FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kryddhjúpuðum kjúklingi með sveppasósu upp á gamla mátann.

Fuglinn er borinn fram með bökuðu grænmeti og kartöflum ásamt salati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.



## KRYDDHJÚPAÐUR KJÚKLINGUR MEÐ SVEPPASÓSU UPP Á GAMLA MÁTANN

**1 heill kjúklingur**
**80 g smjör**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**1 msk. rósmarín, smátt saxað**
**3/4 msk. salvía, smátt söxuð**
**2 msk. steinselja, smátt söxuð**
**1 msk. Montreal chicken seasoning eða salt og pipar**

**Smeygið hendinni undir haminn á fuglinum og losið hann varlega frá bringunum og alveg niður að lærum. Bræðið saman smjörið í potti með hvítlauknum, rósmaríninu, salvíunni og steinseljunni. Hellið síðan kryddsmjörinu undir haminn á fuglinum. Kryddið með Montreal chicken seasoning. Bakið við 185°C í 55 mín. Látið fuglinn standa í 10 mín. áður en hann er borinn fram.**

**SVEPPASÓSA**
**2 msk. olía**
**1 askja sveppir í bátum**
**1 tsk. paprikuduft**
**Salt og nýmalaður pipar**
**2 dl mjólk**
**2 dl rjómi**
**1 msk. kjúklingakraftur**
**sósujafnari**

**Hitið olíu í potti og steikið sveppina í 2 mínútur. Kryddið með paprikudufti, salti og pipar. Bætið þá mjólk og rjóma í pottinn og þykkið með sósujafnara. Smakkið til með kjúklingakrafti. Gott er að hella safanum og smjörinu úr ofnskúffunni í sósuna og blanda vel saman. Berið fuglinn fram með sveppasósunni.**


tilboð fyrir 2 og fleiri

tilboð 2

og kroppurinn blómstrar



Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu

3780 krónur fyrir tvo
1890 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

NINGS

www.nings.is
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899



# VERSLUNARMENN Í EÐLI OKKAR

**MORROW KYNNIR** *Tískuvöruverslunin Morrow opnaði þann 1. desember á þriðju hæð Kringlunnar. Félagarnir Kristján Þór Gústafsson og Sigurður Árni Jósefsson, sem fyrir eiga verslunina Noland, eiga og reka Morrow.*

Ný tískuvöruverslun opnaði á þriðju hæð Kringlunnar þann 1. desember. Verslunin hefur hlotið nafnið Morrow og er á sama stað og verslunin Blend var áður. „Við erum bæði með dömu- og herrafatnað fyrir fólk á aldrinum 18 ára og upp úr. Hér má finna stuttermaboli, jakka, buxur, peysur, töskur, belti, klúta, skó og fullt af öðrum aukahlutum,“ segir Sigurður Árni Jósefsson, annar eigandi Morrow.

Falleg hönnunarvara eftir íslenska fatahönnuðinn Huldu Karlottu verður til sölu í Morrow. „Hulda hannar fatnað undir merkinu Fingerprint sem er virkilega flottur. Annars koma vörurnar víða að hjá okkur. Það sem er flott fær að vera í búðinni, sama hvaðan það kemur. Til dæmis erum við með hluta af Blend-vörunum hérna ásamt ýmsum öðrum nýjum merkjum.“

Meðeigandi Sigurðar er Kristján Þór Gústafsson og hafa þeir starfað saman síðan 2000 og því engir nýgræðingar í verslunarrekstri.

„Við Kristján höfum rekið verslunina Noland síðan 2007. Við erum verslunarmenn í eðli okkar og langaði að gera eitthvað meira. Þetta atvikaðist frekar hratt. Þegar okkur bauðst að taka við plássinu hér við hliðina á Noland í Kringlunni stukkum við á tækifærið. Við hlökkum mikið til að takast á við þetta verkefni, enda er verslunarrekstur eitt af því skemmtilegasta sem við gerum.“

Á næstu dögum mun heimasíða Morrow opna á www.morrow.is. „Svo er bara um að gera að líta við hjá okkur. Það er aldrei að vita nema hér leynist einhver flott jólagjöf.“

**GAMAN Í VERSLUN** Félagarnir Kristján Þór og Sigurður Árni kampakátir með nýju búðina. MYND/PJETUR

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Fullt af nýjum vörum
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19
Opið laugardag frá 11-18


Allt til sundiðkunar!
Sundfatnað, sundfit, sundhettur, sundgleraugu, korka og kúta.
Einnig sundbuxur og leikföng fyrir yngri börnin.
Neopren sundhettur, hanska og sokka fyrir sjósundfólk.
Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur, sími 5640035 eMail: aquasport@aquasport.is

Afreksfólk öræfanna
Æviferill Fjalla-Eyvindar og Höllu
Nýtt fræðslurit FÍ
Fæst í öllum helstu bókabúðum og á skrifstofu FÍ

Í nýjasta fræðsluriti FÍ er umfjöllunarefnið æviferill þeirra Fjalla-Eyvindar og Höllu. Það hlýtur að vekja aðdáun enn í dag, hvernig Eyvindur og Halla gátu bjargað sér uppi á öræfum á þeim árum þegar harðindi og hörmungar geisuðu um byggðir landsins og mörg hundruð manna fóru á vergang í byggð og dóu úr hungri. Fróðlegt er fyrir fjallagarpa nútímans að setja sig í spor Eyvindar og Höllu og keppa við þau á jafnréttisgrundvelli, hvað klæðnað og allan útbúnað snertir til dvalar á fjöllum.
SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!
www.fi.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra

Öll börn eiga rétt á
Gleðilegum Jólum

www.hvitjol.is

Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum vörum

vera
laugarvegi 49 s:552 2020

14. DESEMBER 2012

# Lífið



EVA SÓLAN GENGUR MEÐ TVÍBURA

DÁSAMLEG JÓLATÍSKA

BÍÓKÓNGUR FAGNAR

## SPENNT FYRIR MÓÐURHLUTVERKINU

### ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA UM LISTINA, ÁSTINA OG MEÐGÖNGUNA

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi fólks mætti á Geirsgötu 9 þegar veitingastaðurinn MAR og hönnunarverslunin Mýrin voru opnuð á dögunum. Þar mátti sjá leikkonuna **Guðlaugu Elísabetu**



**Ólafsdóttur** og skartgripahönnuðinn **Steinunni Völu Sigfúsdóttur**. Ölstofan var þéttsetin á miðvikudagskvöldið en þar voru glæsilegar konur eins og



Selma Björnsdóttir söngkona, **Erla Hlynsdóttir** fréttakona og Björk Eiðsdóttir ritstjóri í svona líka góðum gír.






Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Eyþór Árnason
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Förðun Elmu: Fríða María með MAC
Hár Elmu: Fríða María með label.m




Björn Árnason, Guðný S. Ásberg Björnsdóttir, Elísabet Ásberg, Alfreð Ásberg og Árni Samúelsson.



Ragnar Árnason og höfundurinn Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.



Elísabet Ásberg og Björk Þórarinsdóttir.

# BARA FLOTTUR BÍÓKÓNGUR

Fjöldi ættingja, vina, samstarfs- og viðskiptafélaga bíókóngsins Árna Samúelssonar kom saman í Eymundsson á dögunum þegar útgáfu endurminninga Árna var fagnað. Í bókinni „Árni Sam – á fullu í 40 ár“ er sagt frá ýmsum ævintýrum hans og uppátækjum eins og útvarpsrekstri, misheppnuðum tilraunum í sjónvarpsrekstri og baráttunni við Bakkus. Vöxtur og viðgangur Sam-bíóveldisins er stærsti hluti bókarinnar en Árni þurfti að berjast við ýmsar hindranir á veginum sem hann yfirsteig.

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Ása Karen Ásgeirsdóttir, Guðný S. Ásberg Björnsdóttir og Þorbjörg Hermannsdóttir.



Hulda Sigurjónsdóttir, Hrefna Snorradóttir og Magnea Snorradóttir.



Ari Edwald, Gyða Dan Johansen og dóttir þeirra Svava Dan.


Hvert grjótkorn er bjart

upphaf ljóðsins *fjalldrapi*

teikn

eftir Guðrúnu Hannesdóttur

Eftirminnileg ljóð, alltaf skörp, stundum alvarleg en þó oftar kímin.

*þræddu augnaráðið*
*gegnum setningarnar*
*varlega*
*eins og svartan þráð*
*í lósvart klæði*

*notirðu letiþráð*
*verður ekki að sökum spurt*
*tapir þú þræðinum*
*færðu nálina beint í augað*

Guðrún hefur hlotið frábæra dóma fyrir bækur sínar og Ljóðstaf Jóns úr Vör.




Salka Kíktu á salka.is


## VORLÍNAN KOMIN TIL LANDSINS

Nú getur tískuáhugafólk glaðst því um helgina verður vorlínan 2013 frá Freebird fáanleg í versluninni Tiia á Laugavegi. Freebird er nýjasta hönnun hjónanna og fatahönnuðanna Kollu og Gunna og hefur hún nú þegar hlotið góða dóma. Kíktu á vorið!



Gunnar Hilmarsson, Kolbrún Gunnarsdóttir, Ísabella Mía Freebird





Kvenleg snið og ljósir litir einkenna vorið.

## EVA SÓLAN Á VON Á TVÍBURUM

Eva Sólan, héraðsdómslögmaður og nú verðandi móðir, deildi miklum gleðifréttum með vinum og vandamönnum á dögunum, en hún er þeirrar lukku aðnjótandi að ganga með tvíbura. Um er að ræða tvíeggja tvíbura sem von er á í heiminn í lok mars á næsta ári. Eva er að vonum yfir sig spennt að verða móðir.
Lífið óskar Evu innilega til hamingju.






Farmers Market

ICELAND

WWW.FARMERSMARKET.IS

FARMERS & FRIENDS VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960



Olga lærði og bjó í Hollandi í mörg ár. Hún elskar hollenska hönnun eins og glöggir sjá á þessum myndum. MYND/EYÞÓR ÁRNASON



Falleg og björt borðstofa eða fjölskyldurými eins og það er kallað.



Myndirnar gera heilmikið fyrir rýmið.

# BÝR Í SKIPSTJÓRAHÚSI



**Olga Hrafnsdóttir** í Volka býr í einu fallegasta skipstjórahúsi landsins, þar sem allt hefur verið tekið í gegn frá A til Ö. Í Heimsókn annað kvöld bankar Sindri Sindrason upp á hjá Olgu, sem sýnir heimili sitt, en þátturinn er eins og alltaf í opinni dagskrá strax að loknum fréttum Stöðvar 2.



Ólíkar mumblur en fullkomin samsetning.


## AUGLÝSING: COBRA KYNNIR





Cobra er til húsa á fyrstu hæð Kringlunnar. MYND/PJETUR

# SOKKAR FYRIR ALLA Í FJÖLSKYLDUNNI

**Í versluninni Cobra í Kringlunni fæst úrval af sokkum og sokkabuxum sem eru ómissandi fylgihlutir fyrir dömur, herra og börn. Um jólin fást þar fjölbreyttar gjafaöskjur.**

Hjónin Oddný Teitsdóttir og Ari Steinþórsson hafa rekið Sokkabúðina frá stofnun hennar árið 1998. „Við sérhæfum okkur í sokkum, sokkabuxum og leggings fyrir alla fjölskylduna. Vörurnar eru í raun ómissandi fylgihlutir og setja punktinn yfir i-ið ," segir Oddný.

Búðin er troðfull af tískusokkabuxum frá vönduðum og góðum evrópskum framleiðendum. „Aðalmerkið sem við erum með er FALKE frá Þýskalandi. Sokkabuxurnar frá þeim eru rómaðar fyrir þægilegt snið og góða endingu. Við erum líka með Happy Socks sokka frá Svíþjóð sem eru með skrautlegum mynstrum í dömu- og herrastærðum sem hafa slegið í gegn. Einnig bjóðum við upp á mikið úrval af hnésokkum og sokkabuxum frá Emilio Cavallini, Trasparenze, Bonnie Doon og fleirum."

„Ungbarnaleðurskórnir sem fást hér í Cobra eru mjög vinsælir en þeir koma í stærðum 0-6 mánaða upp í 2-3 ára. Herrasokkar fást í mörgum gerðum og stærðum, allt frá 39 til 50. Einnig fást hnéháir herrasokkar úr bómull eða ullarblöndu. Við erum einnig með mikið úrval af barnasokkum, sokkabuxum, leggings og glimmersokkum fyrir jólin," segir Ari.

Um þessar mundir býður Cobra upp á gjafaöskjur í fjölbreyttu úrvali fyrir alla fjölskylduna. „Þetta eru jólalegar öskjur með tveimur pörum af sokkum í. Við erum með tvenns konar öskjur fyrir herra og þrenns konar fyrir dömur. Einnig er einn barnakassi og svo kassar með hlaupasokkum og göngusokkum. Það er hægt að velja um mismunandi liti og stærðir og því er þetta tilvalin jólagjöf sem hentar öllum."

Starfsfólk Cobru leggur áherslu á að veita góða þjónustu, gæði og gott úrval. Viðskiptavinum er leiðbeint við að finna réttu stærðirnar og hægt er að máta sýnishorn af flestum gerðum sem í boði eru.

Hægt er að panta á www.cobra.is þar sem flestar vörur eru í boði og einnig er sent í póstkröfu ef þess er óskað. Sokkabúðin er virk á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem myndir af nýjum vörum eru birtar en þar er einnig hægt að fylgjast með afsláttum og tilboðum.



Hægt er að fá gjafaöskjur fyrir alla fjölskylduna fyrir jólin.


› Sjá nánar á visir.is/lifid

# LÍFIÐ Á INSTAGRAM



**Elín Reynisdóttir, förðunarmeistari fræga fólksins, flutti ásamt manni og börnum til Dubai fyrir þremur árum. Hún velur þar úr fjölda spennandi verkefna eins og sjá má á þessum símamyndum sem hún tók í vinnunni.**



„Þetta var auglýsing fyrir pakistanska landsliðið í krikket, svakalegar stórstjörnur í sínu heimalandi, bara eins og Ronaldo í Brasilíu," segir Elín.





„Þessi er gríðarlega vinsæll hérna. Hann er Justin Bieber Sádi-Arabíu."



Elín farðaði þessa fegurðardís.


BRÁÐUM KOMA
BLESSUÐ JÓLIN
BÚSÁHÖLD
3 FYRIR 2
-40%
AF ALLRI JÓLAVÖRU
99.900
-40%
SPEGLAR
Nú 23.940
Áður 39.900
Nú 63.920
Áður 79.900
-20%
STAKIR
STÓLAR
Nú 47.920
Áður 59.900
NÝ SENDING AF MYNDUM
-40%
AF SKARTI
-40%
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Elma Lísa er skemmtileg og með yndislega nærveru. Hér lætur hún fara vel um sig í sófanum heima í stofu.

# ÞAKKLÁT OG SPENNT AÐ TAKAST Á VIÐ NÝTT HLUTVERK

**Lífið heimsótti Elmu Lísu Gunnarsdóttur leikkonu á fallega heimilið hennar og Reynis eiginmanns hennar. Elma ræðir um listina, ástina og síðast en ekki síst mikilvægasta hlutverk hennar til þessa, móðurhlutverkið, en hún á von á frumburðinum í byrjun maí á næsta ári.**

**ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR**
**STARF:** Leikkona.
**MAKI:** Reynir Lyngdal.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift.
**HVAR SÉRÐU ÞIG EFTIR 10 ÁR?** Ég verð bara vonandi að vinna við það sem ég elska. Verð með manninum sem ég elska og börnunum okkar tveimur, Unu og bumbubúa.

**Uppáhalds**
**TIMARIT** Öll svona hönnunartímarit.
**DEKUR** Nudd hjá Hafdísi er yndislegt. Góður matur með skemmtilegu fólki!
**HÖNNUÐUR** Þeir eru margir og ólíkir!
**VEITINGASTAÐUR** Heima er best. Reynir gerir besta matinn.

**Hvað tekst þú á við þessa dagana?** Ég var að klára að leika í myndinni XL eftir Martein Þórsson sem verður frumsýnd núna í janúar. Svo er ég ólétt þannig að undanfarið hef ég nú bara verið að hafa það gott. Rækta vináttuna, ég er svo lánsöm að eiga marga góða vini og það gefst ekki alltaf tími í að hitta þá þegar maður er að vinna mikið og sýna í leikhúsunum. Fátt er betra en að hitta góða vini og fá sér gott kaffi. Svo er ég ósköp heimakær þessa dagana, mér finnst fátt betra en að vera heima hjá mér og sérstaklega kannski núna. Eftir jól er ég svo að fara að leika í myndinni Vonarstræti hjá Baldvin Z.

**Hvernig er heilsan og hvenær er von á nýja fjölskyldumeðlimnum?** Heilsan er mjög góð. Ég var rosalega þreytt fyrstu 3 mánuðina og slapp sem betur fer við ógleðina. En ég held ég hafi aldrei sofið jafnmikið, sem var bara fínt því ég elska að sofa. En núna er orkan komin og mér líður alveg rosalega vel og er orðin spennt að vita kynið, en það ætti að koma í ljós í 20 vikna sónarnum. Ég er sett 4. maí. Annars er bara mikil gleði og spenningur hjá okkur og Una Margrét, fósturdóttir mín, er afar spennt og á eftir að vera frábær stóra systir. Þetta er án efa stærsta og merkilegasta hlutverkið mitt til þessa enda finnst mér það stór ákvörðun að eignast barn. Ég er þakklát og spennt að takast á við þetta nýja hlutverk.

**Hvernig heldur þú þér í formi – líkamlega og andlega?** Jóga finnst mér frábært bæði líkamlega og andlega, það hefur reynst mér ótrúlega vel. Oft á tíðum er stress í leikhúsinu og þá er gott að fara í jóga og næra sál og líkama og kúpla sig út. Mig langar að kanna hugleiðslu betur því ég hef mikla trú á henni. Ég spái mikið í vítamín og reyni að borða fjölbreyttan og hollan mat. Svo er náttúrulega ómissandi að eiga góða vini, eins og ég sagði áðan, og maka sem er hægt að tala við. Og ég er svo heppin að eiga bæði góða vini og frábæran maka.

**Nú eruð þið Reynir eiginmaður þinn upptekin bæði – hvernig ræktið þið hvort annað?** Við Reynir erum búin að þekkjast síðan ég var 18 og hann 16, höfum verið saman í 11 ár og gift í 10 næsta maí þegar bumbubúi kemur. Ég gæti ekki verið heppnari með maka og lífsförunaut en það er ekki sjálfgefið að eiga góðan maka. Við höfum alltaf verið dugleg að rækta sambandið. Við erum dugleg að gera hluti saman, förum út að borða bara tvö, ferðumst mikið og gefum hvort öðru tíma. Við erum að mörgu leyti lík, höfum svipuð áhugamál og langanir. Hann er sífellt að dekra mig og ég er örugglega orðin spillt af því, en ég elska það! Aðalmálið, held ég, er að finnast hvort annað skemmtilegt, þá kemur allt hitt af sjálfu sér.

**Hvernig er desember hjá ykkur? Einhverjar jólahefðir sem eru ómissandi að þínu mati?** Það er nú bara misjafnt. Í ár ætlum við að borða hjá tengdó með Unu fósturdóttur minni en Sigurður Lyngdal tengdafaðir minn er góður kokkur og finnst fátt skemmtilegra en að elda ofan í okkur. Nú, jólahlaðborð á Argentínu er kannski orðið að hefð en við förum einmitt með tengdó og systkinum Reynis og mökum þangað. Einnig finnst mér voða jólalegt að fara á tónleika. Við Reynir ætlum á útgáfutónleika Hjaltalín og ég hlakka mikið til. Mér finnst ótrúlega gaman og nærandi að fara á tónleika. Það er alltaf tekin ein IKEA-ferð og keypt fullt

Framhald á síðu 8

SOHO MARKET FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM




Grensásvegur 8 | Sími 553 7300
Opið föstud. kl. 12–19, laugard. og sunnud. kl. 12–18.
Frá og með 17. des opið frá kl. 12–22. SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Gleðileg jól!
SOHO MARKET



Ktripe S FLOS

# NÝTT Í LUMEX



Graypants graypants



Costanza LUCE PLAN



Can Can FLOS



Chouchin FOSCARINI

Skipholti 37
Sími 568 8388, lumex.is
**Opið laugardaga frá 11-16**

LUMEX
Síðan 1985



„Þetta er án efa stærsta og merkilegasta hlutverkið mitt til þessa enda finnst mér það stór ákvörðun að eignast barn,“ segir Elma Lísa. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

> **Heilsan er mjög góð. Ég var rosalega þreytt fyrstu þrjá mánuðina og slapp sem betur fer við ógleðina.**

Framhald af síðu 7

af einhverri vitleysu, jólin byrja víst þar hef ég heyrt! Við bökuðum síðustu helgi með Unu og það er gott að fá lyktina af smákökunum í íbúðina. Svo hittum við vini okkar sem búa í útlöndum. Ég er t.d. hrikalega spennt að hitta Dóru Jó vinkonu mína, en hún og fjölskylda búa í New York.

**Leiklistin og þú – viltu segja mér af hverju þú ákvaðst að feta þessa braut?** Ég for í Leiklistarskóla Íslands árið 1997, þá 23 ára gömul, og útskrifaðist 2001 úr Listaháskóla Ísland, en minn bekkur var fyrsti bekkurinn sem útskrifaðist með BA-gráðu í leiklist. Af hverju leiklist? Ég var mikið í dansi frá 6 ára aldri til 16 (margfaldur Íslandsmeistari í freestyle, he he). Lengi vel var draumurinn að vera dansari. Ég var snemma byrjuð að leika í auglýsingum, sat fyrir í alls konar myndatökum og vann sem fyrirsæta í nokkra mánuði í Mílanó og eitt sumar í Aþenu – það var áhugavert! Leiklistin var alltaf þarna en ég þorði ekki að fara í inntökuprófið. Svo hugsaði ég með mér þegar ég var 23 ára að ef ég færi ekki núna í inntökuprófin ætti ég alltaf eftir að sjá eftir því. Þannig að ég skellti mér og fór inn í fyrstu tilraun. Ég var heppin með bekk, allt frábærir listamenn, og við erum dugleg að halda sambandi í dag. En námið sjálft er mikil naflaskoðun og getur oft og tíðum verið strembið – þú ert yfirleitt að eiga við þína drauga og bresti. En ég hef verið heppin og leikið helling í leikhúsum og kvikmyndum. Það sem getur verið erfitt við leiklistina er að það er erfitt að vinna sig upp í henni, eins og á við í flestum störfum. Ef maður er ekki fastráðinn er maður yfirleitt á árssamningi eða verkefnaráðinn. Síðan líður sá tími og ef það er ekkert hlutverk sem hentar er enga vinnu að fá, sama hversu mikið þú hefur unnið fyrir húsið. Þetta er engin venjuleg vinna! En það er líka það sem er spennandi við hana og svo er fólkið alveg fáránlega skemmtilegt.



„Ég er sett 4. maí. Una Margrét, fósturdóttir mín,er afar spennt og á eftir að vera frábær stóra systir.“ MYND/EYÞÓR ÁRNASON

**Hver eru áhugamál þín fyrir utan leiklistina?** Ég er svo mikið fagidjót, leiklistin er mitt aðaláhugamál, þetta er bara þannig starf að það gleypir mann allan og maður verður að gefa sig allan í það. Ég segi oft við krakka sem eru að spá í að fara í leiklist: er þetta það eina sem þig langar að gera? Ef ekki, spáðu þá alvarlega í að gera eitthvað annað. Því ekki eru það launin og starfsöryggið sem heilla. Ég hef gaman af allri hönnun, myndlist og tísku. Svo er það jóga, ég var búin að skrá mig í jóganám í vetur en hætti svo við þegar ég var ólétt, en ég á örugglega eftir að fara í það seinna. Við Reynir höfum ferðast mikið og það mætti kannski telja það sem áhugamál, en mér finnst ótrúlega gaman að fara á nýja staði og sjá eitthvað nýtt. Vonandi getum við haldið því áfram eftir að erfinginn kemur.

**En fyrirmyndir þínar?** Fyrirmyndirnar eru margar, bæði í faginu og í persónulega lífinu. Systkini mín koma fyrst upp í hugann. Ég á tvær yngri systur, þær Nínu Björk og Tinnu Dögg, og einn yngri bróður, Sverri. Yngsta systir mín Tinna á til dæmis fimm börn en í vetur er hún í námi og að vinna. Við fengum það í veganesti að maður ætti að treysta á sjálfan sig og við erum öll sjálfstæð og dugleg systkinin, sem ég er þakklát fyrir. Svo eru það mínir frábæru vinir sem erfitt er að gera upp á milli, þeir eru líka fyrirmyndir mínar og innblástur að ónefndum mínum yndislega maka Reyni Lyngdal.

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?** Já, ég er að frumsýna kvikmyndina XL 18. janúar þar sem ég leik stórt hlutverk á móti Ólafi Darra. Myndin er eftir Martein Þórsson sem leikstýrði okkur Darra í Roklandi. (Fyrir leik sinn í þeirri mynd fengu Elma og Darri einmitt Edduverðlaun – innsk. blm.)

## Dagur í lífi Elmu Lísu

**08.00** Vakna við knús frá Unu og Reyni, hún er að fara í skólann. Ætla að kúra aðeins lengur, það er svo gott í myrkrinu.

**10.00** Vakna. Var að dreyma eitthvað rosalegt, mig dreymir endalaust þessa dagana. Fer fram úr og fæ mér Cheerios og djús og vítamín. Fer aðeins í tölvuna, tíminn flýgur. Klukkan orðin 11.30, á að mæta í meðgöngujóga klukkan 12. Ég klæði mig og geri mig klára.

**12.00** Jóga með fullt af fallegum óléttum misþreyttum konum. Síðan jóga og slökun til 13.30. Lífið er gott.

**14.00** Matur á Maður lifandi með minni góðu frábæru vinkonu, Birgittu Birgis, sem að ég hef ekki hitt alltof lengi, hrikalega gaman mikið hlegið og talað og góður og hollur matur.

**15.00** Kaffi á Kaffitár með Birgittu. Enn þá gaman.

**16.00** Hljóðsetning fyrir myndina XL, hitti Matta leikstjóra og Boga hljóðmann. Þeir eru skemmtilegir.

**17.30** Fer í ónefnda búð og kaupi 2 pakka handa Reyni í jólagjöf. Ætla ekki að fara nánar út í það.

**18.30** Kem heim, frábær dagur að baki. Reynir búin að kaupa silung og salat í matinn. Klára að pakka inn gjöfunum til Lux þar sem Nína systir og fjölskylda búa. Þarf að senda þá á morgun svo að þeir skili sér fyrir jólin.

**20.00** Una mín kemur heim úr sundi en hún æfir sund alla daga þessi snillingur. Nú er heilög stund að mínu mati, matur og farið yfir daginn saman. Gengið frá eftir matinn, klára að pakka inn til Lux. Una í rúmið, mikil spenna fyrir jólasveininum!

**21.30** Homeland, næstsíðast þáttur. Ótrúlega gott stöff, mæli með þessum þáttum. Meira sjónvarp.

**23.30** Í rúmið – góða nótt!



# habitat

NÝJAR VÖRUR -JÓLIN 2012

## FALLEGT JÓLASKRAUT OG SERÍUR Í MIKLU ÚRVALI



MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM JÓLAGJÖFUM

**30%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLASERÍUM

**30%** AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI

**20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM



WILMOT sófar og stólar með ullaráklæði
3ja sæta sófi – 207.200 kr.
2ja sæta sófi – 175.200 kr.
Stóll – 103.200 kr.



ARGENTIA
smákökujólatréð
3 skálar í einu tré
5.530 kr.



FLORA
Vínglas 1.225 kr.
Kampavínsglas 1.015 kr.

YPSILON desertskál
m/rauðu 875 kr.





SATELLITE
kertastjaki
3.430 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF
FALLEGU JÓLASKRAUTI



ÖLL BIRT HABITAT-VERÐ
ERU AFSLÁTTARVERÐ

habitat Kauptúni og Kringlunni | S. 566 7070 | www.habitat.is Opið í dag milli kl. 11 og 18. Opið til kl. 22 frá 15. des til jóla.

# Heimilisgladningur

**20%** afsláttur af öllum sófum

**20%** afsláttur af öllum húsgögnum frá ETHNICRAFT

Mikið úrval jólagjafa

Heitt á könnunni í Kauptúninu!

Bjóðum vaxtalausar afborganir í allt að 12 mánuði









*Afborganir eru vaxtalausar en 3% lántökugjald bætist við verðið



LINGUA
veggklukka
12.400 kr.



MEADOW
skartstandur
ÁÐUR 2.400 kr.
**NÚ 1.680 kr.**

30% afsláttur



WALLFLOWER veggskraut
25 stk. í kassa
5.900 kr.

30% afsláttur



CUBBY
smáhlutahilla m. snögum
ÁÐUR 5.900 kr.
**NÚ 4.130 kr.**



SHOJI
myndarammi
4.800 kr.

30% afsláttur



FLIP fatahengi
ÁÐUR 7.200 kr.
**NÚ 5.040 kr.**



CONCEAL
Ósýnilega hillan!
2.900 kr. lítil
3.900 kr. stór



ZOOLA
skartdýr
1.600 kr.

umbra

TEKK COMPANY

Kringlunni og Kauptúni - Sími 564 4400 - www.tekk.is
Opið í dag milli kl. 11 og 18. Opið til kl. 22 frá 15. des til jóla.

Við erum á Facebook

FABRIKAN

## UPPÁHALDSGJAFIRNAR FRÁ BÖRNUNUM

**Sigríður Arna Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur og höfundur bókarinnar Útivist og afþreying fyrir börn.**

**1** Mér finnst mikilvægt að skapa notalegar stundir með fjölskyldunni fyrir jólin. Uppáhaldshefð okkar er að fara í Heiðmörk að höggva jólatré. Það er svo gaman að vera úti í náttúrunni og upplifa jólastemningu í fallegu og friðsælu umhverfi, kíkja á jólamarkaðinn við Elliðavatn, hitta jólasveina og fá heitt kakó og piparkökur. Einnig er ómissandi hefð hjá okkur fyrir jólin að búa til laufabrauð og mála piparkökuhús.



**2** Ég er frekar fastheldin á jólamatinn. Á aðfangadagskvöld erum við með reykta gæsabringu í forrétt og hamborgarhrygg í aðalrétt en eftirrétturinn breytist yfirleitt milli ára. Þessi jól ætla ég að vera með köku með heitri karamellusósu og rjóma í eftirrétt. Á jóladag erum við með hangikjöt og er laufabrauðið ómissandi með því.

**3** Mér finnst mörg jólalög skemmtileg en held alltaf mest upp á hið fallega lag Ó helga nótt.

**4** Ég held alltaf mest upp á gjafirnar sem börnin mín hafa búið til sjálf og gefið mér í gegnum árin.

**5** Ég hef stundum lent í því að eitthvað klikkar í jólaundirbúningnum eða í matseldinni um jólin. Áður fyrr gat ég nánast látið það skemma fyrir mér jólagleðina ef t.d. sósan mislukkaðist eða eitthvað gleymdist en hef lært það í gegnum árin að hlutirnir þurfa langt frá því að vera fullkomnir til að eiga gleðileg jól. Það er alltaf hægt að gera gott úr hlutunum. Það sem skiptir mestu máli er að jólin eru yndislegur tími til að vera með fjölskyldunni, sýna hvert öðru kærleika og hlýju og skapa góðar minningar.

## JÓLIN SNÚAST UM ÁST

**Sigríður Arnardóttir, fjölmiðlakona, rithöfundur og fyrirlesari.**

**1** Uppáhaldshefðin er að halda í hefðirnar. Hlusta á útvarpið á meðan jólamaturinn er eldaður. Hringja sérstakri jólaklukku þegar sagt er ,,gjörið svo vel", börnin opna einn pakka fyrir matinn, fara í leiki með gestunum við matarborðið, spenningurinn í kringum möndluna í möndlugrautnum, útbúa heita karamellusósu út á grautinn, opna jólakortin þegar gestirnir eru farnir, lesa jólabækur fram á nótt. Allar þessar hefðir eru svo dýrmætar.



**2** Eg er yfirleitt með kalkún með tilheyrandi á aðfangadag en hamborgarhrygg um áramót. Júlíus, maðurinn hennar mömmu, hefur yfirleitt séð um frábæran humar í forrétt.

**3** Uppáhaldsjólalagið mitt núna er ,,Það snjóar" með Sigurði Guðmundssyni. En einnig sálmur sem ég heyri á Rás 1 um hver jól og man ekki nafnið á. Svo Gilsbakkaþula og fleira gamalt og gott. Það er til svo margt fallegt með tónlistarmönnunum okkar.

**4** Það getur varla neitt toppað dúkkuhúsið sem afi minn útbjó og gaf mér þegar ég var lítil stelpa. Það var jólagjöf allra tíma í mínu lífi. Og jólin finnst mér snúast fyrst og fremst um það að gleðja börn og veita þeim gleði og frið.

**5** Nei, það hefur ekkert farið úrskeiðis um jólin. Enda er þetta bara eðlilegt fjölskyldulíf og þarf ekkert að vera ,,hannað" eða fullkomið. Ég man þó eftir einni uppákomu þegar ég var um tvítugt og hafði skrifað smásögu um afa og ætlaði að gefa honum í jólagjöf. Við vorum komin til afa og ömmu á aðfangadag þegar ég áttaði mig á því að ég hafði gleymt sögunni heima. Ég var bíllaus og það var allt á kafi í snjó. En mér fannst þetta svo mikilvægt svo ég kippti upp um mig pilsinu, skellti mér í gúmmístígvél og óslaði snjóinn upp Breiðholtsbrekkuna í myrkrinu til að sækja gjöfina hans afa. Svona eru jólin: Þau snúast um ást og að gleðja þá sem standa hjarta okkar næst.


LOLITA.IS KYNNIR:

Erum með mikið úrval af fallegum fatnaði, glæsilegu skarti og flottum fylgihlutum á góðu verði.

Finndu okkur á facebook undir „Lolita.is - Netverslun".

Verslun að Trönuhrauni 2, Hafnarfirði
S: 544-5554







# SPJALLAÐ UM JÓLIN...

**Jólin eru handan við hornið, af því tilefni spjallaði Lífið við nokkrar skemmtilegar konur um jólaminningar, jólahefðir og fleira.** 1. Hver er uppáhaldshefð fjölskyldunnar? 2. Hvað er í jólamatinn? 3. Hvert er uppáhaldsjólalagið? 4. Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin? 5. Hefur eitthvað farið úrskeiðis á jólunum?

## FER Í BÆINN MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

**Ebba Guðný, heilsukokkur.**

**1** Mín er að horfa á White Christmas með Bing Crosby, börnin mín eru ekki eins spennt. Svo að fara í bæinn á Þorláksmessu og sjá jólin þar og fara út að borða saman fjölskyldan. Einnig piparkökurnar sem við bökum saman vel fyrir jól, það finnst Hönnu og Hafliða æði. Svo er alltaf jafn gaman að ná í jólakassana með öllu jólaskrautinu, jólabókunum og geisladiskunum og hefjast handa við jólaundirbúninginn.



**2** Yfirleitt er bæði lambakjöt og hnetusteik í aðalrétt og humarsúpa í forrétt. Reynt að gera öllum til geðs.

**3** Já, White Christmas með Bing Crosby!

**4** Þegar mamma og pabbi gáfu mér „hliðar"-skólatösku úr leðri þegar ég var 11 ára, vá mér fannst hún flott og svöl!

**5** Já, það kviknaði eitt sinn í stofuborðinu þegar jólakransinn brann niður. Ég sá borðið í ljósum logum þegar ég vaknaði um tvö leytið til að fara á klósettið, 10 ára gömul. Mamma á fullu að vasast í jólunum í eldhúsinu fram á nótt. En það var fljótgert að slökkva með teppi og einhverju fleiru. Þrátt fyrir þetta notuðum við borðið í nokkur ár.

## DÓTTIRIN BESTA JÓLAGJÖFIN

**Hanna Stína, innanhúsarkitekt.**

**1** Að halda jólin hjá mömmu. Þegar kirkjuklukkurnar og hátíðleikinn færist yfir og mamma les jólaguðspjallið fyrir okkur, þá eru jólin komin og ég fæ tár í augun enda afar falleg stund. Svo erum við miklir sælkerar og gjafmildin er í hámarki.



**2** Uppáhaldsjólamaturinn minn er önd, og það hefur verið látið eftir mér síðastliðin jól, ég vona að svo verði aftur núna. Vona að mamma sé að lesa þetta.

**3** Uppáhaldsjólalagið mitt er án efa The Christmas Song með Nat King Cole.

**4** Ætli það sé ekki hún dóttir mín sem ég eignaðist fyrir sjö árum, nokkrum dögum fyrir jól. Hún breytti öllu og ég var í sæluvímu á aðfangadagskvöld með hana í fanginu.

**5** Maður hefur oft verið að kaupa síðustu gjöfina á aðfangadag og því um líkt. Ein jólin var ég svo þreytt eftir mikla vinnu að ég sofnaði eiginlega ofan í súpuskálina en það er líklega eitthvað sem margir hafa lent í. Jólin eru yndislegur tími, mikil nostalgía og lotning færist yfir og maður minnist þeirra sem eru ekki lengur á meðal okkar. En svo sér maður framtíðina og gleðina í barninu sínu. Ég ætla að eiga frábær jól með gleði, virðingu og ánægju yfir lífinu.



*Litir: fæst í fleiri litum og munstri*
*Stærðir: 36-44*
*Verð kr. 27.990*
***Stíll, Laugavegur 58,***
***Sími: 551-4884, www.stillfashion.is***



*Litir: svartur*
*Stærðir: 40-54*
*Verð kr. 17.980*
***Belladonna, Skeifunni 8***
***Sími: 517-6460, www.belladonna.is***



*Litir: svartur, grænn og rauður*
*Stærðir: 42-56*
*Verð kr. 12.990*
***Belladonna, Skeifunni 8***
***Sími: 517-6460, www.belladonna.is***

# Glæsilegir **kjólar** fyrir **jólin**



*Litir: Champange og Svartur*
*Stærðir: 16-26.*
*Verð kr. 12.900*
***Curvy vefverslun og tískuverslun***
***Nóatúni 17, Sími 775-1552***
***www.curvy.is***



*Litir: Bleikur*
*Stærðir: 18-26*
*Verð kr. 13.900*
***Curvy vefverslun og tískuverslun***
***Nóatúni 17, Sími 775-1552***
***www.curvy.is***



*Litir: Svartur*
*Stærðir: 16-26*
*Verð kr. 12.900*
***Curvy vefverslun og tískuverslun***
***Nóatúni 17, Sími 775-1552***
***www.curvy.is***



*Litir: Rautt*
*Stærðir: 38-46*
*Verð kr. 34.990*
***Verslunin Kello, Kringlunni***
***Sími: 568-4900***



*Litir: Blátt*
*Stærðir: 38-46*
*Verð kr. 45.990*
***Verslunin Kello, Kringlunni***
***Sími: 568-4900***



*Litir: Svart*
*Stærðir: 36-48*
*Verð kr. 39.990*
***Verslunin Kello, Kringlunni***
***Sími: 568-4900***



*Litir: Svart*
*Stærðir: 38-46*
*Verð kr. 54.990*
***Verslunin Kello, Kringlunni***
***Sími: 568-4900***



Kjóll og jakki: Sautján
Klútur og töskur: Eva

# GLAMÚR AÐ EILÍFU

**Tilgangur jólanna fallegur er en það verður jóladressið líka að vera. Lífið skoðaði jólatískuna, sem er óvenju glitrandi og fögur þetta árið.**



Skyrta og taska: Kúltúr
Buxur, hringur og armband: Companys
Skór: GS skór



Blómapils og samfella: Eva
Skór: Kúltúr
Kímanó: Sautján
Armband: Companys



Hálsmen: Eva
Varalitur: M.A.C. Red



Palíettupils, loðkragi,taska, brjóstsykurbox, ilmkerti, heimilisilmur: Eva
Armbönd og hálsfesti: Sautján
Skór: GS skór

LJÓSMYNDUN: BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR | STÍLISTI: ERNA BERGMANN | FÖRÐUN: FRÍÐA MARÍA MEÐ MAC | HÁR: FRÍÐA MARÍA MEÐ LABEL. M

2012

# Jólahlaðborð

## Í Perlunni






Frábærir tónlistamenn skemmta á Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.

**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**

### Forréttir

Villibráðasúpa
Kavíar
Reyktur lax
Graflax
Reyktur áll á eggi
Parmaskinka
Hreyndýra paté
Andalifra-terrine
Sveitapaté
Lifrarkæfa
Sjávarréttasalat
Rækjur
Síldar salöt
Heitreyktur silungur
Salat
Nautatunga
Hvala eða Gæsa carpaccio

### Aðalréttir

Grillað dádýr
Purusteik á danska vísu
Roastbeef
Hamborgarhryggur
Kjúklingur tandoori
Kalkúnabringur
Hangikjöt
Kalkúnalæri
Andarleggir
Flamberað góðgæti 2 tegundir

*8.790 kr.*
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.790 kr.*

### Eftirréttir

Ris à l'amande
Súkkulaðiterta
Perlu súkkulaði bomba
Heit eplakaka
Dimekaka
Karmellukaka
Eggjabúðingur
Dessert í glösum
Úrval af ís
Smákökur
Gulrótarkaka
Súkkulaðibollar
Rúlluterta

*Uppselt: 24. & 30. nóv - 1.- 7.- 8. & 15 des.*





*Opið í hádeginu*
*Föstudagana 7. og 14. desember*
*Laugardagana 8. og 15. desember*
*Aðeins 5.290 kr.*

### Skötu og Jólahlaðborð

23. desember
5.290 kr.

### Nýárskvöld í Perlunni

1. janúar - opnum kl. 19



Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

PERLAN

# FAGNA ÚTKOMU FLÉTTU

Sjá nánar á visir.is/lifid

Útkomu tónverksins Flétta eftir Hauk Tómasson var fagnað á heimili hans í vikunni, en verkið er komið út á diski og mynddiski. Verkið var frumflutt í Hallgrímskirkju á Listahátíð 2011 og hlaut afar lofsamlega dóma. Flytjendur eru Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Kammersveit Reykjavíkur en stjórnandi er Hörður Áskelsson.



Ragnheiður Elísdóttir, Sigfríður Björnsdóttir og Anna Jóhannesdóttir.



Bogi Þór Siguroddsson, Haukur Tómasson og Páll Valsson.



Dröfn Rafnsdóttir og Inga Rós Ingólfsdóttir.

## Helgar-MATURINN



Helga og dóttir hennar Amelía Líf.

**„Þetta er uppáhaldssúkkulaðiostakakan mín og fær hæstu einkunn hjá ostakökusjúklingum í kringum mig," segir Helga Sörensen, matreiðslumaður með meiru, sem gefur okkur dásamlega súkkulaðiostakökuuppskrift fyrir helgina.**

### Sjúklega góð súkkulaðiostakaka



100 g sykur
3 eggjarauður
150 g rjómaostur
Safi úr 1 sítrónu
100 g súkkulaði
(suðusúkkulaði til dæmis)
2 matarlímsblöð
200 ml þeyttur rjómi

**Botn**
1 pk. grahamskex
100 g brætt smjör

**Aðferð**
Kexið mulið, bræddu smjöri blandað við og þjappað ofan í kökumót og kælt. Eggjarauðum og sykri er pískað vel saman þar til sykur leysist upp. Matarlímsblöðin lögð í ískalt vatn. Rjómaosturinn og sítrónusafinn sett í pott og brætt saman rólega. Matarlímsblaðið leyst upp í nokkrum rjómadropum sem eru hitaðir smá upp og blandað svo saman við brædda rjómaostinn. Bræddu súkkulaðinu svo blandað út í. Rjóminn er síðan léttþeyttur og blandað varlega saman við með sleikju, svo er þessu hellt yfir botninn og sett í kæli þar til orðið stíft. Ég læt hana oftast vera yfir nótt í kæli.







FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Hlæðu af þér hausinn um jólin





Eftir höfunda Fimbulfambs

SKRÍPÓ INNIHELDUR 150 FRÁBÆRAR TEIKNINGAR EFTIR
HUGLEIK DAGSSON,
HALLDÓR BALDURSSON,
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR
OG SIGMÚND

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

„Skrípó er frábært spil ..."
SPILAVINIR

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenghlægilegir ...**

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

2012





# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ

## *Jólaopnun miðborgar er hafin!*

**Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla og til 23:00 á Þorláksmessu.**

**Sunnudaginn 16. desember er opið kl. 13:00–18:00.**

**Finndu jólavættirnar! Taktu þátt í skemmtilegum ratleik.**

## *Jólabærinn Ingólfstorgi*

**Jólabærinn á Ingólfstorgi verður formlega opnaður í dag, föstudaginn 14. desember, kl. 15:30.**

**Jón Gnarr, borgarstjóri, opnar Jólabæinn og nýtur atfylgis jólavætta, jólasveina, lúðrasveitar, kórs og hljómsveitar.**

## *Næg bílastæði*

**Víðsvegar um miðborgina og í bílahúsum við Hörpu, Tollhús, Arnarhól og í Grjótaþorpi.**

## *Viðburðir um helgina*

**Föstudagur kl. 17:00.**
Ingólfstorg – Kvartettinn Kvika.
Skólatorg – Jólatríó.
Laugatorg – Graduale Future.

**Laugardagur kl. 17:00.**
Ingólfstorg – Skátakórinn.
Skólatorg – Kvennakór Hafnarfjarðar.
Laugatorg – Skólahljómsveit Austurbæjar.

**Sunnudagur kl. 16:00.**
Ingólfstorg – Kvennakór Hafnarfjarðar.
Skólatorg – Graduale Future.
Laugatorg – Sönghópurinn Spectrum.

**Daskrá í Ráðhúsinu.**
Föstudag kl. 16:00 – Skólahljómsveit Kópavogs.
Laugardag kl. 16:00 – Léttsveitin.
Sunnudag kl. 16:00 – Jólasveinar sprella.



*Jólagjöfin sem öllum hugnast!*

**Munið Gjafakort Miðborgarinnar okkar.**
Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgar.

MIÐBORGIN OKKAR

TAX FREE

**Verum, verslum og njótum**
— þar sem jólahjartað slær.
www.midborgin.is



Brandenburg

## Atvinna

### VILTU BREYTA TIL?

**ÖSSUR LEITAR AÐ STARFSMANNI Í 50% STARFSHLUTFALL Á SAUMASTOFU FYRIRTÆKISINS**

**HELSTU VERKEFNI**
- Ýmiskonar saumaskapur
- Aðstoð við sniðningu

**HÆFNISKRÖFUR**
- Reynsla af saumaskap á saumastofu
- Reynsla af iðnaðarsaumavélum er skilyrði

**ANNAÐ**
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Annað hvort góð íslensku- eða enskukunnátta
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Allar nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515-1300. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið work@ossur.is fyrir 18. desember 2012. Vinsamlegast setjið í efnislínu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um.

ÖSSUR.
*Life Without Limitations*®

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing á sértækum starfsleyfisskilyrðum

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, mun tillaga að starfsleyfisskilyrðum fyrir neðangreint fyrirtæki liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð og á vefsíðu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 14. desember 2012 til 11. janúar 2013.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum | Almenn skilyrði | Sértæk skilyrði | Reglugerð 785/1999 | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|
| Sorpa bs/12 ár | X | X | X | Gufunesvegur 10 |

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:**
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Umhverfis- og skipulagssviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 11. janúar 2013.



CARTOON NETWORK ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**
Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is




Vindhanarnir loksins komnir aftur. Vönduð Íslensk smíði fyrir íslenskar aðstæður. Auðvelt í uppsetningu.







Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206. orb.123.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

NIKITA OUTLET
SKIPHOLTI 25
NÝJAR VÖRUR

**ÍSLENSK HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI**
Verð frá 990 til 5990 kr. Peysur, húfur, jakkar, buxur og allt þar á milli. Opið virka daga 14:00 - 19:00 og laugardaga 12:00 - 16:00. Lokum 23. Des.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659-9277.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Til leigu í Mosfellsbæ, tvær tveggja hesta stíur. Uppl. í s. 586 8360

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.
**orlofshus.is Leó 897 5300**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 - 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535. Bókakjallarinn í Brynjuportinu Laugavegi 29.

Potrzeba ludzi do pracy, duzo pracy za dobre pieniadze. Telefon: 8613362

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## Tilkynningar

Kópavogsbær

**Umhverfissvið**
**Skipulags- og byggingardeild**

### Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

**Vatnsendi – Þing.**
**Vatnsendablettur 4, Fagrabrekka (Elliðahvammsvegur 2 og 2a). Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2012 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 4, Fögrubrekku (Elliðahvammsvegur 2 og 2a). Tillagan var kynnt frá 17. júlí með athugasemdafrest til 4. september 2012. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 5. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 14. desember 2012.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

D3200

Nikon
At the heart of the image

Verð frá 129.995.-




Nikon School
D-SLR Intro – 2.5 klst
kynningar-námskeið
ásamt Check & Clean í
3 ár fylgir með D3200
að verðmæti 25.000.-

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**




Verð 22.995.-



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**GUÐRÚNAR ÞORGRÍMSDÓTTUR**
**Höfðabrekku 16, Húsavík.**

**Halldór Ingólfsson**
**Þuríður Halldórsdóttir** **Ólafur E. Benediktsson**
**Ingunn Halldórsdóttir** **Einar Halldór Einarsson**
**Halldór Elís Ólafsson**
**Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RANNVEIG HÁLFDÁNARDÓTTIR**
**Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi, áður Háholti 3,**

lést sunnudaginn 9. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 21. desember kl. 14.00.

**Ólafur H. Þórarinsson** **Sigríður B. Ásgeirsdóttir**
**Þórgunna Þórarinsdóttir**
**Kristín S. Þórarinsdóttir** **Unnþór B. Halldórsson**
**Þórunn R. Þórarinsdóttir** **Kristján Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Maðurinn minn og faðir okkar,

**ADÓLF ADÓLFSSON**

lést þann 10. desember síðastliðinn.

**Mónika Magnúsdóttir**
**Ragnheiður María Adólfsdóttir**
**Magnús Már Adólfsson**
**Steinunn Adólfsdóttir**
**Soffía Adólfsdóttir**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

**GERÐU R. JÓNSDÓTTUR**
**Hvassaleiti 147, 103 Reykjavík.**

**Sveinn B. Hálfdánarson**
**Hjalti Jón Sveinsson** **Soffía Lárusdóttir**
**Óttar Sveinsson** **Alda Gunnlaugsdóttir**
**Hanna Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SESSELJU ÓSKARSDÓTTUR**
**Höfða, Akranesi, áður til heimilis að Suðurgötu 50.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir einstaka umönnun.

**Ruth Alfreðsdóttir** **Kristinn Sigurðsson**
**Bryndís Alfreðsdóttir** **Ingimundur Ingimundarson**
**Karl Óskar Alfreðsson** **Halldóra Elsa Þórisdóttir**
**Helga Klara Alfreðsdóttir** **Einar Davíðsson**
**Guðrún Birgitta Alfreðsdóttir** **Karl Sigurjónsson**
**og ömmubörn**


WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**ÁRMANN JAKOBSSON** Segir Ferðina til stjarnanna eftir Kristmann Guðmundsson merkilega bók sem varpi ljósi á fjölbreytnina í íslenskum bókmenntum fyrr á tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frumkvöðull á sviði vísindaskáldsagna

**Ferðin til stjarnanna eftir Kristmann Guðmundsson hefur verið endurútgefin hjá forlaginu Lesstofunni. Bókin kom upphaflega út árið 1959 og er talin með fyrstu íslensku vísindaskáldsögunum. Ármann Jakobsson skrifar formála.**

Ferðin til stjarnanna eftir Kristmann Guðmundsson segir frá Inga, miðaldra framhaldsskólakennara, sem er numinn á brott af framandi verum á kvöldgöngu sinni á Esjunni. Í föruneyti þeirra ferðast hann um víðáttur geimsins og fylgist með lífi á öðrum hnöttum á leið sinni til plánetunnar Laí. Á ferðalaginu kynnist hann ástinni og horfist í augu við vankanta mannkynsins.

Bókin kom upphaflega út árið 1959 og er með fyrstu íslensku vísindaskáldsögunum eða furðusögum sem skrifaðar voru hér á landi.

„Þetta er sú bók sem auglýst var sem fyrsta vísindaskáldsagan þegar hún kom út,“ segir Ármann Jakobsson, doktor í íslenskum bókmenntum, sem ritar formála að bókinni. „Kannski var hún allra fyrsta vísindaskáldsagan en það er túlkunaratriði hvort nefna megi nokkrar bækur á undan. En Kristmann var mjög áhugasamur um vísindaskáldsögur, átti margar erlendar vísindaskáldsögur og sá áhugi var þekktur á sínum tíma.“ Kristmann var þekktur höfundur árið 1959 og skrifaði Ferðina til stjarnanna undir dulnefninu Ingi Vítalín. Ármann bendir á að algengt hafi verið að þekktir höfundar notuðu dulnefni þegar þeir skrifuðu bækur í annarri bókmenntagrein en þeir voru vanir, til dæmis glæpasögur.

„Fljótlega eftir að bókin kom út var því ljóstrað upp hver höfundurinn var,“ segir Ármann. „Ég þekki ekki söguna á bak við hvers vegna það var gert. Kannski var auðveldara að selja bókina ef vitað var að hún væri eftir þekktan rithöfund. Það duldist þó í raun engum hver væri á bak við dulnefnið, enda er aðalpersónan höfundurinn sjálfur.“

Viðtökur bókarinnar voru nógu góðar til að Kristmann skrifaði framhaldssögu ári síðar, og þá undir eigin nafni, en það fylgdi þó engin vísindaskáldsögubylgja í kjölfarið. „Það gerist ekki fyrr en á allra síðustu árum.“

Engu að síður var Kristmann frumkvöðull á sviði vísindaskáldsagnagerðar, að mati Ármanns en þar sem Ferðin til stjarnanna hefur dálítið gleymst þá höfum við kannski aðra mynd af íslenskri bókmenntasögu en vert væri. „Hún varpar ljósi á fjölbreytnina í bókmenntum fyrr á tímum.“

En er Ferðin til stjarnanna góð bók?

„Það fer auðvitað eftir smekk manna. Vísindaskáldsögur eru fjölbreyttur flokkur; margar þeirra hafa útópíska vídd, eða staðleysuvídd. Ferðin til stjarnanna er ein af þeim og það má líta á hana sem samfélagslega ádeilu um mannfélagið. Það er vel hugsanlegt að lesendur sem kunna að meta vísindaskáldskap hafi mjög gaman af Ferðinni til stjarnanna. Mér finnst hún að minnsta kosti merkileg bók og vona að hún breiðist vel út.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Lesstofan lætur að sér kveða



Bókaútgáfan Lesstofan var stofnuð í fyrra að undirlagi fimm fyrrverandi skólafélaga við Háskóla Íslands. Forlagið leggur áherslu á endurútgáfu mikilvægra verka í íslenskri bókmenntasögu, sem fyrir einhverjar sakir hafa týnst eða gleymst. Ferðin til stjarnanna er þriðja bókin sem Lesstofan gefur út. Áður hafa komið út Angantýr eftir Elínu Thorarensen og Vögguvísa eftir Elías Mar, sem var í öndvegi á Lestrarhátíð Bókmenntaborgar UNESCO í október síðastliðnum.

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**ÞÓRU JÓHÖNNU HÓLM**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans við Hringbraut fyrir frábæra umönnun.

**Magnús G. Pálsson**
**Karl Óskar Magnússon** **Guðný Bjarnarsdóttir**
**Þóra Margrét Karlsdóttir** **Magnús Gunnar Karlsson**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA ÞORVALDSDÓTTIR**
**Boðaþingi 5, áður Háaleitisbraut 31,**

andaðist mánudaginn 3. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Dóra Steinsdóttir** **Páll Guðbergsson**
**Ásta Steinsdóttir** **Jörgen Pétur Guðjónsson**
**Guðmundur Steinsson**
**Þorvaldur Steinsson** **Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir**

BÓKSÖLULISTINN

# METSÖLUBÆKUR FORLAGSINS

FORLAGIÐ
*www.forlagid.is*




**1.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI

**3.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**4.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**5.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI



**7.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**8.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**9.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**10.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
2.–8. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** klafi, **8.** magi, **9.** flík, **11.** eldsneyti, **12.** krapi, **14.** enda, **16.** núna, **17.** sérstaklega, **18.** annríki, **20.** tveir eins, **21.** sníkjur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** eftir hádegi, **4.** fax, **5.** arinn, **7.** hænsnfugl, **10.** samræða, **13.** hólf, **15.** illgresi, **16.** á nefi, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ok, 8. hít, 9. fat, 11. mó, 12. slabb, 14. klára, 16. nú, 17. sér, 18. önn, 20. ff, 21. snap.

**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. eh, 4. símbréf, 5. stó, 7. kalkúnn, 10. tal, 13. bás, 15. arfi, 16. nös, 19. na.

# Fiskur í mötuneytinu á mánudögum

**BAKÞANKAR**
Magnús Þorláks Lúðvíksson



Í hagfræðinni í háskólanum var mér kennt að almennt væri talið skynsamlegt að beita sveiflujöfnun við hagstjórn. Samkvæmt fræðunum á hið opinbera að stíga á bensíngjöfina þegar hægist um í efnahagslífinu en fjarlægja bolluna þegar partíið er almennilega komið í gang. Hugmyndin er sú að stöðugleiki sé æskilegri en sveiflur. Mér finnst þetta góð pæling og hef stundum velt fyrir mér hvort hún sé yfirfæranleg á fleiri svið mannlífsins. Tökum dæmi. Ef ég byggi til lista yfir hundrað eftirminnilegustu daga ævi minnar væru þar færri mánudagar en föstudagar. Fyrir vikið fær maður það ósjálfrátt á tilfinninguna að veröldin sé einhvern veginn fegurri um helgar en örlítið þunglamalegri í upphafi vikunnar.

**FLESTIR** sem ég þekki gera betur við sig um helgar en á virkum dögum. Fólk borðar óhollari mat (nammidagar), er líklegra til að lyfta sér upp (sem hefur reyndar sennilega mest með fríið að gera) og er líklegra til að hitta vini og vandamenn eða leyfa sér algjöra slökun. Á mánudögum er lífsstíllinn aftur á móti meinlætalegri. Það er óalgengt að fólk lyfti sér upp snemma vikunnar (sæll mánudagsklúbbur Priksins) og þá er alltaf fiskur í mötuneytinu á mánudögum!

**ÞESSI** hegðun ýkir hefðbundnar sveiflur daganna. Mánudagar verða enn þunglamalegri og helgarnar enn skemmtilegri. Ég hef efasemdir um að þetta sé skynsamlegasta leiðin til að dreifa „góðu hlutunum“. Af hverju? Jú, vegna þess að máttur „góðu hlutanna“ er meiri á óhressu dögunum og máttur þeirra „slæmu“ minni á hressu dögunum. Á frábærum degi muntu ekki gera stórmál úr því þegar dekkið á bílnum springur og hvenær er notaleg kvöldstund með ástvinum betri en að loknum erfiðum vinnudegi? Því má velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að beita sveiflujöfnun í daglegu lífi; njóta góðu hlutanna í upphafi vinnuvikunnar en lifa meinlætalegra lífi um helgar.

**NÚ** kann einhver að segja að andi mannlífsins sé léttari um helgar einmitt vegna þess að þá gerir fólk betur við sig. Það kann að vera rétt þótt fríið spili líka inn í. Ég hef hins vegar þá kenningu að jafnvel þótt daglegri sveiflujöfnun sé beitt sé tilfinningin fyrir ólíkum hressleika daga svo rótgróin að hún haldist óbreytt. Stóra áhyggjuefnið er fremur að maður detti úr takti við annað fólk. Á laugardegi: „Hey Maggi, kemurðu ekki í partíið í kvöld?“ – „Nei, því miður, ég kláraði djammkvótann á þriðjudag …“ Þetta er reyndar svo stórt áhyggjuefni að það eiginlega eyðileggur hugleiðinguna. En þetta er tilraunar virði, jafnvel þótt eina uppskeran verði að vera laus við ýsuna í hádeginu á mánudögum.


MOSFELLSBÆR

**Skjalastjóri Mosfellsbæjar**

**Laust er til umsóknar starf skjalastjóra á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar**

Skjalastjóri gegnir lykilhlutverki í stefnumótun og eftirfylgni með skjalastjórnun Mosfellsbæjar og ber ábyrgð á því að farið sé að gildandi lögum og reglum um skjalavistun opinberra aðila og sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2012.**

Sjá nánar auglýsingu á vef Mosfellsbæjar:
http://mos.is/Lesafrett/skjalastjorimosfellsbaejar.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Skipulagsstofnun

**Framleiðsla Kísils í Helguvík**

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Stakksbraut 9 ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu kísils í Helguvík, framleiðslugeta allt að 100.000 tonn á ári.
Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 14. desember til **30. janúar 2013** á eftirtöldum stöðum:
Á bókasafni Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Stakksbrautar 9: **www.s9.is.**
Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **30. janúar 2013** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun



vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**




**2670 kr.**
Grimmsystur




**3490 kr.**
Legobókin - Star Wars




**2720 kr.**
Dóttir húshjálparinnar




**3940 kr.**
Reykjavíkurnætur

# JÓLABÆKUR
## á frábæru verði!






**3490 kr.**
Ljúfmeti úr lækningajurtum




**4890 kr.**
Nonni




**2610 kr.**
Krakkinn sem hvarf




**3690 kr.**
Eragon, arfleiðin




**2640 kr.**
Þú afhjúpar mig




**3940 kr.**
Kuldi




**2524 kr.**
Angry Birds




**2660 kr.**
Heilsusúpur og salöt




**3395 kr.**
Eftirréttir Sollu




**2984 kr.**
Skórnir sem breyttu heiminum




**2494 kr.**
Kafteinn ofurbrók

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

**Allir titlar fást í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi, minna úrval í öðrum verslunum. Tilboðin gilda 14.des.- 17. des.**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi |

# ÚRVAL & GÆÐI

YFIR 20 TEGUNDIR AF VILLIBRÁÐ • ÚRVAL AF HAMBORGARHRYGGJUM & HANGIKJÖTI • FRÁBÆRT ÚRVAL AF FORRÉTTUM & EFTIRRÉTTUM • GOURMET SÓSUR & MEÐLÆTI



**Valette**
Reykt andarbringa
- Tilvalin í salatið eða ein og sér

**Spennandi forréttir**
- Fyrir 4-5




GRAFIÐ LAMB
TAÐREYKT LAMBAINNRALÆRI
SVEITAPATÉ
GRAFINN NAUTAVÖÐVI



VALETTE
ANDALIFUR M/FÍKJUM 90GR
ANDALIFRAKÆFA M/PAPRIKU 90GR
ANDALIFRAKÆFA 90GR
ANDAFITA 300GR



FROSNIR SNIGLAR
- Í HVÍTLAUKSSMJÖRI



**Hráskinka í úrvali**



IBERCO HRÁSKINKA
- ÚR SVÖRTU SVÍNI

ÍTALÍA ÁLEGG
- BEINT FRÁ ÍTALÍU

SURTIDO TRADICIONAL
- MAGNPAKKNING, GJAFAASKJA

FUMAGALLI
- PARMASKINKA

**Reyktur & grafinn lax**
í úrvali



**Toppaðu laxinn með**
laxa- og silungshrognum




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

# VELDU JÓLASTEIKINA AF KOSTGÆFNI




## Hagkaups Hamborgarhryggur

· SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR NÝJU HRÁEFNI
· ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
· SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.



## Krónhjartarfile

Fyrir þá sem vilja villibráð á jólaborðið. Tilvalið sem forréttur sem og aðalréttur. Meyrt og safaríkt kjöt með villibráðarbragði sem slær í gegn.



## Skosk rjúpa

Rjúpan er ómissandi jólamatur fyrir marga Íslendinga. Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpnasósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.



## Hreindýralundir og file

Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Það má segja að kjötið sé sjálfmarinerað því hreindýrið lifir á sterkum jurtum. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.



## Léttreyktur hátíðarkjúklingur

Sérvalinn léttreyktur hágæða kjúklingur sem er einstaklega bragðgóður og tilvalinn fyrir þá sem vilja léttari hátíðarmat.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**KOMIN TIL BETLEHEM** Falleg jólasaga verður sögð með leikbrúðum.

# Pönnukaka á flótta og jólaball

Boðið verður upp á Brúðuleikhús og ball eru atriði á aðventuhátíð UNIMA.

Aðventuhátíð leikbrúðusambandsins í Þjóðmenningarhúsinu hefst á sunnudag klukkan 14.30 með því að Bernd Ogrodnik brúðuleikari sýnir Pönnukökuna hennar Grýlu, jólasögu sem er unnin upp úr evrópskri þjóðsögu sem flestir kannast við. Hann nýtur aðstoðar leikbrúða sem unnar eru úr tré, lifandi tónlistar og virkrar þátttöku áhorfenda.

Sagan segir frá hugvitsamri pönnuköku sem nær að flýja steikarpönnu Grýlu og ferðast alla leið í arma Jesú litla og foreldra hans sem dvelja svöng í fjárhúsi í Betlehem. En á vegi hennar verða margir sem vilja sinn skerf af kökunni.

Börn og fullorðnir syngja síðan og dansa í kringum jólatré við harmóníkuundirleik Reynis Jónassonar og jólasveinn mætir til að skemmta sér með börnunum.

Börnin á aðventuhátíðinni munu læra að syngja saman palestínskan barnasöng og fá óvæntan jólaglaðning með sér heim.

Ekki verður innheimtur aðgangseyrir að skemmtuninni en frjáls framlög hátíðargesta renna óskipt til barnastarfs geðhjálparsamtakanna í Gasa. - gun

# Hanskinn hennar Dísu

BÆKUR ★★★☆☆

**Bjarna-Dísa**
Kristín Steinsdóttir
VAKA HELGAFELL 2012




Margir kannast við söguna af Bjarna-Dísu úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Dísa var til í raun og veru, hét Þórdís Þorgeirsdóttir og var í vist á Eskifirði þegar hún hélt í sína feigðarför árið 1797. Kristín Steinsdóttir segist styðjast að hluta við æviferil hennar, en annað í þessari bók sé skáldskapur.

Dísa fylgdi Bjarna bróður sínum frá Eskifirði til Seyðisfjarðar um hávetur. Skall á vonskuveður og Bjarni gróf systur sína í fönn áður en hann fór að leita hjálpar. Þorvaldur hét draughrætt hörkutól sem fór með Bjarna að sækja Dísu þegar veðrinu slotaði en neðanmáls við þjóðsöguna segir stutt og laggott: „Mun Dísa hafa verið drukkin og lifað, en Þorvaldur gert út af við hana í hjátrúaræði.“ Vitaskuld segir sagan að Dísa hafi gengið aftur og ásótt fólk, einkum Bjarna, bróður sinn.

Saga Kristínar greinir frá för systkinanna í smáatriðum, en meðan á henni stendur rifjar Dísa upp ýmislegt úr ævi sinni og foreldra sinna. Þar er mest áhersla lögð á fátækt og basl fólksins, en ógeðsleg saga íslenskra niðursetninga er í bakgrunni Bjarna-Dísu. Líka er því vel lýst hvernig hjátrúin gegnsýrði allt á þeim tíma sem fjallað er um. Allar persónur sögunnar (Dísa hreint ekki undanskilin) virðast bókstaflega sjá drauga í hverju horni.

Dísa Kristínar er töluvert frábrugðin Dísu þjóðsögunnar, en í síðarnefndu sögunni er henni lýst á fremur neikvæðan hátt. Hún er sögð „svarri í geði“ en í útgáfu Kristínar er hún „hörkudugleg“. Þjóðsagan segir líka að hún hafi haldið sér mikið til í klæðaburði og apað ýmislegt upp eftir dönsku kvenfólki – og það liggur í orðunum að þannig mátti fátækt íslenskt kvenfólk ekki hegða sér. Dísa þessarar bókar er lífsglöð og ákveðin og neitar að sumu leyti að sætta sig við stöðu sína. Löngunin til að klæðast fallegum fötum er birtingarmynd þess að vilja öðlast mannlega reisn sem fátæklingum var ekki ætluð.

Höfundur setur sig inn í hugarheim Dísu og Bjarna og ljáir þeim röddina sem þau hafa ekki í þjóðsögunni. Einnig er sagt frá aðstæðum foreldra þeirra; erfiðleikum sem flestir hafa lesið um í margri misþykkri bók. Ótrúlegri fátækt, basli og stöðugu hungri. Því að missa heimili sitt, missa börnin sín og þurfa að senda önnur í fóstur. Þetta vinnur Kristín á sannfærandi máta og af mikilli samúð með persónum sínum. Henni er þó kannski fullmikið í mun að taka upp hanskann fyrir Dísu og það örlar stundum á væmni þegar þrásinnis er hamrað á því sem án mikillar fyrirhafnar er hægt að lesa út úr þjóðsögunni sjálfri: Dísa var venjuleg stúlka sem átti sínar langanir og þrár en lenti í vondum aðstæðum og hlaut hryllileg örlög. Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Bjarna-Dísa er fallega skrifuð og af samúð með fólki í erfiðum aðstæðum. Á köflum rennur þó samúðin út í væmni.






**Á ÆFINGU HEIMA HJÁ SVEINI** Ragnheiður Elfa Arnardóttir, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Borgar Garðarsson, Sveinn Einarsson, Felix Bergsson, Ólafur Örn Thoroddsen tæknimaður, Guðni Franzson og Jakob Þór Einarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eitt rómaðasta helgikvæði Íslendinga

Leikflokkurinn Bandamenn flytur Lilju eftir Eystein Ásgrímsson í Dómkirkjunni næsta sunnudag klukkan 17. Ljóðið fjallar um efni Biblíunnar og þótt það sé frá 14. öld segir Sveinn Einarsson leikstjóri það auðskiljanlegt og aðgengilegt í dag.

„Lilja er, við hlið Passíusálma Hallgríms Péturssonar og Sólarljóða, rómaðasta helgikvæði Íslendinga og í raun allra Norðurlanda, enda er frægt orðtakið „allir vildu Lilju kveðið hafa“,“ segir Sveinn Einarsson, leikstjóri og höfuðpaur Bandamanna, sem leiklesa Lilju í Dómkirkjunni síðdegis á sunnudaginn.

Lilja er ort um miðbik 14. aldar, annaðhvort í Þykkvabæjarklaustri eða í klaustrinu í Helgisetri, í ánni Nið í Þrándheimi, að sögn Sveins. „Fræðimenn eru nokkuð sammála um að ljóðið sé verk Eysteins munks Ásgrímssonar, sem einmitt dvaldi langdvölum á báðum þessum stöðum,“ segir hann. „Kvæðið er 100 erindi, samið með hrynhendum hætti sem drápa með inngangi, stefjabálki og lokakafla. Í ljóðinu segir frá tilkomu Adams og Evu, fæðingu og píslarsögu Krists og loks er mikil og fræg lofgerð um Maríu mey. Öllu fegurri skáldskapur mun varla til á Norðurlöndum frá þessum tíma og hann er á máli sem Íslendingum í dag er mjög auðskiljanlegt og aðgengilegt.“



**BANDAMENN 1997** Hópurinn á leiklistarhátíð í Helsinki 1997.

Leikflokkurinn Bandamenn hefur verið hluti af menningarsögu Íslands í tuttugu ár en er að leggja niður starf sitt, að Lilju lesinni. Sveinn rekur sögu flokksins til vorsins 1992, er Norrænu leiklistardagarnir voru haldnir í Reykjavík á sama tíma og Listahátíð stóð yfir. „Forstjóri Norræna hússins, Lars-Åke Engblom, vildi að húsið tæki þátt í þessum leiklistardögum og fékk mig til liðs við sig. Ég hóaði svo saman þessum hópi og fyrsta sýningin var leikgerð af Bandamannasögu,“ rifjar hann upp. „Næst kom Amlóða saga, þar sem leitað var í heimildir sem voru allt að 400 árum eldri en Hamlet Shakespeares, frumflutningurinn fór fram á Helsingjaeyri og síðan var sýnt í Kaupmannahöfn. Þriðja sýningin var svo edda.ris sem frumsýnd var í Þjóðleikhúsinu, efnið var sótt í Eddukvæðið Skírnismál,“ segir Sveinn, sem sá um skriftirnar.

Hann segir Bandamönnum hafa verið boðið að sýna erlendis strax eftir frumsýninguna og næstu níu árin hafi þeir flakkað víða um heim og sýnt á yfir tuttugu listahátíðum og menningarsamkomum í þremur heimsálfum. „Meðal annars var okkur boðið að vera í Leikhúsi þjóðanna, sem telst einn mesti heiður í leiklistarheiminum.“

Upp úr þúsaldamótunum dofnaði yfir starfi Bandamanna og segir Sveinn ekki lengur forsendur fyrir því. Þess vegna kveðji hópurinn nú með formlegum hætti. „Það eru örlög margra lítilla leikflokka að fjara út vegna fjárleysis. Stefán Sturla er erlendis og sá eini úr hópnum sem ekki hefur tök á að taka þátt í þessari formlegu kveðjuathöfn sem verður eftir lesturinn á Lilju.“ Sveinn tekur fram að aðgangur að dagskránni í Dómkirkjunni sé ókeypis og öllum heimill.

gun@frettabladid.is

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Hlæðu af þér hausinn um jólin




**Eftir höfunda Fimbulfambs**

**SKRÍPÓ INNIHELDUR 150 FRÁBÆRAR TEIKNINGAR EFTIR**

HUGLEIK DAGSSON,
HALLDÓR BALDURSSON,
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR
OG SIGMÚND

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## „Skrípó er frábært spil …“

SPILAVINIR

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenghlægilegir …**

# Í fangelsi fyrir að skemma málverk eftir Mark Rothko

Maður hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir að skemma verk á Tate Modern. Maðurinn kallaði athæfið gjörningalist í anda Duchamp.



**NÝTT VERK?** Umaniec sagði að áletrunin væri listgjörningur og til þess fallin að auka verðmæti verksins.

Breskur dómstóll hefur dæmt Wlodzimierz Umaniec, 26 ára gamlan Pólverja búsettan í Englandi, í tveggja ára fangelsi fyrir að vinna spjöll á málverki eftir abstraktmálarann Mark Rothko í Tate Modern safninu í London í október síðastliðnum.

Myndin sem um ræðir nefnist Svartur á dumbrauðum og er ein af svonefndum Seagram-veggmyndum Rothkos, sem taldar eru með mikilvægustu eignum safnsins. Hinn 7. október síðastliðinn gekk Umaniec að verkinu þar sem það hékk til sýnis og málaði nafn sitt í eitt hornið og áletrunina „mögulegur hluti af gulhyggju“ (e. „a potential piece of yellowism“) með svörtu bleki. Gulhyggja er heiti á heldur óræðri hreyfingu sem hefur verið á kreiki undanfarin tvö ár eða svo og lýsir hugmyndum sínum sem „hvorki listrænni stefnu né andlistrænni“.

Umaniec gekkst við því að hafa málað á verkið en sagði að það hefði verið listgjörningur í anda Marcels Duchamp, og hefði í raun aukið verðgildi myndarinnar.

„Listin leyfir okkur að taka verk annarra og setja á þau nýjan boðskap,“ sagði Umaniec meðal annars í samtali við BBC á dögunum.

Á það féllst dómurinn ekki og dæmdi Umaniec sem fyrr segir í tveggja ára fangelsi.

Verðgildi myndarinnar fyrir skemmdarverkið var talið vera á bilinu fimm til níu milljónir punda sem er jafnvirði um eins til 1,8 milljarða króna. Hægt er að fjarlæga skemmdirnar en það mun taka hátt í tvö ár og kosta allt að 200 þúsund pund eða um 40 milljónir króna.


KÆRLEIKSKÚLAN



LOKKANDI

Hrafnhildur Arnardóttir

Sölutímabil 5.-19. desember

Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð
Hafnarborg - Hafnarfirði
Kokka - Laugavegi
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind
Módern - Hlíðarsmára
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Þjóðmenningarhúsið - Hverfisgötu
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun - www.kaerleikskulan.is

Með kaupum á Kærleikskúlunni styður þú starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA














**SAMI STAÐUR** Myndirnar eru teknar frá nákvæmlega sama sjónarhorni á mismunandi árstíðum.

# Ísland sumar og vetur

Sverrir Björnsson hönnuður gaf nýverið út sína fyrstu ljósmyndabók. í henni eru teknar myndir af mörgum stöðum á Íslandi að sumar- og vetrarlagi. Hugmyndin kviknaði að lokinni tveggja ára dvöl í útlöndum.



**LJÓSMYNDARINN** Sverrir Björnsson.

Hugmyndin að ljósmyndabókinni Two in One kviknaði hjá Sverri Björnssyni hönnuði í ársbyrjun 2011. Sverrir, sem hefur unnið sem grafískur hönnuður og hugmyndasmiður í auglýsingageiranum, var þá nýfluttur heim eftir búsetu í Argentínu og Noregi. „Við fluttum til Argentínu eftir hrun, vildum ná áttum eftir góðærið og allan hasarinn sem hafði átt sér stað á Íslandi árin fram að hruni,“ segir Sverrir og á við sig og konu sína, Áslaugu Harðardóttur. Yngri dóttir þeirra, sem var þá í menntaskóla, var með þeim í hálft ár. „Í Argentínu fór ég í ljósmyndaskóla og lærði heimildaljósmyndun. Námið fór fram á spænsku sem ég kunni ekki stakt orð í, en hún lærðist smám saman.“ Að lokinni dvöl í Argentínu fóru Sverrir og Áslaug á flakk um Asíu og fluttu svo til Noregs. „Bæði í Argentínu og Noregi fékk ég hugmyndir að ljósmyndaverkefnum sem ég náði samt ekki að ljúka. Mig langaði ógurlega til að finna mér verkefni og ljúka því hér heima og þegar ég datt niður á þessa hugmynd ákvað ég að kýla á að framkvæma hana. Sumarmyndirnar tók ég strax sumarið 2011 og síðasta vetur var ég svo á sífelldu flakki við að ná vetrarmyndum á sömu stöðum,“ segir Sverrir sem lagði staðina á minnið með því að fá mynd af sér og myndavélinni á staðnum, og var það Áslaug sem sá um þann hluta verksins.

„Síðan ákvað ég að skrifa stuttan texta við myndirnar, sem ljær bókinni persónulegri blæ.“ Sverrir er sestur að á Íslandi á ný og farinn að vinna á sínum gamla vinnustað, Hvíta húsinu, en bara hálfan daginn. „Ég tími ekki að gefa það eftir að rækta listamanninn í sjálfum mér, þannig að núna er ég bisnessmaður hálfan daginn og listamaður hálfan.“

- sbt


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG FÖSTUDAG 10:00-19:30
LAUGARDAG: 10:00-19:00
Konfekt
998 KR.
BÓNUS KONFEKT 700 GR
NÓA Konfekt
NÓI SÍRÍUS
1598 KR. 650 GR
NÓA KONFEKT ALLIR BESTU MOLARNIR
2998 KR. 940gr
NÓA KONFEKT 940gr GJAFAKASSI
Lax
NORÐANFISKUR
REYKTUR LAX
2339 KR.KG
MALT
Egils APPELSÍN
PEPSI
MAX
VÍKING HÁTÍÐARBLANDA - VÍKING MALT
EGILS APPELSÍN - PEPSÍ - PEPSÍ MAX
98 KR. 500 ML
pepsi
PEPSI 2 LTR. FLÖSKUR
4 STK./ HEIL KIPPA
695 KR.
Lax
NORÐANFISKUR
GRAFINN LAX
2339 KR.KG
Graflax sósa
298 KR.FL
BÓNUS GRAFLAXSÓSA 350ML
298 KR.
BÓNUS RIFSBERJAHLAUP 420gr
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI
298 KR.
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI 200 GR.
Coca-Cola
VÍKING HÁTÍÐARBLANDA
MALT & APPELSÍN 500 ML
Coke-kippa 6x1.5 ltr. og fjórar dósir
Víking-Hátíðarblanda í kaupbæti
BÓNUSKORT
Gjafakort Bónus
er tilvalin jólagjöf
Nú er hægt að fá Bónus gjafakortið í öllum
verslunum Bónus. Hafðu samband við
skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar
Greiðslumöguleikar
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með
símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun
sem þér hentar eða á skrifstofu Bónus.
Skrifstofa Bónus:
Opin alla virka daga frá kl. 9-16
Skútuvogur 13 sími 527-9000
AFGREIÐSLUTÍMI
í Bónus í desember
15.des laugardagur 10-19
16.des sunnudagur 12-18
20.des fimmtudagur 10-19
21.des föstudagur 10-21
22.des laugardagur 10-22
23.des sunnudagur 10-22
24.des mánudagur 10-14
LOKAÐ 25 /26 des
29.des laugardagur 10-19
30.des sunnudagur 10-20
31.des mánudagur 10-15
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Engin dramatík

MYNDLIST ★★★★☆

**Mæting**
Kristinn G. Harðarson
**GERÐARSAFN**

Sýning Kristins G. Harðarsonar í Gerðarsafni er, eins og segir í sýningarskrá, „yfirlitssýning á þeim þáttum sem mest mark hafa sett á listsköpun Kristins síðastliðin tuttugu ár“. Er þar átt við ferðasögur annars vegar, á efri hæð, og hins vegar frásagnarleg verk unnin í teiknimyndasagnaformi, á neðri hæð.

Verk Kristins fjalla um veruleikann í sínu allra hversdagslegasta formi. Það er engin dramatík á ferðinni, lítil sem engin ljóðræna, engin upphafning eða æsingur – bara ofboðslega venjulegar lýsingar listamanns á sínu nánasta umhverfi í formi texta og mynda, oftast í bland. Í einstaka verkum er mynd án texta eða texti án myndar.

Manni verður ósjálfrátt hugsað til Twitter eða Fésbókarfærslna samtímans þegar maður les suma textana, sem margir voru skrifaðir löngu fyrir daga þeirra miðla. „Ég gekk frá hótelinu niður að sýningarbyggingunni og tók myndir á leiðinni. Það var farið að vora, stjúpur blómstra og trén bruma, fallegasta veður og frekar hlýtt. Þetta var góður spotti,“ segir í þessum textabút úr verkinu Niður með Elbu, þar sem listamaðurinn fær sér göngutúr niður með ánni Elbu í Hamborg í Þýskalandi.

List Kristins má flokka sem eins konar skrásetningarlist eða göngutúralist. Menn eins og Richard Long, Stanley Brouwn, On Kawara og Tehching Hsieh koma upp í hugann. Þetta eru allt listamenn sem takast á hendur eitthvað ferðalag, eða ferli, og vinna með það og hinar ýmsu staðsetningar.

Efri hæðin í Gerðarsafni er helguð þessum ferðaathugunum Kristins. Maður fær á tilfinninguna að umfjöllunarefnið sjálft sé ekki það sem skipti listamanninn máli, heldur að það eitt að vera til sé nægur efniviður í sjálfu sér, og um það sé hægt að fjalla í myndlist, síendurtekið, á öllum stundum dagsins. Í einu verki, Tiltekt, er Kristinn t.d. að sópa rusli inni í eldhúsi og rekur augun í einhvern aflóga dótakall, sem hann grípur úr ruslinu og virðir fyrir sér. Meira þarf ekki til.




Málunarstíll Kristins í verkunum á efri hæðinni er misrealískur, þ.e. stundum leggur hann meira upp úr maleríinu og stundum minna. Nálgunin er þó alltaf realísk, en blátt áfram. Þegar hann tekur hlutina photo-realískari tökum er það aðeins til að opinbera enn frekar „fánýti“ mótívsins, einhvern dimman bakgarð, eða vonlausan búðarglugga.

Verkin sem ég staldraði mest við á sýningunni voru verk nr. 15, Austur – austur á landi frá 2007 (eitt af fjórum verkum með þennan sama titil) þar sem Kristinn er í essinu sínu, og texti og myndir eiga í látlausu en fullkomnu samtali. Í vatnslitamyndum nr. 6 er það staðsetning myndarinnar á fletinum sem er áhugaverð, sem og umfjöllunarefnið sem listamaðurinn velur sér, en þarna eru á ferð myndir sem flestir hefðu hent út ljósmyndasafni sínu, en nokkuð sem Kristinn hrífst af í forgengileik sínum.

Myndbandsverk nr. 8 Austur – á Austurlandi 2007 er einnig heillandi – en þar koma svipleiftur í mynd, á milli þess sem skjárinn myrkvast. Stóra teiknimyndin niðri um drauminn er einnig í sérflokki.

Varðandi sýninguna sem heild hefði mátt nýta tækifærið betur og vinna meira með einstaka hluta hennar, til að ramma betur inn sérstöðu Kristins sem listamanns.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Kristinn er listamaður með heillandi nálgun, og það er kærkomið að fá þessa yfirsýn yfir ferilinn. Hægt hefði verið að lyfta sýningunni sem heild enn frekar upp með meiri afmörkun og úrvinnslu einstakra hluta hennar.











**BAR 11** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben kemur fram á Ellefunni í kvöld.
MYND/STEINÞÓR ARNSTEINSSON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 14. DESEMBER 2012**

### Sýningar

**16.00** Elín G. Jóhannsdóttir opnar sýninguna Pixlar í Listasal Mosfellsbæjar. Viðfangsefni sýningarinnar er borgarnáttúran, gleði og glens. Aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**11.00** Stúfur kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**20.30** Ljóða- og lagakvöld verður haldið á Kaffi Krús á Selfossi. Flytjendur og höfundar ljóða eru Benedikt Jóhannsson og Þorlákur Karlsson en Katrín Magnúsdóttir og Rúnar Steinn Benediktsson flytja tónlist.

### Tónlist

**12.30** Hádegistónleikar til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar verða haldnir í Háteigskirkju. Hugljúfir jólatónar verða sungnir og spilaðir. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**17.30** Tónleikaröðin Undiraldan verður í Hörpu. Fram koma Kiasmos og AMFJ. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Pétur Ben heldur tónleika á Bar 11 en hann gaf nýlega út sína aðra plötu, Gods Lonely Man. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Jólatónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og Svavars Knúts verða á Café Rosenberg.



**KEX HOSTEL** Jónas Sigurðsson skemmtir með vini sínum Ómari Guðjónssyni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**21.00** Frönsku þungarokkshljómsveitirnar L'esprit du Clan og Hangman's Chair halda tónleika á Gauk á Stöng. Auk þeirra koma fram Momentum, Dimma, Angist, Moldun, Ophidian I og DJ Kiddi Rokk. Miðaverð er kr. 1.500 og 18 ára aldurstakmark.

**21.30** Tónlistarmennirnir og vinirnir Jónas Sigurðsson og Ómar Guðjónsson halda tónleika á KEX Hosteli. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Heflarnir ásamt Helga og Hljóðfæraleikurunum halda tónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.00** Ingvar Grétarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Leiðsögn

**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.



**SVAVAR KNÚTUR**

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*


Jólaís
BORGARÍS
Eftirréttir fyrir alla
Kjörís
HIN EINA OG SANNA
KONFEKT TERTA
GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRÍS
JÓLAPINNAR
VANILLUÍS

„Höfundur kann einfaldlega að búa til grípandi frásögn sem heldur vel og hreinlega togar lesandann áfram.“
JÓN AGNAR ÓLASON / MORGUNBLAÐIÐ




AUKASPYRNA Á AKUREYRI
Viltu koma með á æsispennandi fótboltamót á Akureyri? Hér er líf og fjör innan og utan vallar og það eitt víst að enginn veit hvert boltinn rúllar ...




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu




E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

# Fögur tónlist

TÓNLIST ★★★★☆

**Klarinettukonsertar**
Einar Jóhannesson
**SMEKKLEYSA**



Einar Jóhannesson er ekki bara fimur klarinettuleikari. Hann er líka músíkant af Guðs náð. Það þarf ekkert endilega að fara saman.

Á nýjum geisladiski hans koma þessir eiginleikar berlega í ljós. Verkin eru fjögur og þau eru skemmtilega fjölbreytt. Þarna er A-dúr konsertinn eftir Mozart sem hljómar unaðslega leikandi og léttur. Konsert nr. 2 eftir C.M. von Weber er tignarlegur og glæsilegur og Premiere Rhapsodie eftir Debussy er draumkennd og dulúðug. Öll þessi verk eru grípandi og aðgengileg í túlkun Einars. Sömuleiðis spilar Sinfóníuhljómsveit Íslands (undir mismunandi stjórn eftir tónsmíðum) af nákvæmni og fagmennsku; af lífi og sál.

Á diskinum er og Haustvísa eftir Jón Nordal. Tónlistin er angurvær og alvörugefin eins og flest eftir Jón. Þetta er fallegt verk með undiröldu sem kemur við sál hlustandans.

Það verður enginn svikinn af þessari útgáfu.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vandaður geisladiskur; líflegur, tilfinningaþrunginn flutningur.



**LEIKKONA** Leikkonan Brynhildur Guðjónsdóttir setti saman sérstaka dagskrá fyrir jóladagatalið sem vísaði til dvalar hennar í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dagatalið opnað í Norræna húsinu

**Eins og síðustu ár býður Norræna húsið gestum sínum að njóta viðburða í hádeginu í aðdraganda jólanna. Á miðvikudaginn opnaði listamaðurinn Hugleikur Dagsson hið árlega dagatal og leikkonan Brynhildur Guðjónsdóttir steig á stokk.**



**ÁNÆGJA** Gestir skemmtu sér vel, jafnt stórir sem smáir.



**LISTAMAÐURINN** Dagatalssmiðurinn Hugleikur Dagsson opnaði jóladagatalið við fögnuð viðstaddra.



**GOTT Í KROPPINN** Gestum var boðið upp á veitingar í tilefni dagsins.



**NOTALEG STUND** Í Norræna húsinu er hlýtt í svartasta skammdeginu.

★★★★½

# „... bæði djúp og skemmtileg ...“

*Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið*



*„Í þessari blokk er einhvernveginn allt að finna: ást og svik, káf og framhjáhald, drauma og langanir, misskilning og vináttu, líf og dauða. Pétri **heppnast frábærlega** að koma **vel byggðum** og **skemmtilegum** heimi fyrir í þessari blokk við Miklubrautina ...“*

*Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið*




★★★★

*„... heildaráhrifin eru **fjandanum magnaðri. Húmor** Péturs nýtur sín hér til fullnustu ... **Fádæma vel skrifuð saga** ...“*

*Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið*

JPV ÚTGÁFA

**Íslendingablokk** er hugljúf og fyndin samtímasaga. En þó að hún fjalli um fólk í blokk í Reykjavík hér og nú fer hún víða í tíma og rúmi, jafnvel alla leiðina aftur í Miklahvell ...

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**AFTUR TIL ÍSLANDS** The Bootleg Beatles spilar á Íslandi í annað sinn í febrúar næstkomandi.

# ÍMYNDIÐ YKKUR BÍTLANA

The Bootleg Beatles spilar lög Bítlanna í Hörpunni í febrúar. Hljómsveitin hefur verið að í yfir þrjátíu ár. Gítarleikarinn Andre Barreu lofar vönduðum tónleikum.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Ein vinsælasta heiðurshljómsveit heims, The Bootleg Beatles, spilar í Hörpu sunnudaginn 3. febrúar. Með henni verður strengja- og blásarasveit og verður því öllu tjaldað til þegar kemur að því að spila gömlu, góðu Bítlalögin.

Hljómsveitin hefur verið á stífri sex vikna tónleikaferð um Asíu, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Tveggja vikna tónleikaferð um Bretland er fram undan og því nóg um að vera. „Við erum meira og minna á tónleikaferðum allt árið um kring. Við verðum mjög uppteknir næsta árið, sem er frábært,“ segir gítarleikarinn Andre Barreu hress í bragði, en hann hermir eftir George Harrison á tónleikunum.

Þetta verður í annað sinn sem sveitin kemur til Íslands því hún spilaði hér á Broadway árið 1985 fyrir tilstuðlan Björgvins Halldórssonar, sem þá var duglegur við að flytja erlendar hljómsveitir til landsins.

### Yfir þrjátíu ára ferill

The Bootleg Beatles á rætur sínar að rekja til ársins 1979. Þá var settur á fjalirnar söngleikur í West End í London sem hafði áður verið sýndur í Bandaríkjunum. Enska hljómsveit vantaði og voru Barreu og félagar hans ráðnir í starfið. Eftir að sýningin hætti aðeins þremur mánuðum síðar ákváðu þeir að stofna hljómsveit sem myndi spila Bítlalögin. „Þetta átti að vera stoppistöð á milli verkefna en hefur haldið áfram í meira en þrjátíu ár,“ segir hann og hlær.

Barreu er eini upphaflegi meðlimurinn sem er enn eftir í hljómsveitinni. Tveir þeirra hættu fyrir aðeins einu og hálfu ári og í staðinn komu yngri og ferskari útgáfur af Paul McCartney og John Lennon. „Þeir eru alveg frábærir. Það er æðislegt að hafa svona góða spilara með sér.“

### Vantrúin lögð á hilluna

Að sögn Barreu eru góðir og vandaðir tónleikar aðalsmerki hljómsveitarinnar. „Við viljum að fólk leggi vantrú sína á hilluna í smá stund og trúi því að mögulega séu Bítlarnir sjálfir komnir upp á svið, bæði í útliti og sem hljómsveit,“ segir hann og tekur fram að þeir komi aðeins fram sem Bítlarnir á tónleikum en ekki í sínu daglega lífi. „Á Íslandi spilum við með strengjasveit, sem verður mjög skemmtilegt. Við getum spilað lög eins og I Am the Walrus og All You Need Is Love. Það er gaman að heyra þessa tónlist á alvöru tónleikum.“

### Fyrsta eftirhermubandið

Hversu mörg Bítlaheiðursbönd eru til í heiminum? „Þau eru um fjórar milljónir,“ segir gítarleikarinn og hlær. „Nei, ég veit það ekki, en við erum þeir fyrstu sem komu fram á sjónarsviðið. Þegar við stofnuðum The Bootleg Beatles var augljóst að tónlist Bítlanna væri frábær og þeir væru mikilvægir í menningarlegu tilliti en núna eru þeir enn merkilegri og meira framandi en þegar við byrjuðum.“

Aðspurður hvort þeir séu bestu Bítlaeftirhermurnar segist hann ekki geta svarað því. „Við höfum verið lengst að og höfum spilað á mörgum krefjandi tónleikum. Við höfum spilað á aðalsviðinu á Glastonbury-hátíðinni og í Royal Albert Hall. Ef menn lifa slíkt af segir það sitthvað um gæði hljómsveitarinnar. Núna þegar þessir tveir nýju meðlimir eru komnir get ég sagt með vissu að við erum með þá bestu innan okkar raða.“

### Spiluðu á þaki Apple

Spurður út í minnisstæðustu tónleikana á þessum langa ferli nefnir Barreu upphitun í Knebworth fyrir Oasis og tónleika á þaki Apple-byggingarinnar þar sem Bítlarnir spiluðu á sínum síðustu tónleikum árið 1969. „Við erum eina bandið sem hefur endurskapað það gigg almennilega,“ segir Barreu, sem er einnig virtur hljóðversleikari og spilaði meðal annars gítarsólóið í lagi Robbie Williams, Angels.

### Fjögur tímaskeið Bítlanna

Um tónleikana á Íslandi segir hann: „Þetta verða fjögur tímaskeið Bítlanna. Fyrst lög eins og Twist and Shout frá því mjög snemma á ferlinum, svo Ticket to Ride og fleiri lög og svo Sgt. Pepper‘s Lonely Hearts Club Band-tíminn þar sem við spilum Strawberry Fields Forever, sem Bítlarnir spiluðu aldrei á tónleikum. Í lokin spilum við lög af Abbey Road-plötunni og ljúkum þessu svo með Hey Jude. Þarna verða nokkrar óvæntar uppákomur líka. Vonandi getur fólk gleymt sér aðeins og ímyndað sér að það sé að horfa á Bítlana.“

## FERILSKRÁ THE BOOTLEG BEATLES

The Bootleg Beatles hefur spilað á yfir **4.000** tónleikum, þar á meðal:

- **5** sinnum á **Glastonbury-hátíðinni**
- **18** sinnum í **The Royal Albert Hall**
- **3** sinnum á Hróarskeldu
- Á **40** ára krýningarafmæli Elísabetar Englandsdrottningar
- Í **Budokan-höllinni** í Japan
- Á **Wembley-leikvanginum**



## Hitti George Harrison og McCartney

The Bootleg Beatles spilaði eitt sinn í afmæli Daves Gilmour úr Pink Floyd og þar hitti Barreu George Harrison. „Ég vissi að hann var á gestalistanum en ég bjóst aldrei við að hann myndi mæta. Þá sögðu þeir okkur að George væri á staðnum ásamt eiginkonu sinni. Ég ákvað að vera ekkert feiminn uppi á sviði heldur gera þetta almennilega,“ segir hann. „Ég talaði lengi við hann á eftir og hann var mjög fyndinn. Hann kynnti mig fyrir eiginkonu sinni og Patti Boyd [fyrrverandi eiginkonu Harrison]. Þetta var alvöru spjall, ekkert: „Hæ, hvernig hefurðu það og bless“, og ég gat ekki verið ánægðari með þetta allt saman.“

Barreu hitti einnig Paul McCartney þegar The Bootleg Beatles spilaði á fjörutíu ára krýningarafmæli Elísabetar Englandsdrottningar. „Hann er mjög sjarmerandi. Við áttum gott spjall og hann var mjög vingjarnlegur. Málið er að Bítlarnir haga sér nefnilega ekki eins og neinar ofurstjörnur.“

**Hjálpræðisherinn Reykjavík**

HJÁLPRÆÐISHERINN

**Fatahjálp:**
Hringið 849 0036 á mánudögum milli kr 11 og 14.

**Aðfangadaginn kl 18:00 Jólamat og jólahátíð.**
Skráningu á reykjavik@herinn.is og í síma 552 0708 innan 20. desember.
***ÞÖKKUM ÖLLUM SEM VILJA LEGGJA STARFINU LIÐ.***
Hægt er að leggja gjafir inn á reikning:
513-26-604761 kt: 450189-2789.



Kjóll
Stærðir: 8-18
kr. 6.990
Kjóll
Stærðir: 6-16
kr. 14.990
Kjóll
Stærðir: 6-16
kr. 12.990
Kjóll
Stærðir: 6-18
kr. 14.990
Peysa
Stærðir: 10-20
kr. 6.990
Taska, hvítar ólar
kr 5.990
Taska, brúnar ólar
kr. 7.990
Skór með hæl
Stærðir: 35,5-42
kr. 5.990
Jakki
Stærðir: 6-20
kr. 20.990
Skór með háum hæl
Stærðir: 36-41
kr. 6.990
Jakki
Stærðir: 6-20
kr. 9.990
GLÆSILEGT ÚRVAL
AF DÖMUFATNAÐI!
FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK
Skór
Stærðir: 36-4
kr. 8.990
Raðandi - auglýsingastofa ehf
SÍMI: 5513200
next
KRINGLUNNI
FYRIR ÞIG OG ÞÁ SEM
ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM!



# Lífið eftir Lost

Rúm tvö ár eru liðin síðan þættirnir Lost luku göngu sinni. Síðan þá hafa aðalleikararnir tekið að sér hin ýmsu verkefni, sum hver merkilegri en önnur.

Þættirnir Lost luku fimm ára göngu sinni hér á landi í Sjónvarpinu 30. ágúst 2010. Framan af nutu þessir dularfullu þættir mikilla vinsælda en þær dvínuðu með hverju árinu enda urðu þeir sífellt ruglingslegri.

Mest horfðu tuttugu milljónir manna á Lost í viku hverri í Bandaríkjunum en talan lækkaði niður í tólf milljónir eftir því sem lopinn var teygður. Lost fjallaði um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi eftir að hafa brotlent á eyðieyju og alls voru sex þáttaraðir gerðar.

Aðalleikararnir urðu umsvifalaust að stjörnum en hvernig ætli þeim hafi gengið að fóta sig eftir að ævintýrinu mikla lauk?

### 1. Jorge Garcia
(Hugo „Hurley“ Reyes)
Sjónvarpsþættirnir Alcatraz og kvikmyndin When We Were Pirates undir leikstjórn Jims Hanks, bróður Toms.

### 2. Matthew Fox
(Jack Shephard)
Fjöldamorðingjamyndin Alex Cross og World War Z, nýjasta mynd Brads Pitt.

### 3. Josh Holloway
(James „Sawyer“ Fox)
Mission Impossible: Ghost Protocol og Ten með Arnold Schwarzenegger í aðalhlutverki.

### 4. Evangeline Lilly
(Kate Austen)
Hasarmyndin Real Steel og álfkonan Taureil í Hobbitamyndunum.

### 5. Daniel Dae Kim
(Jin Kwon)
Teiknimyndin The Legend of Korra (talsetning) og lögguþættirnir Hawaii Five-O.

### 6. Yunjin Kim
(Sun Kwon)
Suður-kóreska myndin The Neighbors og sjónvarpsþáttaröðin Mistresses.

### 7. Naveen Andrews
(Sayid Jarrah) Þættirnir Sinbad og myndin Diana, um síðustu tvö ár prinsessunar.

### 8. Terry O'Quinn
(John Locke) Þættirnir Hawaii Five-0 og 666 Park Avenue.

### 9. Emilie de Ravin
(Claire Littleton)
Þættirnir Once Upon a Time og Air Force One Is Down. Stríðsmyndin The 34th Battalion.

### 10. Dominic Monaghan
(Charlie Pace)
Þættirnir FlashForward, Goodnight Burbank og The Unknown. Stríðsmyndin Soldiers of Fortune.






# Forsetinn með flestar

## Tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna tilkynntar.

Kvikmyndin Lincoln hlýtur flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna, en tilkynnt var um tilnefningarnar í gær. Það er enginn annar en Steven Spielberg sem leikstýrir myndinni, en hún er tilnefnd meðal annars í flokki bestu myndar, besta leikstjóra og besta aðalleikara, en Daniel Day-Lewis fer með hlutverk Bandaríkjaforsetans sáluga.

Á eftir Lincoln í fjölda tilnefninga koma kvikmyndirnar Django Unchained og Zero Dark Thirty, en þær hljóta fimm tilnefningar hvor.

Golden Globe-verðlaunin þykja gefa góða mynd af því hvaða myndir verða atkvæðamiklar á komandi Óskarsverðlaunahátíð.

**Tilnefningar til bestu kvikmyndar í flokki dramatískra mynda:**

- Argo
- Django Unchained
- Life of Pi
- Lincoln
- Zero Dark Thirty



**FLOTTUR Í TAUINU** Leonardo DiCaprio á eina af fimm tilnefningum myndarinnar Django Unchained.

**Tilnefningar til bestu kvikmyndar í flokki gamanmynda og söngleikja:**

- The Best Exotic Marigold Hotel
- Les Misérables
- Moonrise Kingdom
- Salmon Fishing in the Yemen
- Silver Linings Playbook



**SIGURSTRANGLEGUR** Daniel Day-Lewis er lofaður fyrir Lincoln.






# Rapp, progg og diskó í frægðarhöllina

## Public Enemy og Donna Summer eru meðal þeirra sem fá inngöngu. Tríóið Rush mætir með bros á vör.



**KANADÍSKA INNRÁSIN** proggprinsarnir eru á leið í höllina

Diskódrottningin Donna Summer verður tekin inn í frægðarhöll rokksins á næsta ári, en söngkonan lést fyrr á árinu eftir skamma baráttu við lungnakrabbamein.

Tilkynnt var um útnefningarnar í fyrradag, og venju samkvæmt er það fjölbreyttur hópur sem prýðir listann. Auk Summer verða rappararnir í Public Enemy heiðraðir, píanistinn Randy Newman, rokksveitin Heart, blúsarinn sálugi Albert King og upptökustjórarnir Lou Adler og Quincy Jones.

Þá er kanadíska proggtríóið Rush í þessum glæsilega hópi, en hljómsveitin siglir inn í 45. starfsár sitt um áramót.

„Þetta er mikill heiður og við mætum með bros á vör,“ segir Geddy Lee, söngvari og bassaleikari sveitarinnar, en ekki er sjálfgefið að hinir útnefndu láti sjá sig við athöfnina.

Flestir muna eflaust eftir fýlukasti hins lokkaprúða söngvara Axl Rose, en hann þverneitaði að vera viðstaddur þegar hljómsveit hans, Guns N' Roses, var tekin inn í höllina fyrr á þessu ári.

Athöfnin fer fram í Los Angeles hinn 18. apríl næstkomandi. - hva




## Ostabakki - antipasti

Grillaðar paprikur, sól- eða ofnþurrkaðir tómatar, grillað eggaldin, hráskinka og þurrkaðar pylsur. Gullostur, gráðaostur með ferskri peru, blár Kastali.

Steyptur villisveppaostur skorinn út í litla hringi. Maribóostur. Kryddað apríkósumauk. Baguette-brauð.

*Uppskriftina að kryddaða apríkósumaukinu má finna á vefnum www.ostur.is*




## Gullostur

Hvítmygluostur. Hvítmyglan er einnig inni í ostinum. Áhugaverður ostur með mildu bragði sem gott er að njóta í lok góðrar máltíðar. Þessi ostur er einn af flaggskipunum í ostafjölskyldunni frá MS.

# OSTAVEISLA FRÁ MS



## Heilbakaður Gullostur með timjan og hvítlauk

Vefjið smjörpappír utan um ostinn, pikkið átta göt ofan í ostinn og stingið ögn af timjan ásamt þunnum sneiðum af hvítlauk ofan í götin. Dreypið örlítilli ólífuolíu yfir. Pakkið ostinum aftur inn í bréfið sem var utan um hann og bakið hann í 30 mínútur við 160°C. Berið ostinn fram með grilluðu hvítlauksbrauði.

Osta er hægt að bera fram með ýmsum hætti, það má t.d. borða Gullostinn með góðu ávaxtamauki, eða með hnetum og hella síðan góðu hunangi yfir eða setja í hann fyllingu úr þurrkuðum ávöxtum s.s. apríkósum og fíkjum og skreyta hann að ofan með þurrkuðum trönuberjum og hlynsírópi. Búa til litlar og fallegar ostasamlokur eða ostasnittur.

*Kynntu þér fleiri góðar hugmyndir og uppskriftir á heimasíðunni: www.ostur.is*

MJÓLKURSAMSALAN




**HJÁ PABBA** Suri Cruise mun eyða jólunum með föður sínum. Þau hafa ekki hist síðan í nóvember. NORDICPHOTOS/GETTY

# Cruise með Suri um jólin

Íslandsvinurinn Tom Cruise hefur sagt frá því að hann ætli að fagna jólunum með börnum sínum þremur, Bellu, Connor og yngsta barninu Suri, en þau hafa ekki sést síðan um miðjan nóvember.

Suri hefur starfað sem fyrirsæta þrátt fyrir að vera einungis sex ára. Sjálfur hefur Tom verið að starfa í Bretlandi við tökur á nýrri kvikmynd, All you need is kill. Þrátt fyrir að hann og tvö elstu börnin séu meðlimir Vísindakirkjunnar ætla þau sér samt að fagna jólunum með Suri.

Þess má geta að Katie Holmes, móðir Suri, hafði ætlað að eyða jólunum með dóttur sinni. - gbg



**SAMAN** Kim Kardashian og Kanye West hafa verið saman síðan í apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enn meira í sviðsljósinu

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian hefur viðurkennt að vera enn meira í sviðsljósinu en áður eftir að hún kynntist rapparanum Kanye West. Spurð hvort það væri erfiðara að halda sig frá sviðsljósinu sagði hún við tímaritið You: „Þetta er erfiðara núna með kærastanum mínum. Við erum mun meira áberandi þegar við erum saman,“ sagði hún.

Hin 32 ára Kardashian og Kanye sáust fyrst saman opinberlega í apríl síðastliðnum. Síðan þá hefur hjörð ljósmyndara elt þau á röndum hvert sem þau fara.

# Héldu vöku fyrir Bieber

Æstir aðdáendur hjartaknúsarans Justins Bieber héldu nýlega fyrir honum vöku er hann gisti á Hard Day's Night-hótelinu í Liverpool. Hundruð aðdáenda höfðu safnast saman fyrir utan hótelið. Lögreglan ráðlagði honum að fara ekki út á svalir hótelherbergisins vegna ótta við að óeirðir brytust út. Justin bað aðdáendur sína í gegnum samskiptavefinn Twitter að hafa ekki svona hátt og leyfa sér að hvílast fyrir tónleikana um kvöldið. - hh



**SVEFNLAUS BIEBER** Hundruð aðdáenda héldu vöku fyrir honum þegar hann dvaldi í Liverpool fyrir skömmu.



HARÐIR PAKKAR
SVARTUR Á LEIK
20% afsláttur
Tilboðsverð DVD
2.639
Fullt verð 3.299,-
ÍSÖLD 4
HEIMSÁLFUHOPP
20% afsláttur
Tilboðsverð DVD
2.399
Fullt verð 2.999,-
DVD í Skífunni
3. ÞÁTTARÖÐ
STEINDINN OKKAR
ELDFJALL
ÞÓR
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
THE AMAZING SPIDER-MAN
COLIN FARRELL KATE BECKINSALE JESSICA BIEL
TOTAL RECALL
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS
S·K·Í·F·A·N



**EINS OG EIN STÓR FJÖLSKYLDA** Halldór Halldórsson, Magnús Leifsson, Jóhann Alfreð, Hugleikur Dagsson, Ari Eldjárn, Bent, Bergur Ebbi og Steindi jr. eru svo sannarlega komnir í jólaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tengdir sterkum grínböndum

**Mið-Íslandshópurinn, Steindi jr. og Hugleikur Dagsson standa fyrir allsherjar grínútgáfugleði í næstu viku. Allir láta til sín taka í jólaflóðinu í ár, Steindi jr. og Mið-Ísland með sjónvarpsþætti sína á DVD og Hugleikur með tvær bækur.**

„Ég hef ágætis reynslu af jólaútgáfunni, hún er geðveiki en skemmtileg engu að síður,“ segir Bergur Ebbi Benediktsson, meðlimur í uppistandshópnum Mið-Íslandi, en fyrsti sjónvarpsþáttur þeirra félaga er nú kominn út á DVD.

Af því tilefni hefur hópurinn tekið sig til ásamt félögum sínum í gríni, þeim Steinda jr. og Hugleiki Dagssyni. Þeir taka einnig þátt í jólaflóðinu í ár, Steindi jr. með þriðju seríuna af Steindanum okkar og Hugleikur með bækurnar Opinberun og Enn fleiri íslensk dægurlög.

Bergur segir þá hafa ákveðið að halda allsherjar útgáfu og grínglеði, enda séu þeir tengdir ákveðnum böndum. „Við erum svolítið eins og ein stór fjölskylda. Tengjumst grínböndum,“ segir Bergur Ebbi og uppljóstrar að upphaflega hafi Steindi jr. átt að vera hluti af Mið-Íslandshópnum. „Það var planið að hann væri með okkur á fyrsta uppistandskvöldinu en hann mætti ekki. Svo meikaði hann það bara á eigin vegum.“

Uppskeruhátíðin svokallaða fer fram á Kex Hosteli þann 19. desember og hefst klukkan 20.

Hugleikur sýnir myndir úr bókunum á skyggnum og Mið-Íslandhópurinn og Steindi jr. verða með uppistand, ásamt því að sýna áður óbirt atriði úr sjónvarpsþáttunum og fara yfir vinnuferlið í kringum þá. Bergur Ebbi lofar miklu stuði, gríni og glensi. „Svo verður líka spurningakeppni með grínþema, en ég get lofað því að vinningarnir eru stórkostlegir.“

- áp



**Í HUGANUM HEIM** „Magni syngur um það sem er honum kært, um heimaslóðirnar, um ástina og lífið…“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vopnabúrið á borðið

TÓNLIST ★★★☆☆

**Í huganum heim**
Magni
**SENA**




Magni Ásgeirsson er löngu landsþekktur tónlistarmaður. Lengst af starfaði hann með hljómsveitinni Á móti sól, auk þess sem hann sló í gegn í raunveruleikaþættinum Rockstar: Supernova. Í huganum heim er önnur sólóskífa Magna. Á henni er að finna 11 lög sem flest eru frumsamin af þeim Magna og Vigni Snæ Vigfússyni, sem var lengi kenndur við hljómsveitina Írafár.

Magni hefur löngum sýnt að hann er metnaðarfullur tónlistarmaður sem hefur fyrirtaks þekkingu á tónlistarsögu undanfarinna 45 ára eða svo. Það vita þeir sem hafa séð Magna spila sem trúbador. Á þessari plötu reynir Magni að leggja þessa kunnáttu, allt sitt vopnabúr, á borðið. Hann sækir mikið til 7. og 8. áratugs síðustu aldar, þá sérstaklega til sveitarokks í ætt við Crosby, Stills, Nash og Young. Frábærar raddanir í laginu „Lífið“ bera vott um það. Magni sækir einnig talsvert í arf bandarískra rokkhljómsveita frá 10. áratugnum og stundum má greina trommutakta í ætt við keltneskt þjóðlagarokk (Það grær ekkert án þín). Hinn tilfinningaþrungni Eurovision-slagari „Hugarró“ fær að fljóta með á plötuna, auk þess sem lagið „Valsinn“ gæti vel átt heima í undankeppni Eurovision.

Textarnir eru mjög persónulegir, en þeir eru flestir samdir af Magna og Ásgrími Inga Arngrímssyni. Magni syngur um það sem er honum kært, um heimaslóðirnar, um ástina og lífið… það má jafnvel greina smá Bill Withers-takta í fallegu lagi um sonarást (Ásberg).

Heilt yfir er Magni ef til vill að berjast á of mörgum vígstöðvum á plötunni, sem á þó marga góða spretti. Það væri til að mynda gaman að fá heilt verk í anda sveitarokks frá Magna, en þar nær hann helst flugi á þessari plötu.

Björn Teitsson

**NIÐURSTAÐA:** Ágætis sólóplata frá Magna sem hefði þó mátt hafa þrengri fókus.



**MARGIR GESTIR** Fjölmargir lögðu leið sína á sína á tískusýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skrautleg tískusýning

**Rauði krossinn hélt í samvinnu við Sow Icelandic Creation tískusýningu á miðvikudagskvöldið á Bar 46. Þar var sýndur fatnaður úr fatasöfnun Rauða krossins í bland við fatnað eftir íslenska hönnuði og úr íslenskum „vintage“-verslunum. Fatnaðurinn var síðan boðinn upp, en uppboðshaldari var Bjarndís Helga Tómasdóttir og sáu Kanilsnældur um að spila undir sýningunni.**



**SÝNINGIN** Fatnaðurinn var sambland af úrvali Rauða krossins, íslenskra hönnuða og „vintage“-verslana.



**GRANDSKOÐAÐ** Gestir tóku fatnaðinn út.



**STUÐ** Mikið stuð var á tískusýningunni.



**FLOTTAR** Þessar tvær biðu spenntar eftir að sýningin hæfist.



**BROSMILDAR** Þessar vinkonur brostu til ljósmyndara.



# LYSTADÚN

Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð

Jólatilboð

Olga rúm, Medipocket 20 dýna ásamt tveimur náttborðum

**Verð: 256.500.-**

Verð áður: 342.000

## SVEFNHERBERGIS TILBOÐ

Mediline heilsurúm til í öllum stærðum og 6 stífleikum, Mediline heilsurúmið er klæðskerasniðið að þínum þörfum: Íslensk Hönnun og hugvit sem stendur öðru framar. **Berið saman verð og gæði**

## NAPCO HEILSURÚM



Rafmagnsrúm 160x200
Verð: 354.760.- Verð áður: 506.800.-

**Napco heilsurúm**
160x200
tvöfalt fjaðurkerfi
með höfðagafli

Jólatilboð
**188.600.-**
Verð áður: 269.400.-

## SVEFNHERBERGIÐ



Einnig hægt að fá í stærðinni **180x200**

**Liam rafmagnsrúm**
160x200
tvö náttborð og
Mediline heilsudýna

Jólatilboð
**392.700.-**
Verð áður: 561.000.-

## MEDILINE HEILSURÚM



**Mediline heilsurúm**
160x200

Jólatilboð
Verð frá: **154.160.-**

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI Á ÖLLUM RÚMUM*

## SATIN SÆNGURVER



**Satin sængurver**
Frá Seba og
Fussenegger
Mikið úrval

Jólatilboð
Verð frá: **9.200.-**

## DÚNSÆNG



**Dúnsæng** 800gr.
90% andadúnn
10% andafiður
hreinsað

Jólatilboð
**21.520.-**
Verð áður: 26.900.-

## HRÚGÖLD



**Hrúgöld**
Margir litir
Flott gjöf í unglinga
herbergið

Jólatilboð
**19.920.-**
Verð áður: 24.900.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu.

## NOEL JÓLAILMURINN ER KOMINN

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI***

**Opið alla daga til jóla**


> **Mörkinni 4** > 105 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **Opnunartímar:** Virka daga 10-18 | Laug 10-16 > **www.lystadun.is**




SAMBÍÓIN SAMbio.is




| | | | |
|---|---|---|---|
| **SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA** | | | |
| RED DAWN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RED DAWN VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 10:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:30 | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 3:40 | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 6 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |

| | | |
|---|---|---|
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| ALEX CROSS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| TWILIGHT BREAKING DAWN PART 2 | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| HERE COMES BOOM | KL. 8 - 10:30 | 7 |
| ARGO | KL. 10:20 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| LIFE OF PI FORSÝNING 3D | KL. 8 | 12 |
| RED DAWN | KL. 10:40 - 11 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 10:20 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| RED DAWN | KL. 10:10 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT






| | | |
|---|---|---|
| **SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
| SO UNDERCOVER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SKYFALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 3D | KL. 3.40 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 10.20 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.50 - 8 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 3.40 | L |

| | | |
|---|---|---|
| **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
| LIFE OF PI FORSÝNING | KL. 9 | 12 |
| JACKPOT | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 5.20 - 9 | |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 | 10 |
| **BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
| LIFE OF PI FORSÝNING | KL. 8 | 12 |
| SO UNDERCOVER | KL. 8 - 10 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 10.20 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.50 / SKYFALL KL. 5.20 | |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | 4, 6 | 7 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 4, 6 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | 8 | 16 |
| SKYFALL | 10 | 12 |
| NIKO 2 | 4 | L |




**FRÆGAR DÆTUR** Söngkonan vinsæla Norah Jones er eldri dóttir Shankars. Hún er mikilsmetinn tónlistarmaður í dag.



**Í FÖTSPOR FÖÐURINS** Yngri dóttir Shankars, Anoushka, er einnig sítarleikari. Hún kom gjarnan fram með föður sínum.



**SÍTARSNILLINGUR** Ravi Shankar var virtur sítarleikari og tónskáld. Hann lést á sjúkrahúsi á þriðjudag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skrautlegt líf Ravi

**Sítarleikarinn Ravi Shankar lést í vikunni. Hann naut mikilla vinsælda á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Dætur hans tvær eru þekktir tónlistarmenn.**

Indverski sítarleikarinn Ravi Shankar lést á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum á þriðjudag, þá 92 ára að aldri. Shankar naut töluverðra vinsælda á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og átti meðal annars gott samstarf með Bítlinum George Harrison. Dætur Shankars eru sítarleikarinn Anoushka Shankar og söngkonan Norah Jones.

Shankar fæddist sem Robindro Shaunkor Chowdhury hinn 7. apríl árið 1920 í borginni Varanasi við Ganges-fljót. Fjölskylda hans tilheyrði yfirstéttinni og starfaði faðir hans lengi sem lögmaður í London. Shankar nam klassískar indverskar tónsmíðar hjá tónlistarmanninum Allauddin Khan. Hann lauk því námi árið 1944 og flutti í kjölfarið til Múmbaí, þar sem hann starfaði við tónsmíðar fyrir Indian People's Theatre Association.

Árið 1966 kynntist Shankar tónlistarmanninum George Harrison og dvaldi sá síðarnefndi á Indlandi í sex vikur þar sem hann lærði á sítar undir handleiðslu Shankars. Vinátta þeirra varð til þess að auka vinsældir Shankars í Vesturlöndum. Á ferli sínum kom Shankar fram á ýmsum tónlistarhátíðum víða um heim, þar á meðal Monterey- og Woodstock-hátíðunum. Shankar hlaut þrenn Grammy-verðlaun á löngum og farsælum ferli.

Einkalíf Shankars var skrautlegt og eignaðist hann þrjú börn. Hann kvæntist Annapurna Devi, dóttur lærimeistara síns, árið 1941 og eignaðist með henni soninn Shubhendra Shankar, sem lést árið 1992. Hjónabandið entist aðeins í nokkur ár og eftir það tók Shankar saman við dansarann Kamala Shastri. Hann hélt framhjá henni með tónleikahaldaranum Sue Jones og var söngkonan Norah Jones ávöxtur þess sambands. Shankar og Jones bjuggu þó saman til ársins 1986, en í millitíðinni eignaðist hann sitt þriðja barn, dótturina Anoushka Shankar, með Sukanya Rajan. Shankar og Rajan giftust árið 1989. Dætur hans tvær eru heimsþekktir tónlistarmenn og kom Anoushka gjarnan fram á tónleikum ásamt föður sínum.



**GÓÐIR VINIR** Bítlinn George Harrison var góðvinur Ravi Shankar. Það var Shankar sem kenndi Harrison að leika á sítar.





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR: WADJDA (L)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **ARFUR NÓBELS (16)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **SAFETY NOT GUARANTEED (L)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **SEARCHING FOR SUGAR MAN (L)** 18:00, 22:00 ■ **DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.)** 20:00 ■ **VÍDEÓVERK 14-18 FRÍTT INN.**

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



FORSÝND UM HELGINA
„Sagan af Pí í leikstjórn Ang Lee er stórkostlegt frásagnarafrek sem markar tímamót í sögu sjónrænnar upplifunar... þetta er ein besta mynd ársins.“
-Roger Ebert
Myndgerð Ang Lee er tryllingsleg óreiða lita og æðandi ímyndunarafls sem geislar af göfgi. En um leið er hún einföld, spennandi og uppörvandi saga af dreng, báti og tígrisdýri. Stökktu um borð.
-Total Film
STÓRKOSTLEG KVIKMYND Í 3-D
FRÁ ANG LEE LEIKSTJÓRA „BROKEBACK MOUNTAIN“.
BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK EFTIR YANN MARTEL.
Næsta "Avatar". Sjónrænt kraftaverk.
Richard Corliss, Time
LIFE OF PI
Hrikaleg og heillandi. Maður sér ekki bara atburðina, maður upplifir þá.
Peter Travers, Rolling Stone
3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR m.a.
BESTA MYND
BESTI LEIKSTJÓRI
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á JÓLAMYNDINA Í ÁR!
14. desember Borgarbíó kl. 8 - Sambíóin Kringlunni kl. 8 - Háskólabíó kl. 9
15. desember Smárabíó kl. 8 - Háskólabíó kl. 9
16. desember Laugarásbíó kl. 4 - Smárabíó kl. 8 - Sambíóin Egilshöll kl. 8
10
Kristall
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
EGILSHÖLL
KRINGLUNNI SAMBÍÓIN
sena

# Menn spyrja hver þessi maður sé eiginlega

Óskar Bjarni Óskarsson er orðinn kvennaþjálfari í fyrsta sinn á ferlinum og byrjar á stórliði í Evrópu. Ráðinn til loka tímabilsins 2014.

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson færði sig um set hjá danska félaginu Viborg í gær. Hann var þá ráðinn þjálfari kvennaliðs félagsins og mun í kjölfarið hætta með karlaliðið sem hann hefur þjálfað í vetur.

Ekki eru til peningar hjá félaginu til þess að reka karlaliðið áfram en forráðamenn félagsins eru ánægðir með Óskar Bjarna og vildu að hann tæki við kvennaliðinu. Óskar var með samning við félagið út þessa leiktíð með möguleika á eins árs framlengingu. Frá því hefur verið gengið að hann verði með liðið út leiktíðina 2014.

„Það er leikur 30. desember hjá stelpunum en þær eru í fríi þar sem það er EM kvenna í gangi. Þá get ég fylgt strákunum úr hlaði á meðan," sagði Óskar Bjarni.

Hann hefur engu reynslu af því að þjálfa konur en aðstoðaði þó stundum Stefán Arnarson, þjálfara kvennaliðs Vals.

„Þetta er gríðarlega spennandi verkefni. Þarna eru 8-9 landsliðsmenn og mikil pressa eins og sést er þjálfarinn var rekinn með liðið á toppnum. Þetta er allt annað umhverfi að öllu leyti og vart hægt að byrja á stærri stað sem kvennaþjálfari. Það var lítil pressa á mér sem þjálfari karlaliðsins en nú fer ég alveg á hinn endann á spýtunni. Ég kann því ágætlega."

Óskar segir að ráðningin veki nokkra athygli enda hafi hann ekki þjálfað kvennalið áður og sé þess utan ekki þekktur í Danmörku.

„Menn spyrja bara hver þessi maður sé. Mér finnst gagnrýnin samt góð. Þetta verður ekki auðvelt enda langur vegur frá því að ég sé með allt með mér hérna. Ég hef ekkert sýnt í Danmörku og það er eðlilegt að menn séu með spurningar. Ég hef því margt að sanna hérna og það verður gaman," sagði Óskar ákveðinn og bætti við.

„Kvenna- og karlahandbolti er ekki eins og ég þarf að venjast því. Þetta er samt það sama að því leyti að ég er að vinna með alvöru leikmönnum. Þessar stelpur eru sigurvegarar. Ég vil taka sumt úr karlahandboltanum inn í kvennahandboltann. Það er ein ástæðan fyrir því að ég fæ þetta starf held ég."

Þjálfarinn viðurkennir að það sé léttir að fá sín mál á hreint eftir nokkra óvissudaga.

„Þetta er búið að vera erfitt fyrir alla hérna. Það er því gott að allt sé orðið klárt og verður spennandi að byrja nýtt verkefni." **- hbg**

### ➜ Titlaskrá kvennaliðs Viborg HK

**Danskir meistarar**
13 sinnum (5 silfur)
**Danskir bikarmeistarar**
9 sinnum
**Meistaradeild Evrópu**
3 sinnum (2 silfur)
**EHF-keppnin**
3 sinnum
**Titlar síðustu fimm tímabil**
**2011-12** Bikar
**2010-11** Bikar
**2009-10** Meistari, Meistaradeildin
**2008-09** Meistari, Meistaradeildin, bikar
**2007-08** Meistari, bikar
**2006-07** Meistari, bikar
**2005-06** Meistari, Meistaradeildin



**SPENNTUR** Óskar reynir fyrir sér á nýjum vígstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## N1-DEILD KARLA

**AFTURELDING - AKUREYRI 32-26**
**Atkvæðamestir - Mörk (skot):** Jóhann Jóhannsson 9/3 (12/3), Helgi Héðinsson 5 (8), Sverrir Hermannsson 4 (7), Pétur Júníusson 3 (3), Þrándur Gíslason 3 (6), Hilmar Stefánsson 3 (8) - Bjarni Fritzsson 10/6 (14/6), Andri Snær Stefánsson 3 (5), Valþór Guðrúnarsson 3 (5), Geir Guðmundsson 3 (6), Guðmundur H. Helgason 3 (9).
**Varin skot:** Davíð Svansson 18 (44/6, 41%). - Tomas Olason 9 (26/3, 35%), Kukobat 2 (17, 12%).

**HK - FH 21-27**
**Atkvæðamestir - Mörk (skot):** Bjarki Már Elísson 5/3 (7/3), Ólafur Víðir Ólafsson 4 (9), Eyþór Már Magnússon 3 (8), Atli Karl Bachmann 2 (3), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2 (3), Garðar Svansson 2 (8) - Þorkell Magnússon 7 (9), Ásbjörn Friðriksson 7 (12), Einar Rafn Eiðsson 5 (8), Sigurður Ágústsson 3 (3), Arnar Birkir Hálfdánsson 2 (2). **Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 17 (44, 39%) - Daníel Freyr Andrésson 19 (40/3, 48%).

**ÍR - FRAM 30-34**
**Atkvæðamestir - Mörk (skot):** Sturla Ásgeirsson 12/5 (17/6), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 6 (10), Davíð Georgsson 4 (4), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (5), - Sigurður Eggertsson 8 (10), Jóhann Gunnar Einarsson 8/4 (10/4), Þorri Gunnarsson 5 (5), Garðar Sigurjónsson 4 (4), Róbert Hostert 4 (11).
**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 11 (36/3, 31%), Þorgils Orri Jónsson 1 (10/1, 10%) - Björn Viðar Björnsson 18 (39/3, 46%), Magnús Erlendsson 2/1 (11/3, 18%),

**VALUR - HAUKAR 20-23**
**Atkvæðamestir - Mörk (skot):** Sveinn Aron Sveinsson 8/4 (9/4), Finnur Ingi Stefánsson 4 (8), Þorgrímur Smári Ólafsson 3 (9) - Árni Steinn Steinþórsson 6/1 (13/2), Gylfi Gylfason 5 (9), Gísli Kristjánsson 4 (5), Adam Haukur Baumruk 4 (6).
**Varin skot:** Lárus Helgi Ólafsson 12/3 (27/4, 44%), Hlynur Morthens 5 (13, 38%) - Aron Rafn Eðvarðsson 9 (25/3, 36%), Einar Ólafur Vilmundarson 3 (7/1, 43%),

## DOMINOS-DEILD KARLA

**FJÖLNIR - GRINDAVÍK 85-122**
**Atkvæðamestir:** Sylverster Spicer 23 (13 frák.), Björgvin Ríkharðsson 13, Tómas Heiðar Tómasson 12, Paul Williams 12 - Samuel Zeglinski 38 (11 stoðs.), Aaron Broussard 18, Þorleifur Ólafsson 15, Jóhann Árni Ólafsson 11, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11.

**KFÍ - STJARNAN 101-107 (88-88)**
**Atkvæðamestir:** Damier Erik Pitts 36, Tyrone Bradshaw 21, Kristján Pétur Andrésson 21, Hlynur Hreinsson 10 - Justin Shouse 28, Marvin Valdimarsson 19, Brian Mills 18, Jovan Zdravevski 13, Fannar Freyr Helgas. 13, Dagur Kár Jónss. 10.

**TINDASTÓLL - ÍR 96-90**
**Atkvæðamestir:** George Valentine 26/14 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 22/8 stoðs., Helgi Rafn Viggósson 10, Sigtryggur Arnar Björnsson 10 - Eric Palm 26, Hreggviður Magnússon 19, Isaac Deshon Miles 16, Nemanja Sovic 11/11 fráköst.

**KEFLAVÍK - NJARÐVÍK 91-92 (79-79)**

**SNÆFELL - ÞÓR 92-97**
**Atkvæðamestir:** Asim McQueen 22/15 fráköst, Jay Threatt 20/8 stoðs., Jón Ólafur Jónsson 19 - Benjamin Smith 23/7 stoðs., David Jackson 22, Grétar Ingi Erlendsson 14, Guðmundur Jónsson 12, Darri Hilmarsson 12.

**SKALLAGRÍMUR - KR 90-102**
**Atkvæðamestir:** Haminn Quaintance 24/10 fráköst/6 stolnir, Carlos Medlock 22/6 stoðs./6 stolnir, Páll Axel Vilbergsson 17 - Brynjar Þór Björnsson 35/8 stoðs., Martin Hermannsson 20, Helgi Már Magnússon 15, Finnur Atli Magnusson 15, Kristófer Acox 11/11 fráköst.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# ÞARF AÐ FÁ AÐ SPILA

Bakvörðurinn Hjörtur Logi Valgarðsson er á förum frá sænska félaginu IFK Göteborg í janúar. Félagið ætlar sér að kaupa nýjan mann í hans stað og samkomulag er á milli hans og félagsins að hann fái að fara annað.



**NÝIR TÍMAR Á NÝJU ÁRI** Hjörtur Logi mun hafa vistaskipti í janúar en ekki liggur fyrir til hvaða félags hann fer. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Það eru breytingar í kortunum hjá Hafnfirðingnum Hirti Loga Valgarðssyni á nýju ári. Þá mun hann væntanlega kveðja sænska úrvalsdeildarliðið IFK Göteborg sem hann hefur spilað með undanfarin tvö ár. Hann á samt tvö ár eftir af samningi sínum við félagið.

„Það er verið að skoða þessi mál fyrir mig og væntanlega gerist eitthvað í janúar. Göteborg ætlar að fá inn nýjan mann í mína stöðu og ég nenni ekki að sitja á bekknum. Ég er ekki í plönum þjálfarans og því vil ég eðlilega fara annað," sagði Hjörtur Logi en Göteborg er ekki enn búið að kaupa bakvörð í hans stað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætti Hafnfirðingurinn ekki að vera í vandræðum með að finna sér nýtt félag en þrjú sænsk úrvalsdeildarlið hafa þegar sýnt honum áhuga.

„Ég er búinn að tala við þjálfarann og það var sameiginleg niðurstaða okkar að það væri best að ég myndi finna mér nýtt félag. Ég er orðinn 24 ára og þarf að fá að spila. Ég vil líka sanna mig enda finnst mér það ekki hafa gengið nógu vel hingað til. Ég þarf að fá að spila til þess að gera það. Félagið segist ekki ætla að gera mér erfitt fyrir. Ef ég verð ekki seldur þá finnst vonandi lausn með lánssamning. Þeir segjast vilja gera það besta fyrir mig og ég treysti því."

Síðasta tímabil var svolítið mikið upp og niður bæði hjá Hirti Loga og hjá félaginu.

„Ég var svolítið inn og út. Þetta byrjaði þokkalega hjá mér en liðið stóð ekki undir væntingum. Þá var byrjað að skipta mikið og ég varð fyrir barðinu á því eins og fleiri. Ég hefði viljað gera betur og halda stöðunni en þetta var upp og niður hjá mér. Þegar illa gekk fór sjálfstraustið niður. Svo kom það upp aftur."

Þó svo ekki hafi allt gengið upp hjá Hirti Loga í Svíþjóð þá sér hann alls ekki eftir því að hafa samið við félagið á sínum tíma.

„Þessi tími hefur ekki beint verið vonbrigði en vissulega vildi ég gera aðeins betur. Þetta var aðeins stærra stökk en ég bjóst við í byrjun. IFK Göteborg er rosalega stór klúbbur og það voru viðbrigði fyrir mig. Það tók mig því smá tíma að komast inn í hlutina," sagði bakvörðurinn en hann hefur grætt mikið á þessum tíma.

„Ég hef bætt mig mikið sem leikmaður frá því ég kom út. Ég tek það jákvæða úr þessu þó svo ég vildi gera betur. Ef liðinu hefði gengið betur þá hefði ég kannski gert betur. Það má endalaust velta slíku upp. Heilt yfir er ég ánægður með þetta enda bætt mig og svo hefur þetta verið heilmikil reynsla."

Eins og áður segir eru félög í sænsku úrvalsdeildinni búin að sýna Hirti áhuga. Honum líst vel á að spila þar áfram.

„Ég hef heyrt af þessum áhuga og það væri fínt að vera hér áfram þar sem ég er búinn að koma mér inn í tungumálið og menninguna. Ég kann vel við sænska boltann. Það eru mörg góð lið hérna og spilaður fínn bolti. Ég skoða samt allt sem kemur upp."

Hjörtur og félagar fengu frí eftir mót í síðasta mánuði. Þeir eru mættir aftur til æfinga og munu æfa fram að jólum. Þá fær hann frí yfir jól og áramót. Svo taka væntanlega við nýir tímar.

„Það verður gott að fá fínt jólafrí og svo kemur bara í ljós hvað verður ur á nýju ári." **henry@frettabladid.is**

> **„Ég er orðinn 24 ára og þarf að fá að spila. Ég vil líka sanna mig enda finnst mér það ekki hafa gengið nógu vel.**
>
> *Hjörtur Logi Valgarðsson*

## Svekktur með fá landsliðstækifæri

Hjörtur Logi hefur ekki fengið mörg tækifæri undir stjórn nýs landsliðsþjálfara, Svíans Lars Lagerbäck. Það hefur valdið honum nokkrum vonbrigðum.

„Ég er svolítið svekktur að hafa ekki fengið mörg tækifæri. Það er samt lítið við því að gera. Ég verð að halda mínu striki og reyna að sanna mig þegar ég fæ tækifæri. Vonandi verða þau fleiri í framtíðinni," sagði Hjörtur en þessum tækifærum gæti fjölgað er hann fær að spila meira.

„Það er óskandi. Ef ég næ að halda föstu sæti í einhverju liði þá er það gott fyrir mitt sjálfstraust. Þá hef ég trú á að ég eigi góða möguleiki á landsliðssæti," sagði Hafnfirðingurinn brattur.




HREYSTI Jól
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 24 ár
1988-2012
Með magninnkaupum getum við nú boðið verð á líkamsræktarvörum sem ekki hafa sést áður. ATH. Takmarkað magn.
Kíktu á nýja og glæsilega heimasíðu www.hreysti.is
SLENDERTONE SYSTEM ABS+
TILBOÐSVERÐ KR. 29.995.-
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum
Verð áður kr. 34.995.-
TRX PRO -TILBOÐSVERÐ KR. 29.995.-
Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun
Verð áður kr. 39.995.-
TRIGGERPOINT NUDDRÚLLA
KR. 7.995.- Verð áður kr. 9.990.-
Með DVD kr. 9.995.-
Verð áður kr. 11.995.-
KULAE - HOT YOGA PAKKI
Yogadýna og handklæði
Verð frá kr.11.995.-
GYMBOSS
TÍMASTJÓRNUNARTÆKI / SKEIÐKLUKKA O.FL.
KR. 3.995.-
Frábært fyrir æfingar, hlaup, líkamsræktina o.fl.
REEBOK TRAMPOLIN
KR. 19.995.-
ROPE YOGA BEKKUR
VERÐ KR. 69.800.-
Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun
ROPE YOGA FERÐASETT
TILBOÐSVERÐ VERÐ KR. 24.900.-
ROPEYOGA FERÐASETT+DÝNA
TILBOÐSVERÐ KR. 29.995.-
ROPE YOGA WORKOUT
Gefðu fjölskyldunni bestu jólagjöfina
Life Fitness
VANDAÐ LIFEFITNESS HLAUPABRETTI
KR. 445.000.-
TIGER TAIL NUDDSTÖNG
KR. 3.995.-
¤ Tekur lítið pláss í íþróttatöskunni
¤ Sterkbyggt tæki með góða endingu
¤ Hjálpar vöðvum að ná sér og dregur úr hættu á meiðslum
HREYSTI BÓMULLARFATNAÐUR
T-BOLIR HERRA OG DÖMU
KR. 2.995.-
HETTUPEYSUR
TILBOÐSVERÐ KR. 4.995.-
HETTUPEYSUR RENNDAR
TILBOÐSVERÐ KR. 4.995.-
Frábært fyrir æfingar, hlaup, líkamsræktina o.fl.
50 kg. lóðasett
kr. 29.995.-
Verð áður kr. 39.995.-
20 kg. lóðasett
kr. 11.995.-
Verð áður kr. 14.995.-
YORK Sippubönd
Verð frá
kr. 995.-
IronGym armbeygjustandar
kr. 4.995.-
Armbeygjustandar MAX
kr. 7.995.-
IRON GYM
IronGym æfingatæki, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt
3,6 kg. handlóðasett
kr. 1.995.-
Verð áður kr. 3.990.-
Tæki til heimaþjálfunar
kr. 6.995.-
Verð áður kr. 8.995.-
Skemmtileg jólagjöf
Boxpúði + Hanskar + Sippuband
kr. 14.995.-
Stórir boxpúðar
Verð frá
kr. 12.995.-
YORK lakkaðar ketilbjöllur
kr. 750.-
Pr.kg.
Opið
Laugardagur 15.des. kl. 11-17
Sunnudagur 16.des. kl. 12-17
Mánudagur 17.des. kl. 10-18
Þriðjudagur 18.des. kl. 10-18
Miðvikudagur 19.des. kl. 10-18
Fimmtudagur 20.des. kl. 10-18
Föstudagur 21.des kl. 10-18
Laugardagur 22.des kl. 10-22
Sunnudagur 23.des kl. 10-23
Mánudagur 24.des kl. 10-12
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS

# Leggur ekki árar í bát



Sjómannslíf mun einkenna líf Birgis Leifs Hafþórssonar sem stefnir á að leika í Bandaríkjunum í vetur.

**Birgir Leifur Hafþórsson stóð í ströngu í haust þegar hann keppti á úrtökumótum fyrir evrópsku og bandarísku mótaröðina. Birgir náði ekki að komast inn á lokaúrtökumótin en þrátt fyrir mótlætið ætlar atvinnukylfingurinn úr GKG að leggja allt í sölurnar fyrir árið 2013.**

„Ætli „sjómannslífið“ verði ekki niðurstaðan ef planið gengur upp. Ég verð með búsetu hér á Íslandi á milli keppnis- og æfingatarna. Markmiðið er að spila og keppa meira í vetur en ég hef gert áður. Það eru mótaraðir í Bandaríkjunum sem eru valkostur og einnigúrtökumót fyrir kanadísku mótaröðina sem fram fer í apríl,“ sagði Birgir, sem er 36 ára gamall og er eini íslenski karlkylfingurinn sem hefur náð að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótaröðinni.

Birgir telur meiri líkur á því að hann reyni fyrir sér í Bandaríkjunum en Evrópu.

„PGA-mótaröðin er að breyta kerfinu hjá sér varðandi hvernig kylfingar fá keppnisrétt á stærstu mótaröð heims. Þeir hafa keypt litlar mótaraðir sem eiga að vera stökkpallur inn á stóra sviðið. Þar geta kylfingar sýnt hvað í þeim býr yfir lengri tíma. Markmiðið er að fara í golftarnir í 2-3 vikur í einu og koma til Íslands þess á milli,“ sagði Birgir, sem ætlar sér að koma sterkur til leiks næsta sumar þegar keppni í Evrópu hefst að nýju.

„Ég verð með svipaða stöðu hvað varðar áskorendamótaröðina, og þar fæ ég kannski 5-8 mót, en sú törn byrjar ekki fyrr en í maí. Það væri stórkostlegt ef ég gæti tekið gott tímabil í vetur við bestu aðstæður.“

Besti árangur Birgis sl. sumar var 5. sæti á móti sem fram fór í Danmörku í ágúst og í maí í fyrra var Birgir nálægt sigri á móti sem fram fór á Ítalíu, en þar endaði hann í þriðja sæti. „Ég finn það að ég er á réttri leið.  Miðað við hve fá tækifæri ég hef fengið finnst mér þetta hafa gengið ágætlega og allt er á réttri leið. Getan er til staðar en ég þarf að komast á fleiri mót til þess að ná að bæta mig enn frekar og nálgast þá allra bestu.“

„Ég hef í raun ekki átt heilt tímabil frá árinu 2007. Ég hef verið hér á Íslandi fyrir vetrartímann og það eru ekki margir atvinnukylfingar sem eru að slá í net og vippa í inniaðstöðu. Í raun trúa kollegar mínir því ekki að við séum að reyna að gera þetta með þessum hætti á Íslandi. Ég vona svo sannarlega að þessi áætlun hjá mér gangi upp – og ég væri aldrei sáttur ef ég myndi ekki nýta tækifærið á meðan ég hef enn brennandi metnað til að komast alla leið á stóru mótaraðirnar,“ sagði Birgir.





# Helgarblað Fréttablaðsins






## Ekki nógu mikill elskhugi

„Það virðist vera eitthvað í fasi mínu og leikstíl sem fólki finnst ekki samræmast þeim hugmyndum sem það gerir sér um elskhugann. Ég teikna persónurnar dálítið skýrum dráttum og kannski er það þess vegna sem hlutverk illmennanna verða frekar á vegi manns,“ segir Björn Thors.

## Meðal efnis núna um helgina



### Toffí, tvíreykt og tannlausir afar

Tímarnir breytast og molarnir með, en ást Íslendinga á Mackintosh deyr aldrei. Hvort sem þú spyrð prest, femínista, þingmann eða kennara; þá eiga allir sinn uppáhaldsmola.



### Fluttur í Garðabæ eftir sextán ár í London

Gítarleikarinn Friðrik Karlsson er fluttur heim til Íslands eftir sextán ára dvöl í London. Hann hefur komið sér fyrir í Garðabænum með fjölskyldu sinni.



### Gengu fram á óþekktar minjar

Ómar Smári Ármannsson, lögreglumaður, fornleifafræðingur og áhugamaður um náttúru og menjar á Reykjanesi, segir mannvistarleifar við Grindavík mögulega eldri en talið er.



### Bindi eða slaufa?

Örn Úlfar Sævarsson líkir slaufumanninum við Indiana Jones en Jakob Hrafnsson segir bindismanninn töffara inn að beini.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

FITON / SÍA

Tilboðin gilda **14. - 16.** desember




Jólabókin leynist í nettó

MÁLVERK
**10.423** KR




DAGBÓK EDDU BJÖRGVINS
**3.699** KR




LEYNDARMÁL HUNDAÞJÁLFUNAR
**3.699** KR




JÓLARÉTTIR SIGGA HALL
**2.645** KR




DÓTTIR HÚSHJÁLPARINNAR
**2.723** KR




ÞÚ AFHJÚPAR MIG
**2.645** KR




ÚTKALL SONUR ÞINN ER Á LÍFI
**3.294** KR




UNG Á ÖLLUM ALDRI
**3.493** KR



VÍÐIDALSÁ OG FITJÁ
**5.243** KR




VÖTN OG VEIÐI
**2.843** KR

nettó
Kræsingar & kostakjör
bækur

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Aldrei áður þurft að sitja á bekknum

Helena Sverrisdóttir er farin að spila stærra hlutverk hjá liði sínu Good Angels Kosice í Slóvakíu eftir að hafa fengið fá tækifæri framan af tímabili. Helena er ein af bestu þriggja stiga skyttunum í Europleague eftir fyrstu sjö umferðirnar og liðið er í mjög góðri stöðu.

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir spilaði tæpar átján mínútur í tíu stiga sigri Good Angels Kosice á rússneska liðinu Nadezhda Orenburg í Evrópudeildinni á miðvikudagskvöld. Tækifæri Helenu framan af tímabili voru af skornum skammti en nú virðist vera að birta til.

„Þetta er loksins að gerast hægt og rólega. Þjálfarinn er að treysta mér betur og ég fæ fleiri mínútur sem er ágætt,“ sagði Helena og var sátt með framlag sitt í leiknum.

„Mér fannst ég standa mig mjög vel. Ég tók reyndar bara eitt skot en spilaði fína vörn og tók sjö fráköst sem er jákvætt. Að fá átján mínútur í svona hörkuleik er mjög gott. Mamma og pabbi voru á leiknum og þau sögðust aldrei nokkurn tímann hafa séð kvennakörfubolta á svo háu stigi,“ sagði Helena. Hafnarfjarðarmærin 24 ára hefur notið félagsskapar foreldranna síðustu tíu daga.

„Þau fóru reyndar heim í morgun en það er búið að vera mjög ljúft að hafa þau,“ segir Helena.

### Ósigrandi á heimavelli

Helena og félagar standa vel að vígi í riðli sínum í Evrópudeildinni eftir sjö leiki.

„Það eru fjögur lið sem eru mjög jöfn. Í þessi keppni er mjög erfitt að vinna á útivelli. Við höfum enn ekki tapað heima sem er mjög mikilvægt,“ segir Helena og kann greinilega vel við sig á heimavelli.

„Í gær var frábær stemning. Húsið var nánast fullt og fólk syngjandi og klappandi allan leikinn. Ég held að allur stuðningurinn sé stóra ástæðan fyrir því að við höfum ekki tapað þarna í vetur,“ segir Helena. „Jafnvel þótt við byrjum illa eða eigum slæma kafla þá líður okkur vel vitandi að þetta er okkar staður. Við komum alltaf til baka og það er mjög gaman að spila hérna,“ segir Helena.

### Aldrei áður þurft að sitja á bekknum

Helena viðurkennir að lífið í Kosice hafi verið erfitt framan af tímabili.

„Algjörlega. Mér leið ekkert vel. Á þessu stigi er körfubolti það eina sem maður gerir og það eina sem maður hugsar um. Þegar það gengur illa og þjálfarinn trúir ekki á þig eða annað er þetta mjög erfitt. Þetta er í fyrsta skipti á ferlinum sem ég hef þurft að sitja á bekknum í 35 mínútur í leik svo þetta var mjög erfitt,“ segir Helena sem naut góðs af stuðningi foreldranna og vinkvenna í liðinu.

„Mamma og pabbi töluðu við mig á hverjum degi og voru dugleg að hvetja mig áfram. Sömuleiðis vinkonur mínar úr liðinu því þeim fannst líkt og mér að ég ætti að spila meira. Ég hélt áfram að gera mitt besta á æfingum og þegar tækifærið kom var ég tilbúin,“ segir Helena en brotthvarf bandarísks leikmanns í byrjun nóvember opnaði dyr fyrir Helenu.

„Það var mikið drama í kringum hana og hún var látin fara. Þá loksins fékk ég stærra hlutverk. Mér tókst að standa mig og síðan þá hefur þetta verið á uppleið. Þjálfarinn var ekki að nota mig mikið en svo fékk ég tækifærið og sýndi honum að ég ætti að fá að spila meira.“

### Æft skotin aukalega

Skotnýting Helenu í Evrópudeildinni fyrir utan þriggja stiga línuna hefur vakið athygli. Eina skot Helenu í leiknum á miðvikudagskvöldið rataði ofan í en hún er með 50 prósent nýtingu sem verður að teljast afar gott. Helena segir að það hafi tekið tíma að venjast því hve miklu utar þriggja stiga línan sé í Evrópuboltanum en í háskólaboltanum í Bandaríkjunum.

„Það var mikil breyting og ég vissi að ég þyrfti að bæta skotin. Ég var ekki að skjóta vel á undirbúningstímabilinu og fyrstu leikjunum í deildinni svo ég fór að taka þrjár til fjórar skotæfingar aukalega í viku,“ segir Helena og æfingarnar hafa skilað sér.

„Ég hef fundið það að ég er að skjóta miklu betur í leikjum þegar ég er að skjóta aukalega svo ég mun halda því áfram.“

### Við erum öll frá sama landinu

Helena fór mikinn með íslenska landsliðinu í körfubolta á Norðurlandamótinu og var valin í úrvalslið keppninnar. Liðið lenti í þriðja sæti en óséð er hvert næsta verkefni liðsins verður. Karlalandsliðið í körfubolta leikur í Evrópukeppni á næsta ári líkt og í ár en kvennalið verður ekki sent til keppni.

„Að sjálfsögðu er þetta leiðinlegt,“ segir Helena en tekur fram að hún sé mjög ánægð fyrir hönd karlaliðsins.

„Það er leiðinlegt að sjá fótboltalandsliðið og handboltalandsliðið spila leiki. Við vorum vissulega með á Norðurlandamótinu en þar á undan spiluðum við ekki landsleik í tvö ár. Manni finnst þetta frekar ósanngjarnt enda erum við öll frá sama landinu. Við erum í einni af stóru íþróttagreinunum þremur. Af hverju getum við ekki líka tekið þátt?“ segir Helena. Hún ber þá von í brjósti að körfuknattleikssambandinu takist að finna fjármagn til þess að senda landsliðið til þátttöku á Evrópumótinu að ári.

kolbeinntumi@365.is



**Á ÖÐRU TÍMABILI Í SLÓVAKÍU** Helena Sverrisdóttir varð tvöfaldur meistari með Good Angels Kosice í fyrra en hún hefur leikið fyrstu tvö ár sín í atvinnumennsku með slóvakíska liðinu. MYND/GOOD ANGELS KOSICE

## Bestu þriggja stiga skyttur í Euroleague

| | |
|---|---|
| 1. Macchi, Famila Schio (7 af 13) | 53,8 prósent |
| 2. Aguilar, Sparta&K M.R. Vidnoje (11/22) | 50,0 prósent |
| **3. Helena Sverrisdóttir Good Angels (10/20)** | **50,0 prósent** |
| 4. Bjelica, Municipal Targoviste (5/10) | 50,0 prósent |
| 5. Augustus, Sparta&K M.R. Vidnoje (5/10) | 50,0 prósent |
| 6. Sharp, USO Mondeville (9/19 ) | 47,4 prósent |
| 7. Masciadri, Famila Schio (8/17) | 47,1 prósent |
| 8. Quigley, Good Angels Kosice (16/35) | 45,7 prósent |
| 9. Malashenko, Arras (9/20) | 45,0 prósent |
| 10. Marginean, Municipal Targoviste (12/27) | 44,4 prósent |



**Mamma og pabbi voru á leiknum og þau sögðust aldrei nokkurn tímann hafa séð kvennakörfubolta á svo háu stigi.**

*Helena Sverrisdóttir, leikmaður Euroleague-liðsins Good Angels Kosice*

# Alexander Petersson ekki með á HM á Spáni?

Íslenska landsliðið í handbolta er væntanlega að missa þriðja byrjunarliðsmanninn sinn fyrir heimsmeistaramótið í næsta mánuði.

**HANDBOLTI** Alexander Petersson hefur tilkynnt Handboltasambandi Íslands að hann verði ekki með landsliðinu á HM í handbolta á Spáni í næsta mánuði því þessi lykilmaður landsins segist þurfa á hvíld að halda eftir þráláta baráttu við axlarmeiðsli. Þetta kom fyrst fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Alexander Petersson er leikmaður Rhein Neckar Löwen og spilar þar undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara, sem þurfti oft að berjast fyrir því að Alexander spilaði fyrir íslenska landsliðið á undanförnum árum. Alexander hefur verið að glíma við axlarmeiðsli síðustu ár en hefur samt getað verið með í öllum helstu verkefnum íslenska landsliðsins á þeim tíma.

Alexander tilkynnti HSÍ fyrir nokkrum dögum að hann þyrfti á hvíld að halda vegna þessara þrálátu axlarmeiðsla. Alexander vill ekki fara í aðgerð heldur hvíla öxlina en hann hefur ekkert getað æft upp á síðkastið eftir að hafa leikið stórkostlega með Löwen-liðinu á þessu tímabili.

„Alex er slæmur í öxlinni og getur ekkert skotið á markið. Hann spilaði eitthvað í síðasta leik en skaut ekkert á markið. Við verðum bara að bíða og sjá hvað setur. Þetta er mjög erfið staða, bæði fyrir hann og landsliðið. Hann var frá í tvo mánuði síðast þegar þessi staða kom upp en þá mætti hann í landsliðsverkefnið og saup seyðið af því,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær.

Alexander hefur verið í stóru hlutverki hjá íslenska landsliðinu síðustu ár bæði í sókn og vörn. Aðeins Guðjón Valur Sigurðsson hefur skorað fleiri mörk á undanförnum fimm stórmótum íslenska landsliðsins og mikilvægi Alexanders í vörninni verður seint metið til fulls enda þar oft margra manna maki.

Fari svo að Alexander verði ekki með á Spáni þá er hann þriðji byrjunarliðsmaður landsliðsins sem heltist úr lestinni eftir Ólympíuleikana í London. Ólafur Stefánsson lagði landsliðsskóna á hilluna og Arnór Atlason varð fyrir því óláni að slíta hásin. Tveir af þessum mönnum eru örvhentir og þá er Rúnar Kárason enn meiddur. Íslenska landsliðið vantar því nauðsynlega hjálp á hægri vængnum þar sem íslenska liðið hefur verið með tvo heimsklassaleikmenn undanfarin ár. „Ég hef einhverjar hugmyndir um hverjir gætu leyst hann af ef það fer svo að hann spili ekki. Það er jafnvel til í dæminu að spila með rétthentan mann hægra megin,“ sagði Aron. - óój, bg

## Flest mörk á síðustu stórmótum

| | |
|---|---|
| 1. GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON | 214 |
| 2. ALEXANDER PETERSSON | 154 |
| 3. ARNÓR ATLASON | 121 |
| 4. SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON | 119 |
| 5. ÓLAFUR STEFÁNSSON | 107 |
| 5. RÓBERT GUNNARSSON | 107 |
| 7. ARON PÁLMARSSON | 103 |




**4,7 MÖRK Í LEIK** Alexander Petersson skoraði 28 mörk í 6 leikjum á Ólympíuleikunum í London. NORDICPHOTOS/GETTY


VERSLAÐU Á ÚTSÖLU ... FYRIR JÓL!
JÓLA BOMBA
ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!
AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!
FÁÐU SKIPTIMIÐA • Á ALLAR JÓLAGJAFIR!
KORPU OUTLET
Skiptimiði
Þessari vöru fæst skipt
í aðra vöru til:
FRÁ 15. DESEMBER ER OPIÐ TIL KL. 22 ...
... 23 Á ÞORLÁKSMESSU
10-12 Á AÐFANGADAG!
KORPU OUTLET
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400
TAX FREE
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# DAGSKRÁ



**> Stöð 2 kl. 19.50**

## Týnda kynslóðin

*Björn Bragi og félagar eru komnir í jólagírinn og koma víða við í Týndu kynslóðinni á Stöð 2 í kvöld. Dansstjarnan Helga Kristín sýnir karate-listir, þekktir Íslendingar fá útrás með öskrum, hljómsveitin Skálmöld verður í spjalli og margt fleira.*

## Í KVÖLD



### The Switch

**RÚV KL. 21.40** Jennifer Aniston og Jason Bateman leika bestu vinina Kassie og Wally í þessari gamanmynd. Sjö árum eftir að Kassie eignast son með hjálp sæðisgjafa kemst Wally að því að hann er raunverulegur faðir stráksins. Í ölæði hafði hann skipt á sæði sæðisgjafans sínu eigin.

Rotten Tomatoes 51% IMDb 5,9



### The Voice

**SKJÁR 1 KL. 21.25** Það er komið að undanúrslitaþættinum í þessum bandarísku raunveruleikaþáttum. Fjöldi hæfileikaríks fólks hefur lagt allt sitt að veði í þeirri von að ná frægð og frama fyrir rödd sína. Nú kemur í ljós hverjir stíga á svið á sjálfu úrslitakvöldinu 21. desember.

TV.COM 8,5 IMDb 6,7



### Pretty Little Liars

**POPPTÍVÍ KL. 21.45** Þegar Allison er myrt byrja vinkonur hennar, Spencer, Hanna, Aria og Emily að fá dularfull skilaboð á ýmsan hátt, öll með undirskriftinni A. Í ljós kemur að þessu A er enginn leikur í huga og nær fljótlega algjörri stjórn yfir stúlkunum og lífi þeirra.

TV.COM 8,8 IMDb 8,0

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun? **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir: Unglingakór Selfoss *(6.7)* **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**18.00 Turnverðirnir** *(3:10)*
**18.15 Hrúturinn Hreinn**
**18.25 Hljómskálinn** *(4:4) (e)* Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma. Gestur þáttarins er Sveppi.
**20.30 Útsvar** *(Ísafjarðarbær - Akureyri)* Spurningakeppni sveitarfélaga.
**21.40 Grunlaus pabbi** *(The Switch)*
**23.25 Vera – Litli Lasarus** *(Vera) (e)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi. Meðal leikenda eru Brenda Blethyn og David Leon.
**01.00 Öfund** *(Envy) (e)* Maður fyllist öfund í garð vinar síns eftir að sá efnast vel á nýstárlegri uppfinningu. Leikstjóri er Barry Levinson og meðal leikenda eru Ben Stiller, Jack Black, Rachel Weisz og Christopher Walken. Bandarísk gamanmynd frá 2004.
**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**10.20 Inkheart**
**12.05 Búi og Símon**
**13.35 Noise**
**15.10 Inkheart**
**16.55 Búi og Símon**
**18.30 Noise**
**20.05 The Dilemma**
**22.00 Pictures of Hollis Woods**
**23.35 Cleaverville**
**01.05 The Dilemma**
**02.55 Pictures of Hollis Woods**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(12:22)*
**08.30 Ellen** *(61:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(44:175)*
**10.15 Til Death** *(4:18)*
**10.40 Two and a Half Men** *(1:16)*
**11.05 Masterchef USA** *(7:20)*
**11.50 The Kennedys** *(1:8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum** Ástríkur og Steinríkur snúa aftur í meistaralega vel gerðri talsettri bíómynd.
**14.55 Game Tíví**
**15.20 Sorry I've Got No Head**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(62:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(14:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Simpson-fjölskyldan** *(16:22)*
**19.50 Týnda kynslóðin** *(14:24)*
**20.20 The X-Factor** *(24:27)* Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla þætti en talsverðar breytingar hafa verið gerðar á dómefndinni en auk þeirra Simons Cowell og L.A. Reid eru nú í hópnum engin önnur en Britney Spears auk bandarísku söng- og leikkonunnar Demi Lovato.
**21.50 The X-Factor** *(25:27)* Úrslitaþáttur
**22.40 In Bruges** Mögnuð hasarmynd um leigumorðingja sem bíður eftir næsta verkefni frá yfirmanni sínum meðan hann bíður í Brugge í Belgíu. Með aðalhlutverk fara Colin Farrell og Brendan Gleeson.
**00.30 The Eye** Hrollvekja af bestu gerð um unga konu sem skyndilega sér inn í framandi heima eftir að hafa farið í augnaskiptiaðgerð.
**02.05 Secretariat**
**04.05 Virtuality**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**09.00 The Royal Trophy 2012** BEINT frá spennandi golfmóti þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu eigast við.
**17.50 Spænsku mörkin**
**18.20 Enski deildarbikarinn: Swansea - Middlesbrough 8-liða úrslit.**
**20.00 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**20.35 La Liga Report**
**21.05 The Royal Trophy 2012** Útsending frá skemmtilegu golfmóti þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu eigast við.
**00.05 UFC 119** Útsending frá mögnuðu móti í blönduðum bardagalistum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**
**17.10 Sunderland - Chelsea**
**18.50 Arsenal - WBA**
**20.30 Premier League World 2012/13**
**21.00 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna og spáð í spilin fyrir leikina sem eru fram undan.
**21.30 Football League Show 2012/13**
**22.00 Aston Villa - Stoke**
**23.40 Premier League Preview Show 2012/13**
**00.10 Man. City - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Strumparnir**
**09.30 Brunabílarnir**
**09.50 Ofurhundurinn Krypto**
**10.15 Histeria!**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(17:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(3:25)*
**19.00 Friends** *(11:24)*
**19.25 The Simpsons** *(22:23)*
**19.50 How I Met Your Mother** *(12:20)* Í þessari þriðju seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.15 The Secret Circle** *(17:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**21.00 The Vampire Diaries** *(17:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.45 Pretty Little Liars** *(18:25)*
**22.30 Sons of Anarchy** *(4:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**23.15 The Secret Circle** *(17:22)*
**00.00 The Vampire Diaries** *(17:22)*
**00.45 Pretty Little Liars** *(18:25)*
**01.30 Sons of Anarchy** *(4:13)*
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.05 Doctors** *(91:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(14:24)*
**19.00 Ellen** *(62:170)*
**19.45 Það var lagið**
**20.40 Idol-Stjörnuleit**
**21.45 Entourage** *(8:12)*
**22.15 Það var lagið**
**23.10 Idol-Stjörnuleit**
**00.15 Entourage** *(8:12)*
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Top Chef** *(2:15) (e)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Survivor** *(6:15) (e)*
**19.00 Running Wilde** *(4:13) (e)*
**19.25 Solsidan** *(4:10) (e)*
**19.50 America's Funniest Home Videos** *(39:48) (e)*
**20.15 America's Funniest Home Videos** *(9:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.40 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Pátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Daniella og Celia halda áfram að reyna og nýliðarnir Omar og Gabriella fá einnig sitt tækifæri.
**21.25 The Voice** *(14:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau: Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.
**23.00 Excused** Nýstárlegur stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**23.25 House** *(13:23) (e)*
**00.15 CSI: New York** *(17:18) (e)*
**01.05 A Gifted Man** *(15:16) (e)*
**01.55 Last Resort** *(4:13) (e)*
**02.45 CSI** *(9:23) (e)*
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** US Open **2006** - Official Film **09.15** Golfing World **10.05** Solheim Cup **2011** *(1:3)* **16.10** Golfing World **17.00** Opna breska meistaramótið **2011** *(4:4)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun





MEISTARINN EFTIR HJORTH OG ROSENFELDT

EFTIR HÖFUND BRÚARINNAR



Hörkuspennandi saga, þar sem réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman – sem lesendur elska að hata – fær tækifæri til að koma lífi sínu á réttan kjöl. En greiðir það dýru verði. Ekta sænskur eðalkrimmi!

ÞÝÐANDI: HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

PIPAR\TBWA • SÍA • 122939



# ALLT Í PAKKA VEIÐIMANNSINS!

TAKTU ÞÁTT Í **LEIKNUM** Á FACEBOOK!

**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| LAUGARD. 15. DES. | 10.00–18:00 |
| SUNNUD. 16. DES. | 12.00–18.00 |
| MÁNUD. 7. DES. | 10.00–22.00 |
| ÞRIÐJUD. 18. DES. | 10.00–22.00 |
| MIÐVIKUD. 19. DES. | 10.00–22.00 |
| FIMMTUD. 20. DES. | 10.00–22.00 |
| FÖSTUD. 21. DES. | 10.00–22.00 |
| LAUGARDAGUR 22. DES. | 10.00–22.00 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 12.00–23.00 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10.00–12.00 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |



**LEATHERMAN WAVE**
Fjölnota verkfæri.
**19.526 KR.**



**LOOP SETT**
Þriggja hluta í vönduðum geymsluhólk ásamt hjóli og línu .
**29.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

26% AFSLÁTTUR



**HAWKE SJÓNAUKI**
10X25 stækkun með 10x stækkun. Þægilegur í göngur og fer vel í vasa.
**4.990 KR.**



**DEBEN EYRNAHLÍFAR**
Vandaðar heyrnarhlífar fyrir skotmenn með umhverfishljóðnema.
**14.990 KR.**



**LAMBHÚSHETTA**
Ein stærð.
**4.990 KR.**



**ALLEN RANGEMASTER SKOTGLERAUGU**
**1.990 KR.**



**ABU VEIÐIHJÓL**
**13.990 KR.**



**ELBE ELIAS BARNA VEIÐIVESTI**
**4.990 KR.**



**ALLEN BELTISTASKA**
Rúmgóð taska með góðum vösum.
**9.990 KR.**



23% AFSLÁTTUR

**HORNADY HLEÐSLUSETT**
Námskeið innifalið í verði.
**53.892 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.



**ABU VEIÐITASKA MEÐ HILLUM**
**4.990 KR.**



**ENNISLJÓS**
**4.250 KR.**



27% AFSLÁTTUR

**SMOKEHOUSE REYKOFN**
Stærð XL
**58.393 KR.**
VERÐ ÁÐUR 79.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## HELGIN



**„Í kvöld ætla ég að hafa það virkilega gott með fjölskyldunni. Á morgun verð ég aðallega í vinnu en á sunnudag ætlum við fjölskyldan niður í miðbæ að fá okkur heitt kakó, skoða í búðarglugga og fá jólastemninguna beint í æð.“**

Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir hönnuður. Sunneva framleiðir vörur sem eru prjónaðar úr mokkaskinni.

# Semur tónlist fyrir tvær breskar kvikmyndir

## Tónlistarmaðurinn Biggi Hilmars blandar saman ólíkum hljóðfærum í sínu viðamesta verkefni hingað til.

„Ég hef áður gert tónlistina fyrir tvær kvikmyndir í fullri lengd en þessar eru tvímælalaust stærri,“ segir tónlistarmaðurinn Biggi Hilmars.

Biggi er staddur í Glasgow þessa dagana að semja tónlist við bresku kvikmyndina My Brother The Ark Raider ásamt félaga sínum Scott Twynholm. „Við Scott erum búnir að sitja við síðustu þrjá daga að leika okkur og spinna af fingrum fram. Við blöndum saman alls kyns ólíkum hljóðfærum og reynum þannig að túlka þær blendnu en sterku tilfinningar sem eru í myndinni,“ segir Biggi og nefnir sem dæmi að þeir hafi dregið fram hörpu, banjó, gítar og píanó.

Nýlega lauk Biggi við að semja tónlist fyrir aðra mynd, Brash Young Turks, sem er hans stærsta mynd hingað til og leikstýrt af bræðrunum Ash og Naeem Mahmood. „Ég reikna alveg með að sú mynd komi í bíóhús á Íslandi snemma á næsta ári,“ segir Biggi. Hann er nýlega fluttur aftur heim til Íslands eftir að hafa verið búsettur í Bretlandi síðustu sex ár. Hann fer þó út reglulega í alls kyns verkefni eins og þetta, auk þess sem hann reynir að taka verkefni með sér heim. „Ég var að vinna hjá Universal í London og var þar aðallega að semja fyrir auglýsingar eða stuttar kvikmyndir. Þetta er því öðruvísi en það sem ég hef verið að gera. Það er meira frelsi í þessu og ég fæ að gera þetta eftir tilfinningu. Það er ekkert of ákveðið og það er alveg frábært,“ segir Biggi. - trs



**NÝFLUTTUR HEIM** Þrátt fyrir að vera nýfluttur aftur heim á Frón eftir sex ár í Bretlandi ferðast Biggi samt mikið utan til að vinna.








**HJÁ JAY LENO** Hljómsveitin Of Monsters and Men ætlar að semja lög á næstu plötu sína í Garðabæ. NORCIPHOTOS/GETTY

# Æfa í gamalli fjölbraut

## Of Monsters and Men hreiðrar um sig í gamla Fjölbrautaskólanum í Garðabæ

Hljómsveitin Of Monsters and Men er að láta útbúa fyrir sig æfingarými í húsinu þar sem Fjölbrautaskóli Garðabæjar var áður til húsa. Rýmið ætlar hljómsveitin að nota til að semja lög á sína næstu plötu. Framkvæmdir hafa staðið yfir í húsinu að undanförnu til að gera allt klárt fyrir hljómsveitina.

Aðspurð segir umboðsmaðurinn Heather Kolker að ekkert hljóðver verði í húsnæðinu. „Þau hafa ekki efni á því að byggja sitt eigið hljóðver en auðvitað dreymir þau um það einn góðan veðurdag. Þau geta ekki gert það alveg strax,“ sagði hún.

Of Monsters and Men er þessa dagana á umfangsmikilli tónleikaferð um Bandaríkin. Eins og kunnugt er spilaði sveitin í kvöldþætti Jay Leno á sjónvarpsstöðinni NBC í annað sinn á þessu ári fyrir skömmu þar sem hún flutti lagið Mountain Sound af plötu sinni My Head Is an Animal sem hefur slegið rækilega í gegn um heim allan. Um fjórar milljónir horfa á Jay Leno að jafnaði og því er um geysilega mikla kynningu að ræða fyrir hljómsveitina, sem kemur svo heim um jólin og heldur tvenna tónleika á sínum „gamla heimavelli“ Faktorý í byrjun janúar.

Tónleikaferðin um heiminn heldur svo áfram af fullum krafti á næsta ári þar sem ferðast verður út um allar trissur, þar á meðal til Japans, Ástralíu og Evrópu. Sveitin er þegar búin að bóka sig á fjölda tónlistarhátíða næsta sumar, þar á meðal á T in the Park í Skotlandi, Lollapalooza í Brasilíu og Oya í Noregi. Einnig spilar hljómsveitin á hátíðinni Rock-A-Field í Lúxemborg þar sem rokkararnir í Queens of the Stone Age verða aðalnúmerið. Eins og áður hefur verið greint frá mun Mugison hita upp fyrir Of Monsters and Men á væntanlegri tónleikaferð um Evrópu í febrúar og mars. Líklega hefur hann með í för hljóðfærið sitt Mirstrument sem hann ætlar einmitt að nota á Sónar-hátíðinni í Hörpu í febrúar.

freyr@frettabladid.is

### Eldskírn í kvöldþætti Jay Leno

Hljómborðsleikarinn Steingrímur Karl Teague úr hljómsveitinni Moses Hightower hlaut mikla eldskírn þegar hann spilaði með Of Monsters and Men í kvöldþætti Jay Leno á dögunum. Steingrímur gekk til liðs við sveitina á tónleikaferð hennar um Bandaríkin eftir að hljómborðsleikarinn Árni Guðjónsson sagði óvænt skilið við sveitina og var nýbyrjaður að spila með henni þegar hún steig á svið í þættinum. Um fjórar milljónir manna horfa daglega á Jay Leno og því hafa taugar Steingríms vafalítið verið þandar til hins ítrasta þegar upptökuvélarnar byrjuðu að rúlla.



# Elda og gleðjast til styrktar SÁÁ

## Yfirkokkur veitingastaðar Jamies Oliver í London eldar fyrir landann.

„Mér fannst það svo fallegt sem þeir eru að gera þarna úti að mig langaði að setja upp kvöld í þeirra anda hér,“ segir Leifur Kolbeinsson, eigandi Kolabrautarinnar.

Andrew Parkinsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Fifteen í London, er væntanlegur hingað til lands í janúar ásamt fríðu föruneyti. Staðurinn er í eigu sjónvarpskokksins Jamies Oliver. Jamie, sem stofnaði hann árið 2002 í tengslum við verkefni sem snýst um að hjálpa ungu fólki í erfiðleikum. „Hann tekur krakka inn á veitingastaðinn og kennir þeim og hjálpar. Svo fer allur ágóði Fifteen í styrktarsjóð til að hjálpa ungu fólki í erfiðum aðstæðum,“ segir Leifur.

Styrktarkvöldið verður haldið á Kolabrautinni 19.janúar. Aðgangseyrir með mat og víni er 15.000 krónur og rennur hann óskertur í unglingastarf SÁÁ. Gallerí 8 gefur einnig listaverk á hljótt uppboð til styrktar málefninu og öll vinna kvöldsins og hráefnið fyrir hana er gefið. Andrew og félagar annast eldamennskuna en kokkar Kolabrautarinnar verða þeim til aðstoðar. „Ég skræli það sem þeir segja mér að skræla,“ segir Leifur og hlær. Miðasala hefst í næstu viku og verður hægt að nálgast allar upplýsingar á Kolabrautinni.



**GEFUR TIL BAKA** Árið 2002 byrjaði Jamie Oliver að gefa til baka til samfélagsins með stofnun veitingastaðarins Fifteen og sjóðsins til að styrkja og aðstoða ungt fólk í vandræðum.


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

vísir - oft á dag

NÝTT KORTATÍMABIL

# ÚTIVISTAR MARKAÐUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

DARE 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



# NÝJAR VÖRUR

## HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA

**DÖMU & HERRA FATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 3.990,-
SOFTSHELL PEYSUR 4.990,-
STRETCH BUXUR 7.990,-
SOFTSHELL BUXUR 7.990,-
ÚLPUR 8.990,-
SNJÓBUXUR 8.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.990,-
SKYRTUR 4.490,-
SKYRTUR FÓÐRAÐAR 5.990,-
KÁPUR 9.990,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**BARNAFATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 2.490,-
SOFTSHELL PEYSUR 3.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.490,-
REGNBUXUR 1.490,-
REGNJAKKAR 4.990,-
FÓÐRAÐAR BUXUR 3.990,-
SNJÓBUXUR 7.490,-
ÚLPUR 7.490,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

facebook/
Útivist og Sport

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Egill á Andlitsbókina

Tónlistarmaðurinn **Egill Ólafsson** lét slag standa í byrjun mánaðarins og er mættur af fullum krafti á samskiptamiðillinn Facebook. Hann virðist hafa stofnað síðuna fyrir nokkrum árum en ekki byrjað að nýta sér möguleika miðilsins fyrir alvöru fyrr en í byrjun mánaðarins. „Jæja, lét loksins verða af því að feisa feisbúkkið – þar virðist bara vera dýrðarlogn,“ skrifar Egill í sinni fyrstu stöðuuppfærslu en tónlistarmaðurinn á eflaust eftir að uppgötva kosti miðilsins. Egill er þessa dagana með nýja plötu í jólaflóðinu sem nefnist Vetur.



### Auglýsa gæsun í Monitor

Hátíðarnar eru vinsæll tími fyrir brúðkaup hjá atvinnumönnum landsins. Fótboltamaðurinn **Davíð Þór Viðarsson** ætlar til að mynda að ganga að eiga unnustu sína til margra ára, Sigríði Erlu Viðarsdóttur, um jólin. Í tímaritinu Monitor í gær var fólk hvatt til þess að mæta fyrir utan IKEA á laugardagsmorgun til að sjá listrænan gjörning Sigríðar Erlu. Verður að teljast nokkuð líklegt að þarna sé um gæsun að ræða og að Sigríður megi þakka vinkonum sínum fyrir þessa auglýsingu í Monitor.

**- kg, sv**



## Mest lesið vísir

1. María Birta rekin úr Kringlunni – „Eins skitin framkoma og mögulegt er“ 6524
2. Mikil leit að sjómanni sem féll fyrir borð af Múlaberginu 5634
3. Sveitarstjórinn með tárin í augunum 5624
4. Óvænt brúðkaup í hádeginu – Nýbakaður eiginmaður eyðir nóttinni með skipstjóranum 4932





